



## 10. Húsnæðismálin

### 1. Úttekt Háskólanefndar á húsnæðismálum

Eitt meginefna í sögu Háskólans á því tímabili sem hér er til umfjöllunar var án efa húsnæðismálin. Í Háskólanefndinni sem skipuð var árið 1966 var miklu púðri eytt í þetta mál, enda var sú spurning orðin áleitin hvernig hýsa ætti allan mannskapinn sem kvaddi dyra hjá stofnuninni.<sup>1</sup> Hafði nefndin gert ráð fyrir að upp úr 1980 yrði stúdentafjöldinn orðinn vel á fjórða þúsund og hefði þar með þröfaldað á rúmum áratug.<sup>2</sup> Hlaut þetta m.a. að kalla á auknar fjárveitingar, og var það skoðun Háskólanefndar að ekki mætti „gera ráð fyrir öllu minni aukningu útgjalda Háskólans til rekstrar og bygginga næsta áratuginn en um 15% á ári, reiknað í föstu verðlagi“.<sup>3</sup>

Um miðjan sjöunda áratuginn hafði ekki verið byggt eiginlegt kennsluhúsnæði við skólann í áraraðir eða allt frá því að aðalbygging Háskólans var vígð 1940. Háskólabíó hafði verið tekið í notkun á árunum 1961–62,<sup>4</sup> en Háskólanefnd var þó ekki alls kostar ánægð með byggingu þess. Eins og nefndin orðaði það miðaði hún að „fullnægingu almennra samfélagsþarfa frekar en þarfa háskólans“, og raunar taldi nefndin að sú framkvæmd hefði staðið annarri byggingarstarfsemi fyrir þrífum, enda hefði háskólaráð orðið að „festa mikið fé í þessari byggingu og tók það fyrir aðra byggingarstarfsemi“. Þannig hefði það ekki verið „fyrir en með byggingu húss Raunvísindastofnunarinnar og Árnagarðs eftir 1964, sem að nýju fer að kveða að byggingarstarfsemi í þágu háskólans“.<sup>5</sup>

Háskólanefndin gerði grein fyrir því húsnæði sem Háskólinn hafði til umráða um það leyti sem skýrslan kom. Voru þetta aðalbygging Háskólans og kennslustofa og lestrarstofur í Landspítala auk Tannlæknadeildar sem þar var einnig til húsa. Þá hafði skólinn til umráða húsnæði að Aragötu 9, Íþróttahús, hús Atvinnudeildar og Rannsóknarstofu Háskólans. Þar að auki má telja húsnæði að Eiríksstöðu 31, Tjarnargötu 26, Tjarnargötu 44 og gömlu loftskýtastöðina, „að því leyti, sem háskólinn notar þessi hús fyrir kennslustofur, vinnuherbergi, lestrarsali og rannsóknarstofur“.<sup>6</sup> Verulega útsjónarsemi hefur þurft til að raða starfsemi skólans niður á þetta húsnæði svo vel færi.

<sup>1</sup> *Efning Háskóla Íslands*, 1.

<sup>2</sup> *Efning Háskóla Íslands*, 4.

<sup>3</sup> *Efning Háskóla Íslands*, 8.

<sup>4</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 200.

<sup>5</sup> *Efning Háskóla Íslands*, 52.

<sup>6</sup> *Efning Háskóla Íslands*, 61–62. Í upptalningunni hafa „bókageymslur í aðalbyggingu ekki verið taldar með, og ekki heldur stúdentagarðarnir, Háskólabíó, Íþróttahúsið, að því er varðar sjálfa íþróttarstarfsemina, Náttúrugripasafnið og húsnæði Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum“.





## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.10 HÚSNÆÐISMÁLIN

Hér er rétt að gera nokkra grein fyrir vinnubrögðum Háskólanefndar við skipulagningu húsnæðismála. Nefndin gekk til verks af nákvæmni, reiknaði út fermetrafjölda húsnæðis og bar saman við tölur um sama efni við háskóla erlendis. „Háskólinn hefur nú til afnota um það bil 5900 fermetra húsnæðis“, sagði nefndin. Þetta svaraði til um „5 fermetra nettó á hvern stúdent á s.l. háskólaári, miðað við að um 1170 stúdentar hafi þá raunverulega verið við nám í háskólanum“. Nefndin miðaði m.a. við stöðu húsnæðismála við háskólana í Kaupmannahöfn og Árósum en benti þó á að þar væru „þrengslin einna mest í hugvísindadeildum, en hér vantar aftur á móti ekki sízt sérhúsnæði fyrir raunvísindaeildir, þ.e.a.s. læknadeild, tannlæknadeild og verkfræði- og raunvísindadeild“.<sup>7</sup> Og þar sem staðlar um húsnæðisþörf fyrir raunvísindagreinir væru að jafnaði miklu hærri en fyrir hugvísindagreinir yrði að gera ráð fyrir meira húsnæði á hvern stúdent hér á landi en við þessa dönsku háskóla. Ástæðan væri fyrst og fremst sú að verkfræði væri ekki kennd við þessa skóla, og því yrði að reikna með „hlutfallslega fleiri stúdentum í raunvísindagreinum við háskólann hér en í Danmörku“.<sup>8</sup>

Jafnframt benti nefndin á að þarfir Háskóla Íslands fyrir húsrými væru að mörgu leyti ólíkar því sem annars staðar gerðist, og réðist það af smæð stofnunarinnar. „Háskólinn er lítil stofnun og verður jafnvel eftir 1980 mun minni en flestir erlendir háskólar.“ Sagði í skýrslunni að þetta yki „þarfirnar fyrir húsrými á hvern stúdent að nokkru marki“, en á móti þessu kæmi þó að Háskólinn héldi ekki uppi kennslu í þeim greinum sem krefðust mests húsnæðis eins og framhalds- og sérgreinanámi í raunvísindagreinum. Þannig væri gert ráð fyrir því í tillögum Verkfræðideildar um framtíðarfyrirkomulag að „sérgreinar ... [yrðu] í flestum tilvikum stundaðar erlendis“. Þetta mundi þó ekki aðeins gilda um Verkfræði- og raunvísindadeild heldur einnig aðrar greinar Háskólans og mundi „draga úr húsnæðisþörfum hans samanborið við flesta erlenda háskóla“.<sup>9</sup>

Slíkir og þvílíkir útreikningar og pælingar lágu að baki tillögum Háskólanefndar í húsnæðismálum. Á grundvelli upplýsinga um húsnæðisþörf og áætlana um fjölgun nemenda dró nefndin upp þrjár „sviðsmyndir“ eða dæmi. Fyrsta dæmið gerði ráð fyrir óbreyttum fermetrafjölda á hvern stúdent eða fimm fermetrum. Í öðru dæminu var aftur á móti miðað við hámarksóskir um húsnæði eða 13–15 fermetra á hvern stúdent, en þetta dæmi virðist fyrst og

<sup>7</sup> *Efning Háskóla Íslands*, 61–62.

<sup>8</sup> *Efning Háskóla Íslands*, 64.

<sup>9</sup> *Efning Háskóla Íslands*, 62–63.





## II.10.1 ÚTTEKT HÁSKÓLANEFNDAR Á HÚSNÆDISMÁLUM



*Loftmynd af háskólasvæðinu árið 1961. Hér má sjá Gamla garð, Atvinnudeildarhúsið, aðalbyggingu Háskólans, Íþróttahúsið og Nýja garð. Handan Suðurgötu er Háskólabíó, en Bændahöllin (Hótel Saga) skýggir á anddyri þess.*

fremst hafa verið sett fram sem nokkurs konar framtíðarsýn eða „hugsjón“, þótt það væri óraunhæft eins og sakir stóðu. Þriðja leiðin og sú sem nefndin lagði til var síðan ákveðinn millivegur á milli hinna tveggja, eða „nokkurn veginn á miðju þess bils, sem hin dæmin tvö marka“. Lagði hún til að aukningin á byggingarstarfsemi gerðist í áföngum þannig að stefnt væri að því að árið 1975 hefðu bæst við „8900 ferm. að flatarmáli nettó“. Þetta samsvaraði því að kæmu „tæpir 6 ferm. á hvern þeirra 2500 stúdenta, sem væntanlega ... [yrðu] í háskólanum 1975, og er þetta um 20% hærri staðall en nú“. Fram til um 1980 eða svo mundi „aftur á móti vera byggt um það bil tvisvar sinnum meira húsrými, eða rúmlega 15 þús. ferm. nettó“. Mundi heildarhúsrými skólans þá samsvara 9–10 fermetrum á hvern stúdent, en gert var ráð fyrir að þeir yrðu þá um 3.200. Ef þessi áform yrðu að veruleika myndi húsrýmið næstum tvöfaldast á þessum u.þ.b. tíu árum.<sup>10</sup>

Nefndin virðist hafa gert sér grein fyrir því að þessir útreikningar kynnu að reynast einhverjum tormeltir, og leitaðist hún því einnig við að setja þá í annað, sjónrænna og áþreifanlegra samhengi. Þannig setti hún tillögur sínar um aukið húsnæði næsta áratuginn í samband við þær tvær byggingar sem nýjastar voru á háskólasvæðinu, Árnagarð og hús Raunvísindastofnunar. En byggingarstarfsemin sem áætluð var á árunum 1970–74 „svaraði ... til 9 raunvísindastofnana, eða hér um bil tveggja á ári, eða til 5 Árna-

<sup>10</sup> *Efning Háskóla Íslands, 63–65.*

garða, að meðtöldum þeim hluta Árnagarðs, sem handritastofnuninni tilheyrir“. Þetta samsvaraði því að einn Árnagarður yrði byggður á ári. Á árunum 1975–79 yrðu byggingarnar aftur á móti „næstum tvisvar sinnum meiri en þetta, eða 16 raunvísindastofnanir, þ.e. rúmlega 3 á ári, eða 9 Árnagarðar, þ.e. hér um bil tveir á ári“. Að mati nefndarinnar sýndi þetta dæmi „bezt, um hve mikla byggingarstarfsemi yrði að ræða samanborið við það, sem verið hefur [og] hvílkis undirbúnings slík starfsemi krefðist“. <sup>11</sup> Það var líka deginum ljósara að stórfé þurfti til slíkra framkvæmda, en hvernig átti að afla þess var annar handleggur og baggi sem lá á yfirvöldum skólans allt það tímabil sem hér um ræðir. <sup>12</sup> Tekjur af Happraætti Háskólans höfðu verið sá stofn sem sótt var í til nýbygginga skólans, og „allt fram um 1970, voru flestar byggingar Háskólans, aðrar en stúdentagarðarnir, einvörðungu reistar fyrir happraættisfé, þ. e. þann ágóða, sem til Háskólans rann af rekstri Happraættisins“. Árið 1970 og í nokkur ár þar á eftir var svo jafnframt veitt fé til nýbygginga úr ríkissjóði að tillögu Háskólanefndar, og þá lét ríkissjóður enn framlag rakna árin 1980–82. <sup>13</sup>

## 2. Ný hús á sjöunda og áttunda áratugnum

Í mars árið 1963 hafði háskólaráð lýst því yfir að ef ákveðið yrði að reisa sérstaka byggingu fyrir Handritastofnun fengi hún til þess lóð á umráðasvæði Háskólans, en forsenda fyrir þessari heimild var að Háskólinn gæti einnig nýtt húsið að einhverju leyti. <sup>14</sup> Byggingarnefnd hússins var síðan skipuð í júní 1964. <sup>15</sup>

Í ræðu sinni á háskólahátíð þann 24. október 1964 gerði rektor áform um bygginguna að umtalsefni og lýsti því hvernig húsið mundi gagnast íslenskum fræðum en um leið vera lóð á þá vogarskál að leysa úr hinum stöðuga húsnæðisskorti. Jafnframt því sem „þessi nýja bækistöð íslenskra fræða ... verði þeim til mikils gagns og styrktar“ þá væri hitt „og ljóst, að þetta hús mun greiða verulega úr húsnæðisvandræðum Háskólans í heild, þar sem hvort tveggja er, að húsnæði losnar í aðalbyggingu við það, að íslensk fræði flytjast í hið nýja hús, og auk þess mun hið nýja hús verða öðrum deildum beint og óbeint til gagnsemdar“. <sup>16</sup>

Hinni nýju miðstöð íslenskra fræða var upphaflega ætlaður staður þar sem húsið Lögberg stendur nú, en fljótt varð þó ljóst að húsið var of stórt til að geta rúmast á þeim stað. Í fundargerðabók háskólaráðs þann 3. febrúar 1966 sagði að byggingarnefnd legði til

<sup>11</sup> *Efning Háskóla Íslands*, 65.

<sup>12</sup> Sjá t.d. *HÍ*. BA4: 179. Rektorsskrifstofa 1966–1977. Bréfasafn. Skýrsla um húsnæðisþarfir Háskólans á árunum 1977–1981.

<sup>13</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 25, 255, 454.

<sup>14</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1962–63, 33. – Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 294.

<sup>15</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1963–64, 32–33.

<sup>16</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1964–65, 9.



*Árnagarður, miðstöð íslenskra fræða í Háskóla Íslands, tekinn í notkun haustið 1969.*

„að húsinu verði valinn staður milli íþróttahúss og kennarabyggðar. Háskólaráð fellst á þessa tillögu byggingarnefndar og felur henni að vinna að málinu á þeim grundvelli og láta gera model af byggingunni á hinum nýja stað.“<sup>17</sup> Embætti húsameistara ríkisins var falið að teikna og hanna húsið, og Kjartan Sigurðsson arkitekt fékk það verkefni að gera teikningarnar.<sup>18</sup> Á fundi háskólaráðs þann 23. febrúar 1967 var síðan samþykkt að húsinu skyldi gefið heitið Árnagarður.<sup>19</sup> Framkvæmdir við byggingu Árnagarðs hófust árið 1967, og var húsið tekið í notkun um haustið 1969. Fór vígslan fram þann 21. desember það sama ár.<sup>20</sup>

Lóðinni á milli aðalbyggingar og Nýja garðs var nú enn óráðstafað, og lá beint við að hefja byggingarframkvæmdir á þeim stað. Í marsmánuði árið 1969 ákvað háskólaráð að byggt skyldi á lóðinni, og „[s]amþykkt með 5 samhljóða atkvæðum að hið nýja hús verði framtíðaraðsetur lagadeildar“.<sup>21</sup>

Sumarið 1970 hófust byggingarframkvæmdir við Lögberg eða rúmu ári eftir að háskólaráð hafði fyrirskipað að í þær skyldi ráðist. Var fyrsta hæðin tekin í notkun haustið 1971 og ári síðar húsið allt.<sup>22</sup> Þá var ennfremur tekin ákvörðun um nafn þessarar byggingar sem hýsa átti íslenska lögspeki, en á fundi í háskólaráði þann 1. júní 1972 var lagt fram bréf frá Lagadeild þar að lútandi. Kom þar fram að deildarfundur hefði „samþykkt með 6 atkvæðum gegn 1 að húsi Lagadeildar verði gefið nafnið Úlfjótsgarður“. Þessari ákvörðun

<sup>17</sup> HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs 3. feb. 1966, 397.

<sup>18</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 301.

<sup>19</sup> *Árbók Háskóla Íslands 1966–67*, 47. – Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 307.


<sup>20</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 307.

<sup>21</sup> HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs 17. mars 1969, 113–14. – *Stúd-entablaðið 1970* 4. tbl., 5.

<sup>22</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 308.



## II. GRUNNMENTUNARSKÓLINN – II.10 HÚSNÆÐISMÁLIN



*Laganemar í kennslustund í Lögbergi.*

var þó snúið við að tillögu Þórs Vilhjálmssonar varadeildarforseta og formanns byggingarnefndar sem „bar fram breytingartillögu um að nafn hússins skyldi vera Lögberg“. Var sú tillaga samþykkt með þremur atkvæðum.<sup>23</sup>

Frá byrjun var einnig gert ráð fyrir að byggingin yrði prýdd „myndverkum góðra listamanna“, og var það að frumkvæði byggingarnefndar. Fékk nefndin þau Selmu Jónsdóttur, forstöðukonu Listasafns Íslands, og Steinþór Sigurðsson listmálara til að vera til ráðuneytis um listskreytingarnar. Tillögu sína lögðu þau fyrir nefndina í desember 1971, og var hún sú að Sigurjón Ólafsson myndhöggvari gerði veggmynd í hátíðarsal, Jóhannes Jóhannesson sæi um veggskreytingu fyrir kaffistofu stúdenta og Kristján Davíðsson fyrir anddyri.<sup>24</sup> Á fundi í byrjun febrúar 1973 lagði háskólaráð blessun sína yfir þessa ráðstöfun, veitti einni milljón króna til listskreytinganna og samþykkti jafnframt á sama fundi, „að verja árlega hlutfallslega sömu upphæð til listskreytinga Háskólabygginga meðan fjárhagur leyfir“.<sup>25</sup>

Saga byggingarmála við Háskóla Íslands er að sjálfsögðu einnig saga fagurfræðilegra hugmynda og þróunar þeirra í árunna rás. Er sú saga m.a. athyglisverð að því leyti að hún veitir innsýn í þróun háskólasvæðisins sem ekki blasir við leikmönnum. Í viðtali Páls Sigurðssonar við arkitekt hússins, Garðar Halldórsson, lýsti hann gerð byggingarinnar og samræmi hennar við önnur hús á svæðinu, en samkvæmt honum skipti afstaða hússins til Atvinnudeildarbyggingarinnar mestu. „Svo vikið sé að Lögbergi“, sagði arkitektinn, „þá var kannski meginhugsunin á bak við þá byggingu, að ná „symmetríu“ við Atvinnudeildarhúsið hinum megin við Skeifuna“.

<sup>23</sup> HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs 1. júní 1972, 407.

<sup>24</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 316–17.

<sup>25</sup> HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs 8. feb. 1973, 28.



Lögberg hefði þó verið stærri bygging og ennfremur „einni hæð hærri, vegna þess að þarna er landið lægra, en til þess að draga úr því er sett skyggni að austanverðu við Lögberg til þess að gefa þar lárétta línu.“ Hvað snerti útlit byggingarinnar þá var því einnig ætlað að vera fremur látlaust, „en húsið er byggt í mátkerfi og það mátkerfi er látið sjást í úthliðinni.“ Miklu skipti einnig að húsið samsvaraði sér gagnvart aðalbyggingu Háskólans og var þar höfð hliðsjón af hlutföllum í gluggaskipan hennar:

Það eru frekar háir og mjóir gluggar í hlutföllum, ekki liggjandi gluggabönd t. d., sem þá var farið að verða algengt í byggingum, þannig að svipurinn að utan var „stíliseraður“ við Háskólann, en „móðerniseraður“ um leið, tákni þess tíma sem húsið er byggt á. Það, sem leitast var við að ná fram, var að byggingin yrði látlaus og drægi ekki frá Háskólanum. Hún kæmi þarna eins og hún hefði alltaf verið í þessari Skeifu, en væri þó sjáanlega tákni síns tíma.<sup>26</sup>

En þótt hönnun Lögbergs hefði verið hugsuð út frá samræmi háskólasvæðisins og bygginga þess þá hafði samt farist fyrir að huga að einu mikilvægu atriði, eða a.m.k. voru þeir sem áttu að „nota“ bygginguna ekki allir jafnsáttir. Varð úr því fjölmiðlaefni, en í grein í Þjóðviljanum í nóvember 1973 mátti lesa:

Það finnst kannski sumum furðulegt að mönnum skuli detta í hug að byggja stórhýsi og það skólahús þannig að ekki sé gert ráð fyrir að hægt sé að opna einn einasta glugga. Þetta gerðu nú samt ekki óvitrari menn en forráðamenn Lagadeildar Háskóla Íslands. Hið nýbyggða hús Lagadeildar, sem hlotið hefur nafnið Lögberg, er svona byggt. Enginn gluggi er opnanlegur, heldur er glerið fellt í steypuna; ekki einu sinni gluggakarmar. Og þess vegna verður að treysta á tvöfalt loft-ræstingarkerfi hússins og einmitt það hefur brugðist.<sup>27</sup>

Stúdentar við Háskóla Íslands á þessum árum létu heyra í sér af minna tilefni en því að þeir gætu ekki dregið andann, og í kvörtunarbréfi til byggingarnefndar hússins, dagsettu 13. september 1973 og undirrituðu af 31 stúdent sagði eftirfarandi: „Við undirritaðir stúdentar, sem vinnum í lesstofu og á rannsóknarstofum í Lögbergi,

<sup>26</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 322.

<sup>27</sup> *Þjóðviljinn* 11. nóv. 1973, 1.



## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.10 HÚSNÆÐISMÁLIN

förum þess eindregið á leit við byggingarnefnd, að hún samþykki nú þegar að setja opnanlega glugga á þessar vinnustofur. Við teljum brýna nauðsyn bera til þess að bæta þegar í stað úr óviðunandi ástandi að því er varðar loftræstingu í húsinu.“<sup>28</sup>

Óvíst var á hinn bóginn hvort fjárhagur leyfði að láta undan slíkum kröfum. Í samtali við Þjóðviljann um „[þ]að hvort settir yrðu opnanlegir gluggar í húsið“ sagði Þór Vilhjálmsson „að slíkt kæmi vart til greina vegna kostnaðarins. Gerð hefði verið kostnaðaráætlun um hvað það myndi kosta og nemur það tugum þúsunda á hvern glugga sem gerður yrði opnanlegur.“<sup>29</sup> Lyktir gluggamálsins urðu engu að síður þær að byggingarnefndin lét undan og sá til þess að opnanleg fög væru sett á nokkra glugga í kennslustofum og lesstofum. Samt þögnuðu ekki „allar óánægjuraddir þeirra, sem vildu meira „lífsloft“!“<sup>30</sup>

Ekki verður annað sagt en að síðari hluti sjöunda áratugarins hafi þrátt fyrir allt verið uppgangstími í byggingarmálum skólans, hvort sem nóg var að gert eður ei. Snemma árs 1969 beitti háskóla- rektor sér fyrir að nefnd yrði sett á laggirnar til að kanna þarfir Verkfræðideildar fyrir framtíðarhúsnæði. Skarphéðinn Jóhannsson var fenginn til að gera frumdrög að slíkri byggingu, og lagði hann þau fram sama sumar. Var húsinu í upphafi ætlaður staður austur af Háskólabíói, þar sem bifreiðastæði Háskólans er nú, og kom tillagan um staðsetninguna frá byggingarnefnd hússins.<sup>31</sup> Í nóvember 1969 ályktaði háskólaráð síðan á sömu lund.<sup>32</sup> Þessi staðsetning byggingarinnar varð þó ekki að veruleika þar sem skipulagsyfirvöld í Reykjavík féllust ekki á hana, enda töldu þau að fyrst þyrfti að liggja fyrir heildarskipulag lóðarsvæða Háskólans. Niðurstaðan varð sú að byggingin yrði staðsett við mörk lóðasvæðis Háskólans til suðurs við Hjarðarhaga, vestan Suðurgötu, en Úlrik Arthúrssón arkitekt tók yfir hönnun hússins eftir lát Skarphéðins Jóhannssonar í mars 1970.<sup>33</sup>

Um hina nýju lóð við Hjarðarhaga hafði Magnús Már Lárusson, fyrrverandi háskóla- rektor, eftirfarandi að segja í viðtali við Pál Sigurðsson, en hann hafði í huga praktísk atriði eins og t.d. pípulagnir og um leið hvernig ætti að bera sig að við að stýra húsnæðismálum Háskólans í gegnum ranghala borgarkerfisins:

Lóðin var ekki inni í gjöf Reykjavíkurborgar og það var búið að gefa Kvennaskólanum fyrirheit um lóð þarna, en frú

<sup>28</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 313.


<sup>29</sup> *Þjóðviljinn* 11. nóv. 1973, 1.

<sup>30</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 316.

<sup>31</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 323.

<sup>32</sup> *HÍ*. Fundargerðabók háskólaráðs 20. nóv. 1969, 181.

<sup>33</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 327.



*Byggingar Verkfræði- og raunvísindadeildar eins og arkitekt þeirra, Úlrik Arthúrssón, hugsaði sér þær fullbyggðar.*

Guðrún Helgadóttir vildi breyta „Kvennó“ í menntaskóla og byggja þar. En einhvern veginn tókst mér að klófesta lóðina frá Guðrúnu Helgadóttur frænku minni, svona með hæðinni og „kafbátahætti“. Þarna lét ég taka grunn fyrir efnafræðihúsið, sem var aldýrasta húsið, sem þurfti að reisa, af því að það þurfti að ganga svo vendilega frá öllum þípulögnum o. þ. h. Þetta þarf að vera sýrúfast. Ég lét sem sagt taka grunninn og fékk, sem mér fannst afskaplega eðlilegt í sjálfu sér, reikning frá borginni upp á 2 millj. kr. fyrir gatnagerðargjöld. Ég sá nú ekkert hættulegt við það. Ég sá ekki betur en Háskólinn væri lögaðili eins og aðrir, og sagði við Jóhannes L. L. Helgason háskólaritara: „Heyrðu, útbúðu nú tékka handa Geir borgarstjóra, og við skulum hafa bréfið eitthvað á þá lund, að þetta sé gjald upp í gatnagerðargjöld og/eða lóð“, sem er náttúrulega lymaskulegt orðalag, þegar maður setur skástrik þarna á milli!<sup>34</sup>

Háskólaritari fór að fyrirmælum yfirboðara síns og ætlaði þá

allt að verða vitlaust í ráðuneytinu. Ráðherra hringdi í mig og ég fékk eina myndarlega gusu, en ég bara hló og sagði: „Þú getur dregið mig fyrir hvaða dómstól sem er, þetta er fullkomlega réttmæt athöfn hjá mér. Ef þetta verður ekki gert

<sup>34</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 334–35. – Um lóðargjöf Reykjavíkurborgar á 50 ára afmæli Háskólans árið 1961, sjá t.d. *Vísir* 7. okt. 1961, 1.





## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.10 HÚSNÆÐISMÁLIN

*Um skeið notaði Háskólinn sem smíða- og áhaldahús vöruskemmu við Lóugötu 2. Hún hafði verið byggð af Stefáni Þorlákssyni sem kemur við sögu í Innan-sveitarkroniku Halldórs Laxness. Þar segir að Stefán hafi reist „bifreiðahöll handa höfuðborginni suðrá Grímsstaðaholti með einhverjum þeim þykkustu sementsveggjum sem til eru hérlendis og gólfplötur meiri en önnur hús höfðu haft á landinu framtil þess tíma.“*



núna, þá dregst það a. m. k. í tvö ár og hvað á þá að gera við þessa deild, sem þú ert búinn að stofna?“ Það vildi svo skemmtilega til að Magnús Jónsson frá Mel, fjármálaráðherra, gaf líka Geir borgarstjóra eina laglega dýfu í símann, svo við Geir mæltum okkur mót, þjáningarbræðurnir, og fengum okkur „lunch“ saman. Síðan leystist þetta allt saman vel.<sup>35</sup>

Byggingarnar fyrir Verkfræði- og raunvísindadeild voru teknar í notkun í áföngum, fyrsti áfangi, VR I, árið 1972 og annar áfangi, VR II, árið 1975. Það var aftur á móti ekki fyrir en í byrjun níunda áratugarins, eða í apríl 1982, sem fyrsta skóflustunga að VR III var tekin, en sú bygging var tekin í notkun haustið 1987. Gert var ráð fyrir að þessar byggingar yrðu tengdar saman síðar með álmu og sú bygging kölluð VR IV.<sup>36</sup>

En orð arkitektsins, Úlriks Arthúrssonar, varpa ljósi á þá stemningu eða það ástand sem stundum virðist hafa ríkt í byggingarmálum skólans;

Á meðan tengiálman er ekki komin, þá erum við með skemmu, við erum með hús sem Verkfræðistofnun er í, við erum með alls konar bráðabirgðainnganga, bráðabirgðalokun á útveggjum, við erum með tréhús, sem var reist sunnan við gafl álmu, sem hýsir Reiknistofnun til bráðabirgða, sem sagt alls konar bráðabirgðaráðstafanir, sem setja svona frekar óskemmtilegan svip á heildarmyndina, og fólk er ekki farið að átta sig á því hvernig lokaútlit og aðkoman muni verða í framtíðinni. Því miður óttast ég að þess verði langt að bíða að tengibyggingin

<sup>35</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 335.

<sup>36</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 340, 511.



verði reist, en fyrir kemst sem sagt ekki heildarsvipur á þessar byggingar, sem ég hef teiknað. Kannski fær maður aldrei að sjá þetta í endanlegri mynd.<sup>37</sup>

Hann er ekki enn búinn að fá það.<sup>38</sup>

Háskólinn fékk á sjöunda áratugnum tvö önnur hús til afnota að hluta eða að öllu. Loftskæptastöðina fékk hann til sinna nota árið 1963, og var hún í fyrstu höfð fyrir starfsemi Eðlisfræðistofnunar. Síðar, þegar Raunvísindastofnun var reist, fluttist stofnunin þangað, en Loftskæptastöðin var í staðinn nýtt til eðlisfræðikennslu og síðar „til ýmissa háskólaþarfa“ fyrir Verkfræði- og raunvísindadeild.<sup>39</sup> Árið 1968 kom hluti Atvinnudeildarhúss svo í hlut Háskólans og síðar húsið allt að undanskilinni efstu hæðinni sem Norræna eldfjallastöðin hafði til umráða. Þeir hlutar sem Háskólanum tilheyrðu voru notaðir í þágu jarðfræði, landafræði og skyldra greina og kallaðist húsið því Jarðfræðihús.<sup>40</sup> En árið 1997 urðu svo enn umskipti í sögu þessarar byggingar því þá gerði háskólaráð samkomulag um að Þjóðminjasafn Íslands fengi Jarðfræðahúsið til umráða.<sup>41</sup>

Að lokum skal getið byggingar fyrir félagsheimili stúdenta, en það átti sér nokkuð langan aðdraganda. Raddir um að mikilvægt væri að koma slíku heimili á fót fóru að heyrast fyrir 1950. Komst málið svo langt að árið 1953 lá fyrir teikning að hinu fyrirhugaða heimili frá hendi Ágúst Pálssonar arkitekts á lóð sem bæjarráð Reykjavíkur hafði samþykkt norðan Sturlugötu og sunnan Íþróttahúss Háskólans, á milli þess þar sem Oddi og Árnagarður standa nú.<sup>42</sup> Á sjöunda áratugnum komst aftur hreyfing á málið, en þá var í umræðunni að kaupa hús nálægt miðbænum til nota fyrir félagsaðstöðu stúdenta, og voru ítrekaðar tilraunir gerðar til að festa kaup á Frikirkjuvegi 11 en án árangurs.<sup>43</sup> Þá kom upp sú hugmynd, sem fékk „einróma stuðning“, að hentugast væri að fyrirhugað félagsheimili yrði tengt við Gamla garð.<sup>44</sup> Var Jón Haraldsson arkitekt fenginn til að gera frumdrög að teikningu á þessum stað, og voru þau tilbúin í júlí 1963. Þá sendi háskólarektor, Ármann Snævarr, umsókn til Menntamálaráðuneytisins um fé til framkvæmda<sup>45</sup>, og komst málefnið inn á fjárlög næsta árs. Sett var á fót félagsheimilisnefnd er átti að fylgja byggingunni eftir og að auki sérstök fjáröflunarnefnd fyrir hana.<sup>46</sup> Háskólaráð samþykkti síðan frumdrög að teikningu hússins og að arkitektinum yrði heimilað að halda áfram störfum, en þrátt fyrir þetta varð þó bið á framkvæmdum.<sup>47</sup>

<sup>37</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 338.

<sup>38</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 2009, 289. Hér er yfirlit yfir byggingar Háskólans og hvaða ár þær voru teknar í notkun.

<sup>39</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 354.

<sup>40</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 362–63.

<sup>41</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 240.

<sup>42</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 180–83. Teikning sú sem hér er sagt frá er einnig í bókinni.

<sup>43</sup> *Stúdentablaðið* 1961 1. tbl., 1. – Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 370.

<sup>44</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 370.

<sup>45</sup> *Stúdentablaðið* 1963 2. tbl., 2–3.

<sup>46</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 370.

<sup>47</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 372.

## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.10 HÚSNÆÐISMÁLIN

*Áður en Félagsstofnun stúdenta var stofnuð var starfrækt matsala fyrir háskólanema í kjallara Gamla garðs. Hér er verið að afgreiða unga prúðbúna karlmenn árið 1962.*



Það var svo árið 1968 sem skriður komst á byggingarmálin, en þá voru í undirbúningi sérstök lög um Félagsstofnun stúdenta er síðan voru samþykkt frá Alþingi þann 20. apríl það ár. Þar segir að við Háskóla Íslands skuli starfa Félagsstofnun stúdenta sem hafi það verkefni að „annast rekstur og bera ábyrgð á fyrirtækjum í þágu stúdenta og beita sér fyrir eflingu þeirra“.<sup>48</sup> Í framsöguræðu með frumvarpinu gerði Gylfi Þ. Gíslason menntamálaráðherra grein fyrir því að það væri flutt samkvæmt ósk Stúdentaráðs Háskóla Íslands og háskólaráðs. Jafnframt fjallaði hann nánar um aðdragandann, en hann væri sá að Stúdentaráð hefði á sínum tíma gert tillögur „um breytingar á stjórn stúdentagarðanna“ með það fyrir augum að „stúdentar fengju meiri áhrif á stjórn garðanna“. Niðurstaðan hefði aftur á móti verið að gera ekki aðeins breytingar á stjórn stúdentagarðanna heldur einnig „að efna til allsherjarathugunar á félagsmálum stúdenta“.<sup>49</sup>


Fyrirmyndar að Félagsstofnun stúdenta var að sögn Ármanns Snævarr „einkum ... leitað til Noregs“.<sup>50</sup> Í því sambandi greindi ráðherra frá því að til landsins hefðu komið „tveir af forustumönnum stúdentamálefna í Noregi, þeir Kristian Ottosen, forstjóri Student-samskiptnaden í Osló, og Tønnes Andenæs, forstjóri háskólaforlagsins í Osló“:

Á ráðstefnu, sem stúdentaráð efndi til og þessir menn tóku þátt í, urðu til þær grundvallarhugmyndir, sem þetta frv. er

<sup>48</sup> *Alþingistíðindi* 1967 A2, 1342.

<sup>49</sup> *Alþingistíðindi* 1967 B2, 1216–17.

<sup>50</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1967–68, 30–31.



*Teikning Jóns Haraldssonar arkitekts af væntanlegu félagsheimili stúdenta við Gamla garð var forstöðumynd Stúdentablaðs í nóvember 1964.*

byggt á. Aðalnýmæli þess er, að það gerir ráð fyrir því, að við Háskóla Íslands verði komið á fót nýrri stofnun, Félagsstofnun stúdenta, er gegni eftirfarandi hlutverki:

- 1) Standi fyrir og sjái um byggingu allra fyrirtækja í þágu stúdenta, svo sem stúdentagarða, mötuneyta og húsnæðis til félagslegra iðkana.
- 2) Annist rekstur þessara fyrirtækja og sjái um aðra þjónustu fyrir stúdenta, svo sem heilsugæzlu, ferðaþjónustu, bóksölu, bókaútgáfu og ef til vill aðstöðu til íþróttaiðkana.
- 3) Afli fjár til að sinna þessum verkefnum.
- 4) Verði sjálfstæður, ábyrgur eignaraðili allra þessara fyrirtækja.<sup>51</sup>

Í ræðu sinni við brautskráningu stúdenta í júní 1968 tilkynnti háskóla- rektor síðan um ákvörðun háskólaráðs frá því fyrr í sama mánuði að veita fjárframlag af happdrættisfé til byggingar stúdentahéimilisins.<sup>52</sup> Jafnframt gerði hann grein fyrir hvernig aðstæður stúdenta hefðu breyst og að því væri knýjandi þörf á að ráða bót á félagslegum aðbúnaði þeirra. „Hér skortir t.d. mötuneyti við hæfi“, sagði rektor, „og húsnæði kaffistofu er ekki fullnægjandi, þótt hún gegni mikilvægu hlutverki í stúdentalífinu“. Þá væru „stúdentagarðarnir ... of litlir, og hefir enginn garður verið reistur síðan 1943. Félagslegir hagir stúdenta hafa tekið miklum stakkaskiptum

<sup>51</sup> *Alþingistíðindi* 1967 B2, 1216–17.

<sup>52</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1967–68, 43.

síðustu 12–15 árin, m.a. vegna þess, að nú er það stórum tíðara en áður var, að stúdentar gifti sig, meðan á námi stendur“.<sup>53</sup>

Á háskólahátíð 26. október sama ár sagði rektor að í tengslum við tilkomu Félagsstofnunar stúdenta hefði þá um haustið verið stofnað til fyrstu „árlegrar skráningar háskólastúdenta, en það er skipan, sem lengi hefir verið rætt um og skólafarslegar nauðsynjar standa til, að tekin hefir verið upp“.<sup>54</sup> Jafnframt útlistaði hann nánar ástæðurnar sem lágu að baki þessari nýju áherslu á þátttöku stúdenta í rekstri og í þjónustu við samstúdenta sína, en í þeim má glögglega sjá enn eitt dæmið um hvernig hugmyndir um hlutverk stúdenta og stöðu þeirra innan Háskólans voru í hraðri þróun á þessum árum. Rektor sagði að tilkoma Félagsstofnunar stúdenta væri

dæmi þess, að stúdentar hljóti aukinn afskiptarétt af þeim málum, er sérstaklega þykja varða hagsmuni þeirra. Þróun mála í deildum hefir og stefnt að sama marki, bæði með því, að ýmsar deildir hafa samþykkt ályktanir um fasta þátttöku stúdenta í deildarfundum, og þá ekki síður með námsnefndum, sem ráðið er að koma á fót í deildum ... Þátttaka stúdenta í ýmsum öðrum málefnum, þ.á m. í nefndarstörfum á vegum háskólaráðs, fer nú mjög í vöxt, og stafar það m.a. af hinn góðu reynslu, sem fengizt hefir af hluttöku stúdenta í stjórnunarmálefnum skólans.<sup>55</sup>

Rektor kvað það mikilvægt að sjónarmið stúdenta fengju að njóta sín í hinum ýmsu málum:

Félagsleg reynsla þeirra vex við þessa skipulagshætti, þeir fá tækifæri til að kynnast þeim höfuðmálefnum, sem hverju sinni eru til meðferðar hjá ýmsum stjórnunaraðiljum, og viðkynning þeirra og tengsl við skólastjórn og kennara eykst. Stúdentar eru fulltíða menn, sem eiga mikið undir því, hvernig til tekst í störfum skólans, og auknar málefnalegar umræður milli stúdenta og kennara um starfsemi skólans eru vissulega veigamiklar.<sup>56</sup>

Í desember 1968 greindi Stúdentablaðið frá því að hreyfing væri að komast á framkvæmdir í byggingarmálum félagsheimilisins, en þar


<sup>53</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1967–68, 29–30.

<sup>54</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1968–69, 11.

<sup>55</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1968–69, 12.

<sup>56</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1968–69, 12.





*Hjónagarður, fyrsti stúdentagarðurinn með íbúðum fyrir fjölskyldur, var tekinn í notkun árið 1977.*

sagði að bygging þess yrði „væntanlega boðin út upp úr næstu áramótum og mundu framkvæmdir geta hafizt strax með vorinu ... Gert er ráð fyrir að byggingunni verði komið undir þak um haustið. Ef fjármagnsskortur verður ekki til hindrunar má búast við því að byggingin verði tekin í notkun á árinu“.<sup>57</sup> Byggingin tafðist þó vegna fjárskorts eins og Stúdentablaðið hafði óttast,<sup>58</sup> en húsið var engu að síður tekið í notkun haustið 1970 og var að mestu fullgert árið eftir.<sup>59</sup>

Í Félagsstofnuninni var komið á fót matsölu, bóksölu fyrir stúdenta, og Háskólafjölritun. Auk þessa reksturs sá Félagsstofnun stúdenta, sem daglega var í höndum framkvæmdastjóra og skrifstofu, um rekstur stúdentagarða og hjónagarða, auk kaffistofa í öðrum byggingum á háskólasvæðinu, Stúdentakjallarans og Hótel Garðs er rekið var yfir sumartímann. Einnig voru barnaheimili fyrir börn stúdenta rekin í tengslum við Félagsstofnun, og þá hafði Stúdentaráð jafnframt skrifstofu í húsinu, og þar var starfrækt atvinnumiðlun fyrir stúdenta á sumrin.<sup>60</sup>

Fyrsta stóra verkefnið sem Félagsstofnun stúdenta réðist í var að reisa hjónagarða. Bygging hjónagarðanna átti sér, líkt og Félagsstofnunin, aðdraganda, en þegar árið 1946 var farið að tala um að auka þyrfti húsakost garðanna þar sem þá þegar var „tvísett í mörg herbergi“. Eftir því sem árin liðu varð einnig ljóst að „æ fleiri gengu í hjónaband áður en þeir luku háskólanámi“, og átti sá hópur örðugast með að finna

<sup>57</sup> Stúdentablaðið 1968 4. tbl., 1.

<sup>58</sup> Stúdentablaðið 1969 3. tbl., 1, 6.

<sup>59</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 378.

<sup>60</sup> Stúdentablaðið, auka-blað sept. 1977.

„Kynningarrit um félagslíf og hagsmunamál háskólastúdenta“, 2–3.



## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.10 HÚSNÆÐISMÁLIN

sér húsnæði við hæfi. Það var svo árið 1964 að stúdentaráð skipaði sérstaka hjónagarðsnefnd sem gerði úttekt á högum stúdenta við Háskólann og aflaði upplýsinga frá Norðurlöndunum m.a. um hagi hjónafólks við háskóla þar. Skilaði nefndin skýrslu þar sem helstu niðurstöður voru þær að á Íslandi væru hlutfallslega fleiri stúdentar í hjúskap en á hinum Norðurlöndunum eða 33% á móti 20–25%. Þá væri hlutfall stúdenta með börn einnig hærra eða 65,6% á móti 50–57,6%. Á hinn bóginn kom fram að á Norðurlöndunum væri meira að gert til að koma til móts við þarfir þessara stúdenta en á Íslandi, bæði hvað snerti húsnæði og barnagæslu. Í framhaldi af þessari könnun tók háskólaráð málið upp á sína arma og skipaði nefnd árið 1965 til áframhaldandi könnunar á því.<sup>61</sup>

Enn var hnykkt á þessu máli í greinargerð um húsnæðismál Háskólans sem rektor tók saman fyrir Háskólanefnd í júní 1968, en þar sagði: „Enginn stúdentagarður hefir verið reistur síðan 1943, en þá voru skráðir hér 326 stúdentar. Þegar haft er í huga, að 75% þeirra, er kandídatprófi luku s.l. vor, voru giftir, er næsta ljóst, að það muni fyrst og fremst vera þörf á gördum handa giftum stúdentum auk barnaheimila og ýmissa þjónustustofnana eftir því sem nú er títt í stúdentabæjum erlendis.“<sup>62</sup> Háskólanefnd tók undir þetta álit og ályktaði að stefna bæri að því „að þörf stúdenta fyrir leiguíbúðir verði leyst sérstaklega með byggingu stúdentagarða, bæði fyrir einhleypinga og fjölskyldur. Reyna ... [þyrfti] að búa svo um hnúttana, að húsnæði stúdenta sé mun ódýrara en á almennum markaði.“<sup>63</sup>

Efnt var til samkeppni meðal arkitekta um teikningar að hjóna- gördum, og varð tillaga Hrafnkels Thorlacius fyrir valinu, en hún var samþykkt í háskólaráði í september 1971. Gert var ráð fyrir 57 íbúðum í fyrsta áfanga með möguleika á stækkun sem þrefalda mundi þá tölu. Háskólaráð hafði þá þegar eða í ágúst 1970 samþykkt að veita fjárframlag til byggingarinnar og tengdi það sérstaklega minningu forsætisráðherrahjónanna Bjarna Benediktssonar og Sigríðar Björnsdóttur og dóttursonar þeirra<sup>64</sup> sem látist höfðu í eldsvoða á Þingvöllum rúmum mánuði fyrir.<sup>65</sup> Undirbúningur við húsið hófst haustið 1972, og varð það fohelt í ágúst 1975, en vígslan fór þó ekki fram fyrr en í lok árs 1977.<sup>66</sup>

Það var svo tæpum áratug síðar, eða í desember 1986, sem hafist var handa við byggingu hjónagarða, en fyrsti áfangi þeirra var tekinn í notkun haustið 1988.<sup>67</sup>

<sup>61</sup> *Efning Háskóla Íslands* II. Félagleg aðstaða. Höskuldur Þráinsson, Um þróun félagslegrar aðstöðu við Háskóla Íslands, 13–15.

<sup>62</sup> *Efning Háskóla Íslands* II. Húsnæðismál Háskóla Íslands. Ármann Snævarr, Greinargerð um húsnæðismál Háskólans, 6.

<sup>63</sup> *Efning Háskóla Íslands*, 77.

<sup>64</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1969–73, 151.

<sup>65</sup> *Morgunblaðið* 11. júlí 1970, 1. 3. – Um fjármögnun byggingarinnar að öðru leyti, sjá Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 386–90.

<sup>66</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 385.

<sup>67</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 562.






### 3. „Gráa skýrslan“

Ekki er hægt að halda því fram að með hinum nýju byggingum, Lögbergi og Verk- og raunvísindahúsi I og II hafi verið náð því „húsnæðismagni“ sem Háskólanefndin hafði haldið fram að væri lágmarkspörf Háskólans fyrir starfsemi sína á árunum 1970–74. Byggingarmál skólans voru engu að síður í þróun sem sést t.d. á því að árið 1974 var komið á starfi sérstaks byggingarstjóra við Háskólann. Var Maggi Jónsson ráðinn til starfans, en hann hafði þá nýlega lokið doktorsprófi í arkitektúr og fékk það verkefni að sjá um húsnæðismál Háskólans í heild og veita ráðgjöf í þeim efnum.<sup>68</sup> Í mars 1976 var ennfremur samþykkt í háskólaráði tillaga rektors um „ráðgjafarnefnd háskólaráðs um nýbyggingar á háskólalöð 1977–80“, en nefndin skyldi koma með tillögur til háskólaráðs fyrir málok þetta ár.<sup>69</sup> Í nefndina voru kjörnir auk Magga Jónssonar prófessorarnir Guðmundur K. Magnússon, Ragnar Ingimarsson, Sigurjón Björnsson og Sveinbjörn Björnsson. Í júní 1977 skilaði nefndin viðamikilli skýrslu um „húsnæðisþarfir Háskólans á árunum 1977 til 1981“ eða „gráu skýrslunni“ svonefndu.<sup>70</sup>

Samkvæmt erindisbréfi var nefndarmönnum ætlað að leysa tvö verkefni: „að lýsa húsnæðisaðstöðu háskólans á háskólalöð og brýnustu þörfum næstu fimm árin“, og ennfremur að benda á leiðir til að fullnægja húsnæðisþörfum Háskólans samkvæmt fjárveitingu til nýbygginga er samþykkt hafði verið í háskólaráði árið 1975. Fyrirnefnda verkefnið, sagði nefndin, reyndist verulega viðamikilið og tímafrekt, enda hafði hún gengið rösklega til verks. Öllum var ritað bréf sem málið varðaði og óskað þar „nákvæmra upplýsinga um núverandi ástand og þarfir, sem og um væntanlegar breytingar og horfur í húsnæðismálum“. Þá var rætt við alla sem „hagsmuna ... [áttu] að gæta“ „um einstök atriði með hliðsjón af greinargerðum sem nefndin hafði tekið saman um hvern þátt starfseminnar“. Að lokum var að sjálfsögðu unnið úr gögnum og m.a. birtur fjöldi taflna sem gáfu yfirlit yfir hin ýmsu atriði málsins. Um leiðir til að fullnægja húsnæðisþörfum innan þeirra marka sem fjárveitingar leyfðu var nefndin aftur á móti fremur stuttuorð, en hún fullyrta að þess væri „*enginn kostur að benda á leiðir til að fullnægja húsnæðisþörfum háskólans með því fé sem háskólinn hefur til ráðstöfunar að óbreyttu ástandi – slíkar leiðir eru ekki til*“.<sup>71</sup>

Þó vildi nefndin engu að síður „rækja að nokkru erindi sitt, þrátt fyrir brostnar forsendur“. Niðurstaða hennar varð sú, eins og



*Magnús Már Lárusson, guðfræðingur og prófessor í kirkjusögu í Guðfræðideild og síðar Íslandssögu í Heim-spekideild, var háskóla- og rektor á erfiðum tímum í húsnæðismálum Háskóla Íslands, 1969–73.*

<sup>68</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 400–01. – *Árbók Háskóla Íslands* 1973–76, 24.

<sup>69</sup> HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs 18. mars 1976, 58.

<sup>70</sup> HÍ. BA4: 179. Rektorskrifstofa 1966–1977. Bréfasafn. Skýrsla um húsnæðisþarfir Háskólans á árunum 1977–1981. – Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 402–03.

<sup>71</sup> HÍ. BA4: 179. Rektorskrifstofa 1966–1977. Bréfasafn. Skýrsla um húsnæðisþarfir Háskólans á árunum 1977–1981, 4–5. Leturbr. í heimild.

## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.10 HÚSNÆÐISMÁLIN

það var orðað heldur tæknilega, að „benda á hagkvæma stærð byggingaráfanga og setja fram nokkra kosti um niðurröðun starfsemi með hliðsjón af sameiginlegum þörfum einstakra þátta skóla-starfseminnar“. Einnig völdu nefndarmenn, eða „vinsuðu úr“, eins og þeir kölluðu það, þann kost sem þeim þótti álitlegastur. Þó var tekið fram að formaður nefndarinnar, Maggi Jónsson, hefði ekki tekið afstöðu í því máli.<sup>72</sup>

Þótt skýrsla þessi sé á köflum heldur þurr lesning er hún fróðleg engu að síður enda gefur hún innsýn í tilraunir nefndarinnar til að leysa úr því verkefni sem fyrir hana hafði verið lagt, grafa sig í gegnum flókna útreikninga og finna leiðir til að þoka málum áfram smátt og smátt, stundum við erfiðar aðstæður. Þannig lögðu nefndarmenn til ákveðna aðferð við þær byggingarframkvæmdir sem nauðsynlegt væri að ráðast í. Til að „nýta fjármagn á sem hagkvæmastan hátt, er heppilegt að byggja í áföngum sem svari til eins árs byggingargetu“, en miðað var við að byggingartími hvers áfanga væri tvö ár. Þannig yrði unnið á fyrsta árinu „fyrir um hálfis árs fjárframlag, en eftir það yrði helmingi fjármagnsins á hverju ári varið til að ljúka áfanga frá árinu áður, og helmingi til að hefja byggingu nýs áfanga“. Með þessu móti væru „ávallt tveir áfangar í byggingu, og á hverju hausti, eftir fyrsta haust, yrði unnt að taka í notkun áfanga sem svarar til ársfjárframlags“.<sup>73</sup> Þannig taldi nefndin sig tryggja að það lágmarksfé sem fyrir hendi var væri nýtt á sem bestan hátt.

Ennfremur benti nefndin á nokkrar leiðir „sem henni sýnist að helst komi til álita, eigi að taka mið af því takmarkaða fé sem háskólinn hefur nú til ráðstöfunar á umræddu tímabili ... þ.e. til að byggja um 3000 m<sup>2</sup>“. En um leið tók hún sér það bessaleyfi að bæta öðru 4.500 fermetra viðbótarrými við þá 3.000 fermetra sem rúmuðust innan marka fjárveitingar og gerði sínar áætlanir út frá þeirri forsendu að byggðir yrðu samtals um 7.500 fermetrar á tímabilinu. Aftur á móti taldi hún „ekki hlutverk sitt að gera tillögur um hvernig að því skuli staðið“, eða með öðrum orðum hvernig fjárins skyldi aflað.<sup>74</sup>

Að sögn Páls Sigurðssonar hafði starf þessarar nefndar margvísleg áhrif á þær byggingarframkvæmdir sem skipulagðar voru næstu árin. Og í byrjun nóvember 1977 ályktaði háskólaráð um „forgangsröðun bygginga á háskólalóð“, um framtíðarhúsnæðismál Háskólans og nýtingu og hafði þá skýrslu hennar mjög til hliðsjónar.<sup>75</sup> Ályktun þessi sýnir vel hvernig saga byggingarmálanna

<sup>72</sup> HÍ. BA4: 179. Rektorskrifstofa 1966–1977. Bréfasafn. Skýrsla um húsnæðisþarfir Háskólans á árunum 1977–1981, 5.

<sup>73</sup> HÍ. BA4: 179. Rektorskrifstofa 1966–1977. Bréfasafn. Skýrsla um húsnæðisþarfir Háskólans á árunum 1977–1981, 38.

<sup>74</sup> HÍ. BA4: 179. Rektorskrifstofa 1966–1977. Bréfasafn. Skýrsla um húsnæðisþarfir Háskólans á árunum 1977–1981, 47.

<sup>75</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 426. – HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs 3. nóv. 1977, 316.



*Maggi Jónsson, tæknifræðingur og síðar arkitekt og byggingarstjóri Háskólans (til vinstri) og Ármann Snævarr háskólarektor á grunni Norræna hússins meðan það var í byggingu.*

var ákveðið ferli sem þróaðist smám saman með ýmsum hugmyndum og útdúrum áður en þau tóku á sig endanlega mynd. En í ályktuninni fólust eftirfarandi tillögur: Í fyrsta lagi skyldi byggður „áfangi austan Suðurgötu“, og voru í því samhengi nefnd „[s]érstök not félagsvísindadeildar og viðskiptadeildar“. Í öðru lagi yrði byggður „áfangi vestan Suðurgötu“, en þar var miðað við „að brýnustu þörfum verkfræði- og raunvísindagreina, annarra en líffræðigreina, yrði sinnt“. Í þriðja lið var kveðið á um að byggður skyldi „áfangi til að leysa vanda líffræðigreina, bæði að því er varðar kennslu og rannsóknir“. Í fjórða og síðasta lagi var rætt um að byggja „í þágu hugvísinda“, en undir þau flokkaði háskólaráð reyndar, innan sviga, Félagsvísindadeild, Guðfræðideild, Heimspékideild og Viðskiptadeild. Enn ályktaði ráðið að „í framhaldi af ofangreindum áföngum yrðu byggðir tveir viðbótaráfangar, annar fyrir verkfræði- og raunvísindadeild, en hinn í þágu hugvísinda“.<sup>76</sup> Tæplega ári eftir útkomu „gráu skýrslunnar“, eða í maí 1978, kynnti Guðlaugur Þorvaldsson rektor síðan fyrir háskólaráði „hugmyndir sínar að hönnunarnefnd fyrir 2 næstu byggingar á háskólalóð“, en hann áleit rétt að „sama nefndin fjalli um báðar byggingarnar“. Nefnd þessi var sett á laggirnir, og var formaður hennar kjörinn Ragnar Ingimarsson. Aðrir nefndarmenn voru Sigurjón Björnsson, Sveinbjörn Björnsson og Brynjólfur Sigurðsson, auk Kristins Ág. Friðfinnssonar, stud. theol. Síðar var starfssvið nefndarinnar víkkað út og hún gerð að sérstakri „starfs-

<sup>76</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 426. – HÍ. Fundargerðir háskólaráðs, framlögð gögn nr. 3, des. 1976 – nóv. 1977. Ályktun háskólaráðs um forgangsröðun bygginga á háskólalóð og tillaga að byggingarætlun fyrir árin 1978–1986.



nefnd Háskólaráðs“ sem hefði yfirumsjón með öllum nýbyggingum á lóð skólans.<sup>77</sup>

Áætlanir þær sem nefndar eru hér að ofan virka nokkuð tæknilegs eðlis og ekki alveg skýrar, a.m.k. fyrir þá sem ekki eru heima í húsnæðisþróun Háskólans. Viðtal Páls Sigurðssonar við Guðlaug Þorvaldsson háskólarektor 1973–79 varpar þó ljósi á málið, en það var tekið í janúar 1988, tíu árum eftir útkomu „gráu skýrslunnar“ og ályktun háskólaráðs í framhaldinu. Hér var m.a. verið að leggja drög að Odda, húsi félagsvísindanna, og að enn nýju húsi fyrir Verkfræði- og raunvísindadeild. „Það var ljóst, að það þurfti strax að byggja hús, þar sem Oddi er núna, og síðan nýtt hús á Verkfræðideildar- og raunvísindadeildarlóðinni“. Þó voru menn, sagði Guðlaugur, „jafnframt sammála um að það væri ekki hægt að bíða lengur með að fullgera hluta af húsinu, sem var fokhelt á landspítalalóðinni, fyrir Tannlæknadeildina og síðan fyrir vissa þætti Læknadeildar. Þetta var hins vegar ekki hægt nema að fá meiri peninga.“<sup>78</sup>

#### 4. Alvars þáttur Aalto og skipulag háskólalóðar

Eitt hinna brýnu efna í sögu húsnæðismála á áttunda áratug 20. aldar var að taka ákvörðun um endanlegt skipulag lóðar Háskólans. Eftir að Guðlaugur Þorvaldsson tók við rektorsembætti „gerði hann sér fljótt grein fyrir því að forsenda markvissra framkvæmda við nýbyggingar og húsnæðisbætur hlaut að vera nothæft *skipulag* lóðasvæða Háskólans sem þá var ekki fyrir hendi“.<sup>79</sup> Var það raunar eitt af skilyrðunum sem Reykjavíkurborg setti fyrir því að leyfi til einstakra bygginga yrðu veitt. Um miðjan áttunda áratuginn fór Guðlaugur ásamt Magga Jónssyni byggingarstjóra í kynnisferðir „til ýmissa háskóla á Norðurlöndum og víðar og kynntu sér fyrirkomulag og skipulag háskólabygginga“. Gengu þeir m.a. á fund Alvars Aalto arkitekts í Helsinki og spurðu hann að því „óskuldbindandi, hvort hann hefði áhuga á því að setja fram hugmyndir um skipulag háskólalóðarinnar“. Segja má að það hafi lýst metnaði háskóla-yfirvalda að leita til Alvars Aalto en hann var einn þekktasti arkitekt heims á þessum tíma. Auk þess þekkti hann nokkuð vel til háskólalóðarinnar enda var hann arkitekt að Norræna húsinu, og sýndi hann strax áhuga á að taka að sér verkið.<sup>80</sup>

Guðlaugur Þorvaldsson lýsti þessu móti þeirra Magga Jónssonar og Aaltos á þann veg að þetta hefði verið „mjög skemmtilegur fundur, sem ég gleymi aldrei“. Meðal þess sem bar á góma var t.d. sú


<sup>77</sup> HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs 11. maí 1978, 385. – Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 447.

<sup>78</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 459.

<sup>79</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 404. Leturbr. í heimild.

<sup>80</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 404–07.





*Líkan af skipulagstillögu Alvars Aalto af háskóla-svæðinu. Horft er á svæðið frá norðaustri, frá austanverðum Þingholtunum. Lengst til hægri er hús Þjóðminjasafns Íslands, lengst til vinstri Norræna húsið.*

megintillaga Aaltos að þrengja Skeifuna fyrir framan háskólabýgginguna. Ástæðan fyrir þeirri hugmynd var, eins og hann orðaði það, að Skeifan væri alltaf tóm. „Aðeins gæsir, en aldrei neinn maður!“ sagði hann.<sup>81</sup>

Hófst Aalto nú handa við verkið, og í nóvember 1976 voru tillögur hans kynntar opinberlega og hafðar til sýnis í Háskólanum. Í Morgunblaðinu birtist ítarleg úttekt á tillögunum, og var m.a. haft eftir rektor að „skipulagið miðaði allt að því að sami miðkjarninn héldist“, þ.e. „frumkjarni Háskólans, sem er aðalbyggingin, héldi áfram að vera það og við það væri framtíðarskipulagið miðað“. Þá sagði ennfremur að eins og skipulaginu væri nú háttað væri heldur mikið svæði á Háskólalóðinni sem ekki væri nýtt. „Er þar helzt um að ræða hina svokölluðu skeifu, sem er grassvæðið fyrir framan aðalbygginguna, og er hún algerlega ónothæft útirými, opin fyrir veðri og vindum.“ Á meðfylgjandi myndum kom fram að Aalto gerði m.a. ráð fyrir að byggt væri meðfram skeifunni og einnig við aðalbygginguna, og má taka undir orð rektors um að með þessu hefði hann „undirstrikað hinn gamla, vinsæla miðkjarna“.<sup>82</sup>

Viðbrögðin við tillögunum reyndust þó heldur misjöfn, og fór það einkum fyrir brjóstið á mörgum að byggja ætti á svæði skeifunnar og auk þess nýja byggingu við aðalbygginguna. Orð Guðlaugs Þorvaldssonar lýsa vel hughræringum manna í tengslum við þetta en hann segir m.a.: „Sumir urðu allt frá því að vera særðir upp í

<sup>81</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 405.

<sup>82</sup> *Morgunblaðið* 23. nóv. 1976, 3.



það að vera hrifnir“. Tengingin við aðalbygginguna, viðurkenndi hann reyndar sjálfur, „stakk mig“ svolítið“ enda þótt hann segðist að mörgu leyti hafa verið hrifinn af hugmyndum Aaltos um að þetta þyrfti byggðina. Virðist finnski arkitektinn hafa stigið inn á forboðið svæði með hugmyndir sínar eins og vel kom fram í máli Guðlaugs Þorvaldssonar: „Gamla háskólabyggingin og Skeifan eru svo helgar í augum almennings að þar virðist fáu mega haggja“, sagði hann.<sup>83</sup>

Í framhaldinu lenti tillagan „í biðstöðu“ hjá Reykjavíkurborg. Þó sagði rektor að hún hafi hreyft við málum og orðið til þess að „borgin samþykkti, að meðan þessi mál væru skoðuð betur innan Háskólans yrði veitt leyfi til þess að byggja eitt hús á verkfræðideildarlóðinni og eitt þar sem Oddi stendur núna“. „Ég held“, sagði Guðlaugur, „að forsendan fyrir því að við fengum leyfi til að byggja þessi hús, skipulagslega séð, hafi verið sú, að við vorum búnir að leika okkar leik í skipulagsmálunum, og það stóð þá á öðrum að svara því, og m.t.t. þessa þá held ég að þetta hafi verið nauðsynlegur leikur í smávegis tafli.“<sup>84</sup>

Næsta skref í málinu var að háskólaráð skipaði sérstaka ráðgjafanefnd í maí 1979 og var hún kölluð Skipulagsnefnd Háskólans.<sup>85</sup> Meðal fyrstu verkefna hennar skyldi vera að undirbúa tillögu til háskólaráðs um hvernig staðið skyldi að „freakari úrvinnslu skipulagshugmynda Alvars Aalto“. En tillaga Aaltos hafði eftir allt saman ekki hlotið náð fyrir augum borgaryfirvalda, og sjálfur lést arkitektinn árið 1976. Niðurstaða Skipulagsnefndar Háskólans varð sú að leita aftur til arkitektastofu hans um endurskoðun tillagnanna, og vann eiginkona hans, Elissa Aalto, að því verki, en hún var einnig kunnur arkitekt.<sup>86</sup> Á fundi háskólaráðs í febrúar 1981 fór fram kynning á tillögunni eins og hún kom endurskoðuð frá teiknistofunni í Helsinki. Annaðist Maggi Jónsson kynninguna ásamt rektor, og var ákveðið að leita eftir samþykkt Reykjavíkurborgar við hana.<sup>87</sup>

Það átti þó ekki fyrir Háskólanum að liggja að gera umræddar byltingar á skipulagi háskólalóðarinnar, og tillögur Aaltos urðu ekki að veruleika, en árið 1986 felldu skipulagsráð borgarinnar og borgarráð úrskurð sinn formlega um að hafna tillögunni. Aftur á móti tókst samvinna á milli Háskólans og Reykjavíkurborgar, og skipuð var samstarfsnefnd um skipulag háskólalóðar. Þá var jafnframt ákveðið að arkitektarnir Maggi Jónsson og Ormar Þór Guðmundsson skyldu starfa að skipulagi lóðarinnar. Skiptu þeir með

<sup>83</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 410.

<sup>84</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 410.

<sup>85</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 479.

<sup>86</sup> *HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs* 17. maí 1979, 46–47. – Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 481.

<sup>87</sup> *HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs* 19. feb. 1981, 190.

sér verkum þannig að Ormar vann að skipulagi hennar vestan Suðurgötu og Maggi austan, og hafði samstarfsnefndin umsjón með verkinu. Hugmyndir arkitektanna um skipulag háskólasvæðisins voru síðan samþykktar árið 1990, og var þar með orðið til skipulag að háskólasvæðinu sem bæði Háskólinn og Reykjavíkurborg gátu sætt sig við.<sup>88</sup>

### 5. Eilífðarverkefnið Læknagarður

Bygging sérstaks húss fyrir Læknadeild átti sér langan aðdraganda, en formleg athugun á húsnæðisþörf deildarinnar hófst um 1960, og var unnið að henni næstu árin eftir það.<sup>89</sup> Þá voru málefni Læknadeildar og Tannlæknadeildar einnig tekin til umfjöllunar í skýrslu Háskólanefndar árið 1969.<sup>90</sup> Um staðsetningu húss fyrir deildina hafði raunar verið rætt þegar á fjórða áratug aldarinnar í tengslum við undirbúning að því að aðalbygging Háskólans var reist. Þá töldu „ýmsir málsmetandi læknar, að ekki væri ráðlegt að læknakennsla færi fram þar sökum þess að hætt væri við að með því yrði hún slitin úr eðlilegum tengslum við verklegu kennsluna á Landspítalanum“. Því ætti slíkt hús að vera sem næst honum en ekki á háskólalóðinni. Í minnisblaði háskólarektors frá árinu 1966 um húsnæðisöflun í þágu Læknadeildar er einnig lögð áhersla á þetta, nú í tengslum við hið nýja lóðasvæði vestan Háskólans. Þangað vildu læknar heldur ekki fara, frekar en í aðalbygginguna, enda „einróma álit læknadeildar, að nýjar kennslu- og rannsóknarstofnunar í þágu deildarinnar beri að tengja Landspítalanum, sem er kennsluspítali Háskólans, eins náíð og frekast er unnt“.<sup>91</sup>

Í greinargerð um húsnæðismál sem Ármann Snævarr lagði fyrir Háskólanefnd í júní 1968 ritaði hann um staðsetningu læknadeildarbyggingar og sagði að nú hefði „að því er virðist verið valin sú leið að staðsetja byggingar í þágu læknadeildar ... við Hringbraut austanvert við umferðarmiðstöðina.“<sup>92</sup> Í greinargerð undirnefndar Háskólanefndar um húsnæðismál kom ennfremur fram að þar fengju aðstöðu eftirfarandi greinar: „Patólógía, anatómía, experimental kirúrgía, patológísk bítókemía, heilbrigðisfræði, hæmatólógía, bakteríólógía, fýsiólógía, farmakólógía, toxíkólógía og lyfjafræði lyfsala.“ Var þá tannlæknisfræði ekki talin með, en nefndin var þó þeirrar skoðunar að hagkvæmast væri að Tannlæknadeild væri „í sem nánustum tengslum við læknadeildabyggingar, enda er það ósk kennaranna í greininni“.<sup>93</sup>

<sup>88</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 485–87.

<sup>89</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 341.

<sup>90</sup> *Efning Háskóla Íslands*, 66.

<sup>91</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 341–42.

<sup>92</sup> *HÍ*. BA4: 144. Rektorskrifstofa 1929–1983.

Greinargerð um húsnæðismál Háskólans. Til athugunar fyrir háskólanefnd, júní 1968, 8.

<sup>93</sup> *Efning Háskóla Íslands II*. Húsnæðismál. Fullnaðargreinargerð undirnefndar í húsnæðismálum, 15–17.



## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.10 HÚSNÆÐISMÁLIN



Stórflóð í Læknagarði 19. nóvember 2006. Sigrún Axelsdóttir, þáverandi ræstingarsjóri Háskólans, kemur á vettvang og bjargar málunum.

Húsnæðismálefni Læknadeildar tóku svo fjörkipp árið 1971 þegar gerður var samningur við breska arkitektastofu um að gera áætlun um framtíðarþarfir Læknadeildar Háskólans og Landspítalans. Samningurinn var gerður að undirlagi Sigurðar Sigurðssonar landlæknis er þá var formaður byggingarnefndar Landspítalans og að fengnu samþykki Magnúsar Más Lárussonar háskóla- rektors, en arkitektastofa þessi sérhæfði sig m.a. á sviði húsnæðismála í heilbrigðisþjónustu. Í janúar árið 1972 skilaði hún greinargerð um málið, og hlaut hún náð fyrir augum skipulagsyfirvalda Reykjavíkurborgar þótt að vísu yrði bið á framkvæmdum.<sup>94</sup>

Í Morgunblaðinu þann 10. ágúst 1972 gat síðan að líta eftirfarandi fyrrisögn: „Nýtt læknadeildarhús á Landspítalalóðinni og annað sunnan Hringbrautar.“<sup>95</sup> Í upphafi var sem sé gert ráð fyrir því að byggðar yrðu tvær byggingar, önnur fyrir Tannlæknadeild á lóðinni sunnan Hringbrautar og hin fyrir Læknadeild, en sú bygging yrði staðsett á Landspítalalóðinni. Sú tillaga átti síðan eftir að þróast á borði húsameistara ríkisins næstu ár, en embætti hans var falið að vinna tillögurnar áfram. Varð niðurstaðan sú að stefna að því að reisa eina byggingu sem báðar deildirnar gætu nýtt, og skiluðu starfsmenn Húsameistara tillögu sinni í ágúst 1975.<sup>96</sup>

Það var þó ekki fyrr en í nóvember 1976 sem jarðvegsvinna hófst við bygginguna, en hún var þá í verklýsingu kölluð „Bygging 7“. Átti það verkferli allt saman eftir að taka tímann sinn, en haustið 1982 gat Tannlæknadeild loks flutt inn í sinn hluta hússins. Læknadeild varð aftur á móti að bíða allt til ársins 1988 og gat þá aðeins flutt inn að hluta. Í árslok 1989 voru stórir hlutar hússins enn óinnréttaðir.<sup>97</sup>

Svipað var upp á teningnum og þegar Lögberg var tekið í notkun að ýmsir vankantar komu í ljós þegar farið var að nota húsið, og átti það m.a. við um loftræstikerfið, þrýstiloftskerfi, rafkerfi og gaslagnir. Í viðtali Morgunblaðsins í desember 1989 við Hallgrím Snorrason, formann yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð, benti hann á að byggingin hefði verið „hönnuð á árunum eftir 1970 og miðuð við þá staðla sem þá voru í gildi en eru ekki lengur“. Byggingin hefði ekki enn verið tekin endanlega út, og atriði sem talað væri um sem hönnunargalla „eru það í raun ekki, heldur er fyrst og fremst um að ræða auknar kröfur miðað við þær sem farið var eftir þegar byggingin var hönnuð“.<sup>98</sup>

„Bygging 7“ var lengi vel nefnd Tanngarður með vísun í starfseminna þar og annarra bygginga á háskólasvæðinu sem hafa end-

<sup>94</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 350–51. – Um skýrslu nefndarinnar, sjá *HÍ*. BA4: 147. Rektorsskrifstofa 1971–1972. Bréfasafn.

<sup>95</sup> *Morgunblaðið* 10. ágúst 1972, 2.

<sup>96</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 353.

<sup>97</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 525–29.

<sup>98</sup> *Morgunblaðið* 16. des. 1989, 41.

inguna „garður“. Þó voru ekki allir jafnsáttir við þessa nafngift, og lagði Læknadeild til að húsið yrði nefnt Hrafnseyri, en Tannlækna-deild vildi aftur á móti halda í Tanngarðinn. Þótti læknum nafnið helst til óvirðulegt fyrir starfsemi þá er þar fór fram. Í viðtali Morgunblaðsins í febrúar 1989 við Þórð Harðarson, forseta Læknadeildar, sagði hann að nafnið væri „smellið, en ekki jafn virðulegt og nöfn annarra bygginga háskólans“. Lýsti hann því að Hrafnseyrarnafnið vísaði til „Hrafn Sveinbjarnarsonar, goðorðsmanns á Eyri við Arnarfjörð. Hann var uppi á síðari hluta 12. aldar og fram á þá 13. og gat sér frægðarorð fyrir að vera læknir góður.“ Hefði hann án efa verið „frægastur allra íslenskra lækna að fornu og nýju“, sagði Þórður. Félagarnir í Tannlæknadeildinni voru aftur á móti

ekki vissir um að Hrafn hefði verið eins mikill tannlæknir og hann var almennur læknir, en við bentum þeim á að á þeim tímum var ekki um sérgreiningu að ræða. Þá vísuðum við einnig til frásagnar í Hrafn sögu Sveinbjarnarsonar hinni sérstöku, þar sem segir frá því er Hrafn náði tönnum úr rostungi, sem rak á land. Tennurnar, sem þóttu mikil gersemi, fór hann með til Kantaraborgar í Englandi og gaf þær Tómasi Beckett, síðar dýrlingi. Það er varla hægt að sýna tönnum og tandrætti öllu meiri virðingu en Hrafn Sveinbjarnarson gerði með þessum hætti ...<sup>99</sup>

Þrátt fyrir óumdeilanlega sæmdarför rostungstannanna kom allt fyrir ekki, og haustið 1989 var hoggð á þennan gordionshnút með ákvörðun háskólayfirvalda um að bygging Læknadeildar og Tannlæknadeildar sunnan Hringbrautar skyldi nefnast Læknagarður.<sup>100</sup>

### 6. *Enn af byggingarstarfsemi*

Á áttunda áratugnum var orðið ljóst að „nauðsyn bar til að byggt yrði yfir ýmsa starfsemi hugvísindagreina“, og árið 1980 var loks ráðist í byggingu svokallaðs „hugvísindahúss“ er síðar var nefnt Oddi. Var Maggi Jónsson ráðinn arkitekt hússins. En þrátt fyrir hugvísindaheitið var fyrst og fremst ætlað að byggingin hýsti félagsvísindi og viðskiptagreinar en einnig gert ráð fyrir að þar yrði rými fyrir greinar úr Heim-spekideild og þá einkum tungumálakennslu.<sup>101</sup>

Þankagangur þeirra sem að málum stóðu birtist enn í viðtölum Páls Sigurðssonar, en Maggi Jónsson lýsti því t.d. fyrir honum í

<sup>99</sup> Morgunblaðið 16. feb. 1989, 7.

<sup>100</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 529.

<sup>101</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 494, 503. – *HÍ*. BA4: 179.

Rektorsskrifstofa 1966–1977. Bréfasafn. Skýrsla um húsnæðis-þarfir Háskólans á árunum 1977–1981, 41–46.



## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.10 HÚSNÆÐISMÁLIN

smáatriðum hvernig hann hugsaði sér afstöðu byggingarinnar til þeirra húsa sem fyrir voru:

Staðsetning hússins lá fyrir. Menn voru almennt á því, að miðað við allar aðstæður á lóðinni, þá væri þetta álitlegasti staðurinn og æskilegt að fá starfsemissþungann þarna, því að menn treystu sér þá ekki til að byggja nær Skeifunni. Þó skipulag svæðisins lægi ekki fyrir virtist a. m. k. vera ljóst, að þarna kæmi hús, hvernig svo sem skipulagslausnir að öllu öðru leyti yrðu. Æskilegt virtist að reyna að mynda einhvers konar hóp úr húsunum, sem eru þarna í kring, þ. e. Nýja-Garði, Lögbergi, Árnagarði og Íþróttahúsi. Til þess að ná því markmiði varð mér fljótlega ljóst, að það var nauðsynlegt að snúa húsinu öðruvísi en þeim húsnum, því áframhaldandi endurtekning á norður-suður stefnunni myndi ekki ganga. Ég vildi fá þessi hús til að mynda heild.<sup>102</sup>

Um glímuna við sjálfa hönnun hússins, sem var óvanalegt að gerð og lögun, sagði Maggi ennfremur:

Ég setti mér sem markmið að reyna að hafa öll herbergi í sem æskilegustum hlutföllum, bæði lengd, breidd og hæð, án þess þó að hafa neitt í pokahorninu um hvernig slíkt yrði gert. Það hefur oft gefist mér vel að setja markmið, án þess að vita þá hvernig þau verði uppfyllt, en reyna síðan að glíma við þau og sjá hvort eitthvað reki á fjörurnar, sem geti leitt til lausnar. Ég sat semsagt uppi með það vandamál að hafa hlutföll í herbergjunum tiltölulega góð, þ. e. að hafa þau ekki mjög þröng miðað við dýpt. ... Valin var sú leið að koma öllum kennaraherbergjum fyrir í beinni röð í tiltölulega langri byggingu, og svo, fyrir miðri þeirri byggingu, að brjóta út miðjuna og koma þar fyrir samgöngurýmum, sem tengdust inn í aðalsamgönguæð kennaraherbergjanna og raða svo, eins þétt og unnt væri, kennslurýmum í kringum þau samgöngurými. Það er þetta, sem gefur húsinu lögun.<sup>103</sup>

<sup>102</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 501–02. Viðtalið var tekið í janúar 1988.

<sup>103</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 506–07.

Að lokum lýsti hann því að eftir allt saman hefði kostnaðurinn alls ekki reynst meiri en við aðrar byggingar. „Eftir að húsið þokaðist upp og menn fóru að átta sig á óvenjulegu lagi þess,



héldu líka margir að það yrði óhóflega dýrt. Við uppgjör kom í ljós, að fermetraverð í Odda var, framreiknað, nánast það sama og í öðrum húsum Háskólans, svo sem í Lögbergi og Verkfræðideildarhúsum.<sup>104</sup>

Fáum árum eftir að vinna hófst við byggingu Odda, eða í ágúst 1984, skilaði Þróunarnefnd Háskóla Íslands af sér skýrslu þar sem m.a. var rætt um húsnæðismál skólans. Þróunarnefnd var skipuð í janúar árið 1983, en verkefni hennar var að samræma og vinna úr áætlun til fimm ára sem háskólaráð lét deildir skólans gera „um kennslu og rannsóknir með hliðsjón af auknu aðstreymi að háskólanámi og þörf þjóðarinnar fyrir háskólamenntað fólk“.<sup>105</sup> Formaður nefndarinnar var Þórir Einarsson, en aðrir nefndarmenn voru Gunnar Karlsson, Jónas Gíslason, Þórólfur Þórlindsson, Valdimar K. Jónsson, Halldór Guðjónsson og Atli Eyjólfsson fulltrúi stúdenta. Um mitt ár 1983 tók Svanur Kristjánsson sæti Þórólfs.

Og enn sögðu háskólamenn farir sínar ekki sléttar í húsnæðismálunum. Í skýrslunni kom fram að nefndinni virtist „að húsnæðismál háskólans séu komin í mikið óefni og spilli ein sér fyrir góðum árangri af háskólahaldi. Má eflaust segja að þau séu nú brýnasti vandi skólans.“ Vandinn fólst í því, samkvæmt mati Þróunarnefndar, að húsnæði skólans væri of lítið, það væri of „óhentugt og óhagkvæmt“ og ennfremur dreift út um alla borg. Hvað snerti framgang byggingarmála þá áleit nefndin að fyrst og fremst væri við ríkissjóð að sakast. Hún benti á að í framhaldi af „gráu skýrslunni“ frá árinu 1977 hefðu „háskólayfirvöld í samráði við stjórnvöld [gert] áætlun um byggingu 1800 m<sup>2</sup> húsnæðis árlega næstu 5 árin. Auk happdrættisfjár skyldu framkvæmdir fjármagnaðar með framlagi ríkissjóðs.“ Sagði nefndin að ef þau áform hefðu „ekki riðlast væri sárasti húsnæðisvandi háskólans nú leystur. Eina húsnæðið sem þegar hefur verið tekið í notkun og rekja má til áætlunarinnar er húsnæði tannlæknadeildar.“<sup>106</sup>

Fermetrafjöldinn var að sjálfsgöðu sífellt einn helsti höfuðverkur þeirra er að húsnæðismálunum komu, eðli málsins samkvæmt, en Þróunarnefnd komst að þeirri niðurstöðu að samkvæmt útreikningum á fermetrafjölda á hvern nemanda hefði nokkuð áunnist á þeim fimmtán árum sem liðin voru frá útkomu Háskólaskýrslunnar. Þá hafði hver stúdent við Háskóla Íslands haft til ráðstöfunar fimm fermetra, en í ágúst árið 1984 höfðu tveir fermetrar bæst við þessa tölu, og því gat hver nemandi, samkvæmt fermetrabókhalda Háskólans, hreiðrað um sig á sjö fermetra rými. Enn var þó nokkuð í land

<sup>104</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu II*, 510.

<sup>105</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1982–84, 14. – *HÍ*. BA4: 236. Skýrsla Þróunarnefndar Háskóla Íslands, 1.

<sup>106</sup> *HÍ*. BA4: 236. Skýrsla Þróunarnefndar Háskóla Íslands, 11–12.

## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.10 HÚSNÆÐISMÁLIN

Árið 1972 gáfu hjónin Jón E. Ólafsson og Margrét Jónsdóttir Háskólanum hús sitt, Skólalæ við Suðurgötu.



til að ná þeim níu til tíu fermetra fjölda sem Háskólanefndin hafði viljað stefna að sem takmarki fyrir árið 1980. Þróunarnefndin setti markið líka enn hærra og gaf sér þá forsendu að „staðalrými“ skyldi vera tólf fermetrar og miðaði þá við „brúttórými skv. viðurkenndum erlendum stöðlum fyrir háskóla með núverandi stúdentafjölda og deildarskiptingu“. Þannig væru umræddir sjö fermetrar ekki nema 58% af þeim fermetrafjölda sem rétt væri að stefna að. Í það minnsta taldi nefndin brýnt að „háskólinn geri sér ... þá heildarmynd af húsnæðismálunum, sem hingað til hefur skort“, og mótaði stefnu sem næði til allrar starfsemi Háskólans. Nefndin áréttaði að þess konar stefnumótun væri „ekkert áhlaupa- eða íhlaupaverk“, og yrði að hafa víðtæka samvinnu við helstu aðila innan Háskólans.<sup>107</sup>

Á nýfunda áratugnum fór kennsla fram í Háskólabíói þegar um stóra nemendahópa var að ræða, eins og t.d. viðskiptafræðinema á fyrsta námsári, og var þá kennt fyrri hluta dags áður en kvikmynda-

<sup>107</sup> HÍ. BA4: 236. Skýrsla Þróunarnefndar Háskóla Íslands, 12.

sýningar hófust. Jafnframt höfðu verið til umræðu hugmyndir um stóra fyrirlestrasali á háskólalóðinni sem hentuðu bæði stórum nemendahópum og til ráðstefnuhalds. Sú hugmynd varð síðan að veruleika þegar ráðist var í viðbyggingu við Háskólabíó þar sem gert var ráð fyrir þrem misstórum sölum. Tók Sigmundur Guðbjarnason háskólarektor fyrstu skóflustunguna að viðbyggingunni þann 27. ágúst 1987.<sup>108</sup>

Þá eignaðist Háskólinn Skólalabæ, reisulegt hús sem stendur við Suðurgötu, árið 1972 þegar Jón E. Ólafsson hæstaréttarlögmaður afhenti gjafabréf þar að lútandi fyrir sína hönd og konu sinnar, Margrétar Jónsdóttur. Um 1980 voru gerðar gagngerar endurbætur á húsinu, og var það síðan nýtt sem „móttöku- eða risnuhúsnæði Háskólans“ auk annars samkomuhalds. Jafnframt var mótuneyti háskólakennara þar til húsa fram til 1988 þegar það var flutt í Tækni-garð.<sup>109</sup>

Málefni Háskólabókasafns voru einnig mjög til umræðu innan Háskólans, og í fylgiskjali með skýrslu Háskólanefndar segir: „Bókasafn með viðhlítandi bókakosti fyrir stúdenta og kennara og aðra rannsóknarmenn, með byggingum við hæfi, svo og greiðri safnþjónustu, er vitaskuld einn mikilvægasti þátturinn í uppbyggingu hvers háskóla.“<sup>110</sup> Jafnframt var bent á að staða safnsins í aðalbyggingu væri orðin slæm og „[g]leymslurými safnsins ... [væri] á þrotum og lestrarsalir eru ónógir, miðað við þær þarfir, sem nú þegar eru fyrir hendi“. Í skjalinu var þess vegna heilshugar tekið undir hugmyndir sem fram höfðu komið um að sameina Landsbókasafn og Háskólabókasafn og talið að það mundi styrkja safnið mjög. Ljóst þótti að slíkt mundi taka sinn tíma og „óverjandi“ væri að bíða eftir sameiningunni til að leysa húsnæðisvanda safnsins.<sup>111</sup>

Veturinn 1969–70 ályktaði Alþingi þó að „í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar 1974 skuli reist þjóðarbókhlaða, er rúmi Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn.“<sup>112</sup> Tillagan var samþykkt einróma, og skömmu síðar skipaði menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, byggingarnefnd Þjóðarbókhlaðu. Þá var hinu nýja húsi jafnframt „ákveðinn staður á svæði við Birkimel nálægt Hringbraut“, rétt utan við lóð Háskólans.<sup>113</sup>

Eftir ályktun Alþingis leið þó og beið, ekki tókst að hefja framkvæmdir þjóðhátíðarárið 1974, og raunar fengu teikningar af húsinu ekki samþykki fyrr en árið 1977. Fyrsta skóflustunga var tekin í janúar árið eftir, og þremur og hálfu ári síðar var hornsteinn lagður að

<sup>108</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 543–45.

<sup>109</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 535, 539.

<sup>110</sup> *Efning Háskóla Íslands* II. Húsnæðismál Háskóla Íslands. Háskólabókasafn, bókasöfn stofnana, lestrarsalir, 1.

<sup>111</sup> *Efning Háskóla Íslands* II. Húsnæðismál. Háskólabókasafn, bókasöfn stofnana, lestrarsalir, 4.

<sup>112</sup> *Alþingistíðindi* 1969 A2, 1973. – Finnboi Guðmundsson, „Þjóðarbókhlaða, aðdragandi og framkvæmdir“, 19–48.

<sup>113</sup> *Alþingistíðindi* 1969 D, 331–36. – Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 394, 397.





## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.10 HÚSNÆÐISMÁLIN

*Starfsfólk Háskólabókasafns árið 1990. Í stað Björns Sigfússonar eins fram á sjöunda áratug aldarinnar er komið 25 manna starfslið í 18 stöðugildum. Frá vinstri: Edda Snorradóttir, Óskar Árni Óskarsson, Þorleifur Jónsson, Ingibjörg Árnadóttir, Auður Gestsdóttir, Sólveig Ögmundsdóttir, Þórir Ragnarsson, Hólfríður Svavarsdóttir, Elísabet Ruth Guðmundsdóttir, Sigríður Lára Guðmundsdóttir, Siglinda Sigurbjarnarson, Elfa Kristinsdóttir, Gabriele Blunck, María Huld Jónsdóttir, Áslaug Agnarsdóttir, Sigbergur Friðriksson, Þórný Perrot, Einar Sigurðsson háskólabókavörður, Guðrún Karlsdóttir, Barbara Belle Nelson, Ingibjörg Sæmundsdóttir, Halldóra Þorsteinsdóttir, Sigurður Egill Garðarsson, Karl Ágúst Ólafsson, Jóhanna Skafadóttir.*



byggingunni af nýkjörnum forseta, Vigdís Finnbogadóttur. Þó leið sá áratugur enn án þess að byggingin kæmist í gagnið.<sup>114</sup> Í grein í Morgunblaðinu í febrúar 1989 skrifaði Sveinbjörn Björnsson prófessor eftirfarandi: „Enn stendur Þjóðarbókhlaðan tóm á Melunum. Við förum að líta á hana sem minnisvarða þeirrar kynslóðar, sem var svo hugfangin af veraldlegum gæðum, að hún missti sjónar á gildi andlegra efna. Ytra borðið er fagað og slétt en hið innra er tóm.“<sup>115</sup> Háskólabókasafn þurfti því lengi að þrauka á sínum gamla stað í aðalbyggingunni áður en Þjóðarbókhlaða var loks tekin í notkun, en opunarathöfn hennar fór fram þann 1. desember 1994.<sup>116</sup>

Þótt húsnæðisþörf Háskólans hafi verið stöðug og viðvarandi og framkvæmdir við byggingar heldur brokkgengar á stundum þá komu þó tímabil þegar jákvæðari tóns gætti. Í því sambandi má vísa í ávarp fráfarandi rektors, Sigmundar Guðbjarnasonar, 5. september 1991 í enda þess tímabils sem hér um ræðir, en erindið nefndist „Framvinda mála og framfarir í Háskóla Íslands 1985–1991“. Þar sagði hann um þetta fyrirferðarmikla málefni í sögu Háskóla Íslands: „Í húsnæðismálum miðaði okkur vel. Mikið var byggt og tekið í notkun af nýju húsnæði svo sem hús verkfræðideildar, VR-III, tvær efstu hæðirnar í Læknagarði, seinni hluti Odda, fjórir salir í Háskólabíói, Tæknigarður og Efna- og líftæknihús á Keldnaholti.“<sup>117</sup>

<sup>114</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 399, 568.

<sup>115</sup> *Morgunblaðið* 10. feb. 1989, 22.

<sup>116</sup> *Morgunblaðið* 1. des. 1994, 6.

<sup>117</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1989–91, 41.





# 11. Nýir kennsluhættir

## 1. *Krafa um tilgang og markmið*

Eins og fjallað var um í fyrsta hluta bókarinnar einkenndust kennsluhættir við Háskóla Íslands lengi af mikilli formfestu eða jafnvel hreinni íhaldssemi. Guðmundur Hálfðanarson lýsir því hvernig Sveinn Víkingur Grímsson, sem nam við Guðfræðideild skólans á árunum 1918–22, varð fyrir vonbrigðum með vistina þar, enda hugmyndir hans kannski nokkuð óraunsæjar. Hann hafði þannig vonast eftir að njóta ekki aðeins „hinnar æðstu þekkingar og fræðslu heldur og undursamlegrar vakningar“ sem mundi tendra og lýsa upp sál hans. Reyndin varð þó allt önnur því svo fór að honum fannst námið, a.m.k. á stundum, „jafnvel leiðinlegt, andlaust og þreytandi“.<sup>1</sup>

Heimildir benda til að stúdentar hafi á margan hátt upplifað námið með sama hætti tæplega 50 árum síðar, þegar komið var fram á síðari hluta sjöunda áratugar 20. aldar. Á þeim tíma tók eðli þessara umkvartana á hinn bóginn að breytast verulega, enda má segja að stúdentar hafi nú í fyrsta sinn eygt möguleika á að hafa sjálfir nokkuð um nám sitt að segja. Stúdentabyltingin svokallaða hafði í för með sér að hlutverk stúdentsins var að mörgu leyti endurskilgreint, og hann átti nú að verða gerandi í námi sínu á alveg nýjan hátt. Hvað snerti umræðuna um nýja kennsluhætti sem nú fór í hönd við Háskóla Íslands má t.d. segja að „leiðindin“ og um leið ákveðið tilgangsleysi sem stúdentar upplifðu í námi sínu hafi orðið drifkraftur breytinga. Þótt stúdentar hafi kannski ekki almennt stefnt að æðri hugljómun með námi sínu, líkt og Sveinn Víkingur forðum, þá má samt lesa út úr heimildum að þörfin á að finna tilgang og markmið með náminu við Háskólann, annað en það að öðlast tiltekna námsgráðu, hafi orðið eins konar leiðarstef í umræðum um nýja kennsluhætti. Það er því kannski ekki að furða að á þessum tímamótum hafi verið líkt og tappa væri kippt úr flösku og út úr gusuðust umkvartanir nemenda og þær á tíðum heldur umbúðalaugar.

Ein fyrsta ritsmíðin í þessa veru birtist í Stúdentablaðinu 1966 og var eftir Böðvar Guðmundsson er þá gegndi stöðu formanns menntamálanefndar Stúdentaráðs. Varð honum tíðrætt um megin-

<sup>1</sup> Sjá kafla I.7.2 Deildir Háskólans 1911–40. – Sveinn Víkingur, *Myndir daganna II*, 195–96.

## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.11 NÝIR KENNSLUHÆTTIR

bitbein stúdenta á þessum árum hvað snerti kennsluaðferðir, sjálfa „fyrirlestraadferðina“, og sagðist t.d. hafa heyrt því fleygt að

ónefndir prófessorar geri ekki annað í kennslustundum, en að láta stúdentana skrifa upp „orðrétt“ það sem þeir hafa sjálfir samið af kostgæfni. Það þarf auðvitað engan meðal-speking til að sjá, að hér er um háskalega, mér liggur við að segja siðlausa, sóun á tíma stúdenta að ræða. Ef það er svona nauðsynlegt, að stúdentar nái ræðu prófessora orðréttri, hvers vegna er hún þá ekki fjölrítuð, og kennslustund svo varið til kennslu, – í stað þess að láta stúdentu puða við störf, sem fjölritarar eru venjulega látnir gera?<sup>2</sup>

Böðvar virðist þó hafa gert ráð fyrir því að fyrirlestrar gætu verið með ýmsu móti og jafnvel verið gagnlegir, en margir stúdentar væru mjög á móti þessari aðferð og hefðu þeir að sínu viti mikið til síns máls. Til þess að hafa gagn af fyrirlestrum þyrfti nefnilega mikinn sjálfsaga og undirbúning, og það væri algerlega undir nemandanum sjálfum komið hvort þeir nýttust honum eða ekki. Fyrirlestraformið, hélt Böðvar fram, væri „með öðrum orðum sniðið fyrir fólk á öðru þroskastigi en það, sem stundar nám við Háskóla Íslands“. Þetta væri þó enginn áfellingdómur yfir íslenskum stúdentum því það væri „nú einu sinni staðreynd, að mjög margir erlendir háskólar hafa horfið frá því að nota fyrirlestrakennslu eingöngu“ og sett „semínar-æfingar“ ýmiss konar í þeirra stað, og hlyti það að vera vegna þess að slík aðferð hentaði háskólanemendum betur.<sup>3</sup>

Ein meginábinging Böðvars snerist þannig um það óþol sem fyrirlestraadferðin ylli hjá þeim sem undir henni mættu sitja. Efni fyrirlestranna færi gjarnan „fyrir ofan garð og neðan hjá öllum þorra stúdenta, sem síðan leiðir eðlilega til þess, að þeim hundleiðist í kennslustundum“, og kæmu þeir úr þeim „bæði reiðir og leiðir“. En „[k]ennsluform, sem að álitni nemenda er bæði úrelt og óhæft, getur aldrei leitt til góðs“,<sup>4</sup> sagði Böðvar og var raunar ekki einn um þá skoðun, enda var pistill hans ritaður við upphaf tímabils þegar kennsluaðferðir voru teknar til gagn Gerrar endurskoðunar.

## 2. Nýtt kennsluform: „semínarkennsla“

Á því árabili sem hér er til umfjöllunar, árunum 1961–90, urðu grundvallarbreytingar á kennslufyrirkomulagi í Háskóla Íslands.

<sup>2</sup> Böðvar Guðmundsson, „Efling Háskólans“, 11. Leturbr. í heimild.

<sup>3</sup> Böðvar Guðmundsson, „Efling Háskólans“, 12.

<sup>4</sup> Böðvar Guðmundsson, „Efling Háskólans“, 11–12.



*Kennslustund í I. kennslustofu Háskólans, á fyrstu hæð, suðurálmú til hægri frá anddyri, þar sem nú eru skrifstofur og háskólaráðs-herbergi. Þarna var stundum setið þröngt og ekki mikið rúm fyrir sjálfstæða vinnu stúdenta.*

Að einhverju leyti var mismunandi eftir deildum í hverju breytingarnar fólust, en ein stærsta breytingin var sú að stigakerfi eða „prófhlutakerfi“ var lagt af. Samkvæmt því var sá háttur hafður á að náminu, eins og t.d. læknisfræði, viðskiptafræði eða í heimspeki-deildarfögum, var skipt upp í stig eða hluta sem tóku frá einu og upp í a.m.k. tvö ár. Svo að dæmi sé tekið af námi í Læknadeild þá hafði það auk undirbúningsárs skipst í þrjá hluta sem tóku frá einu og hálfu upp í tvö ár. Nám í Viðskiptadeild, svo að annað dæmi sé tekið, hafði skipst í tvo hluta sem hvor um sig tók tvö ár. Í þessu kerfi var ekki um að ræða neinar valgreinar heldur skyldi hver nemandi tileinka sér ákveðið námsefni eða „pensúm“ sem fyrir var lagt. Námsmat var síðan með þeim hætti að í lok hvers námshluta voru haldin próf og var þá prófað í öllu námsefni þess hluta.<sup>5</sup>

Í stórum dráttum fólust breytingarnar í því að skipt var yfir í kerfi þar sem námið var brotið upp í styttri námskeið er gáfu tilteknar einingar. Þetta var í samræmi við áætlanir í skýrslu Háskólanefndar frá árinu 1969, að skipulag námsins skyldi byggjast „á námsbrautum, sem ákveðnar væru með reglugerð. Hver námsbraut fæli í sér tiltekinn stigafjöldi aðalnámsgreina með viðbót kjörgreina, er velja mætti á milli.“ Í skýrslunni var kveðið á um að þetta fyrirkomulag gæti í meginatriðum átt við um allar deildir Háskólans að undanskildum Lækna- og Tannlæknadeild.<sup>6</sup>

- <sup>5</sup> Sjá t.d. Háskóli Íslands. Kennslukrá 1965–1966. *Haustmisserið*, 26. – Háskóli Íslands. Kennslukrá 1965–1966. *Vormisserið*, 7–19. – Háskóli Íslands. Kennslukrá 1965–1966. *Haustmisserið*, 7–17. – *Handbók stúdenta* 1967, 51, 59–61.
- <sup>6</sup> *Efning Háskóla Íslands*, 37.

## II. GRUNNMENTUNARSKÓLINN – II.11 NÝIR KENNSLUHÆTTIR

Þó tók nokkurn tíma fyrir þessi umskipti að verða að veruleika, en ef gripið er niður í kennsluskrá skólans í lok tímabilsins, árið 1989–90, sést að þau höfðu náð fram að ganga og grundvallarbreytingar orðið á allri námsskipun er voru í samræmi við þær áætlanir sem höfðu verið gerðar á árunum í kringum 1970.<sup>7</sup> Þá má einnig nefna að „aðferðafræði“ hafði fengið mun meira vægi en áður, ritgerðasmíði skipaði verulega aukinn sess, og áform um annars konar kennsluaðferðir en fyrirlestraformið eins og t.d. „umræðufundi“, æfingar, verkefnavinnu og málstofur eða „semínör“ höfðu sannanlega gengið eftir.<sup>8</sup>

Breytingin yfir í námseiningakerfi var þannig aðeins einn hluti umfangsmikillar endurskoðunar á kennsluaðferðum eða kennsluháttum innan skólans, og er hún enn eitt dæmið um málefni þar sem verulegur samhljómur ríkti meðal háskólayfirvalda og stúdenta. Með öðrum orðum er ekki hægt að halda því fram að ráðamenn innan Háskólans annars vegar og nemendur hins vegar hafi myndað einhvers konar andstæða póla í afstöðu sinni, í báðum herbúðum voru menn að nokkru leyti sammála um þörfina á breyttum kennsluaðferðum.

Rektor skólans, Ármann Snævarr, tók t.d. undir slíkar kröfur og sagði í grein er birtist í Stúdentablaðinu 1. desember 1968 að nauðsynlega þyrfti að breyta kennsluháttum í ýmsum greinum og stúdentar þyrftu að verða virkari í sínu námi. Helsta úrræðið til þess var að kennslan færi fram í smærri hópum, sagði rektor, og því þyrfti að draga úr fyrirlestraforminu en auka hlut „semínaræfinga og umræðuhópa“.<sup>9</sup> Sama afstaða kom einnig fram í Háskólaskýrslunni margnefndu.<sup>10</sup> Aftur á móti sýna heimildir að það voru stúdentar sjálfir sem voru virkastir í umræðunni um þessi mál og stýrðu henni jafnvel. Þetta kom t.d. fram í því að sjálf tillagan um breytingu yfir í námseiningakerfi kom ekki frá háskólayfirvöldum heldur frá Stúdentaráði. Í fundargerðabók háskólaráðs má lesa að tillaga er stúdentar báru fram þann 26. febrúar 1970 um að „námseiningakerfi ... [yrði] tekið upp við Háskóla Íslands að sem mestu leyti næsta haust“ hafi verið samþykkt samhljóða.<sup>11</sup> Og hvað snerti gagnrýnina á staðnaða kennsluhætti og þá einkum fyrirlestraformið á síðari hluta sjöunda áratugarins þá fóru stúdentar einnig í fararbroddi eða nánar tiltekið menntamálanefnd Stúdentaráðs.

<sup>7</sup> Sjá *Háskóli Íslands. Kennsluskrá 1989–1990*.

<sup>8</sup> Sjá *Háskóli Íslands. Kennsluskrá 1989–1990*, t.d. bls. 33, 37, 108–15, 159, 166, 174, 185–87, 488–95.

<sup>9</sup> *Stúdentablaðið* 1968 1. des., 41.

<sup>10</sup> *Efning Háskóla Íslands II. Húsnæðismál*. Fullnaðargreinargerð undirnefndar í húsnæðismálum, 10.

<sup>11</sup> *HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs* 26. feb. 1970, 202–03. Þór Vilhjálmsson prófessor í Lagadeild greiddi þó ekki atkvæði vegna, eins og hann lét bóka, „þeirrar athugunar, er nú stendur yfir á námsháttum í lagadeild“. – Sjá einnig *Árbók Háskóla Íslands 1969–73*, 145.

### 3. Uppreisnin gegn fyrirlestraforminu

Menntamálanefnd Stúdentaráðs var sett á fót árið 1966, og var fyrsta verk hennar að hlutast til um að rituð yrði úttekt fyrir Stúdentablaðið á því hvernig æðra námi væri háttað í Frakklandi. Nefndin virðist hafa litið til Frakka sem ákveðinnar fyrirmyndar á því sviði, og var það einn nefndarmanna, Steingrímur Gautur Kristjánsson, sem greinina ritaði.<sup>12</sup> Hér var á ferð ítarlegt yfirlit yfir franskt skólakerfi allt frá barnafræðslu til háskólanáms, en í þessu samhengi skiptir mestu umfjöllun höfundar um hina sjálfstæðu og gagnrýnu námsaðferð sem hann hélt fram að hefði einkennt franska uppeldisfræði um margar aldir. Í greininni var vitnað í franska rithöfundinn Michel de Montaigne og haft eftir honum að markmið skólakerfisins og menntunar yfirhöfuð væri að búa til „góð höfuð“ fremur en „mjög full höfuð“.<sup>13</sup> Þetta má einnig kalla einkunnarorð þeirrar umræðu sem fór í hönd á síðari hluta sjöunda áratugarins um eðli náms og nýja náms- og kennsluhætti. Í niðurstöðunum sagði þannig að kennsla ætti ekki að „miða að því, að nemendur leggi á minnið mikið magn þekkingaratriða af öllum sviðum mannlegs lífs“. Að vísu væru ákveðin

þekkingaratriði ... nauðsynleg hverjum manni, en markmið skólanáms er að þroska og þjálfva nemandann til sjálfstæðs sköpunarstarfs. Hann á að verða eins og tæki, sem hefur þekkingu að hráefni, vinnur úr henni með sjálfstæðu hugarstarfi og skilar árangri þess starfs sem „fullunninni vöru“, þannig að aðgengilegt verði öðrum mönnum.<sup>14</sup>

Hér var stigið í takt við þá almennu menntaumræðu sem fram fór meðal þjóðarinnar á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar og hafði áhrif á allt skólakerfið. „Hin nýja skólastefna“ þessara ára var einmitt m.a. sú, svo að vitnað sé í Helga Skúla Kjartansson, að auka „svigrúm fyrir frumkvæði nemenda og virkni, ekki síst í samvinnu og hópstarfi, og leggja rækt við sjálfstæði í hugsun og verki frekar en þekkinguna eina og sér“.<sup>15</sup>

Árið 1970 hélt menntamálanefnd málstefnu um nýskipun náms í Háskólanum, og var síðasta tölublað Vettvangs Stúdentaráðs árið 1970 helgað henni, en vart hafði áður verið gerð jafnitarleg úttekt á kennsluháttum við Háskóla Íslands og fram fór í tengslum við þennan fund. Ýmsar ályktanir voru fram bornar, og um fyrirlestraáðferðina



*Laganemi, Sigfús Gauti Þórðarson, við lestur í lestrarsal Háskólabókasafns í janúar 1970.*

<sup>12</sup> *Vettvangur Stúdentaráðs* 1966 maí, 4. – Steingrímur Gautur Kristjánsson, „Um æðra nám í Frakklandi“, 9.

<sup>13</sup> Steingrímur Gautur Kristjánsson, „Um æðra nám í Frakklandi“, 10. Leturbr. í heimild.

<sup>14</sup> Steingrímur Gautur Kristjánsson, „Um æðra nám í Frakklandi“, 13.

<sup>15</sup> Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, 421. – *Almenningsfræðsla á Íslandi II*, 130.





## II. GRUNNMENTUNARSKÓLINN – II.11 NÝIR KENNSLUHÆTTIR

*Á síðustu árum tímabilsins sem er fjallað um í þessum hluta föru tæknifyngur að hafa áhrif á kennslu. Myndin sýnir fyrstu tilraunina til fjar kennslu í Háskóla Íslands 1986. Haft var gagnvirkt samband við fólk norður á Akureyri.*



var gerð eftirfarandi samþykkt: „Fyrirlestraformið eitt sér er ekki nægilega fullkomið. Rétt er að horfið verði sem mest frá því og að kennslu í litlum umræðuhópum.“ Þá sagði ennfremur að í stað „staðreyndasöfnunar“ ætti að „leggja megináherzlu á hagnýta beitingu þekkingar og fræðilegar vinnuáferðir“. Ekki var vanþörf á að umrætt kennsluform væri tekið til endurskoðunar ef marka má lýsingar menntamálanefndar, en þær voru svohljóðandi: „Sú kennsluáferð, sem notast er við í Háskóla Íslands, er í meginatriðum á þessa leið: Kennarinn talar látlaust í 45 mín., skrifar ef til vill eitthvað með krít á töfluna af og til, nemendur sitja sem steinrunnir í sætum sínum, segja ekkert, spyrja einskis.“ Að loknu þessu „45 mín. einhliða upplýsingastreymi ... gengur kennarinn út, eftir sitja nemendur og bíða næsta kennslutíma. Tengsl nemenda og kennara eru í lágmarki.“ Þetta kennslufyrirkomulag hefði „fengið nafnið ítrodsluáferð“, og var að sögn nefndarinnar bæði „niðurdrepandi og andlega sljóvgandi“. Í staðinn vildi nefndin setja í fyrirúm skilning á námsefninu og „notkun þeirrar þekkingar“ sem nemendurnir öfluðu sér, en einnig lagði hún áherslu á að sjálft kennslustarfið yrði að taka stakkaskiptum og kennaramir að breyta um bæði afstöðu og hlutverk. Menntamálanefnd vildi þó ekki ganga svo langt að leggja fyrirlestraformið niður en lagði áherslu á að því yrði beitt með nýjum hætti. Þannig ætti kennarinn einungis að „flytja fyrirlestur fyrir allan námshópinn af og til, til að útskýra torskilin atriði og svara fyrirspurnum nemenda eða



þá að bæta einhverju við námsbækurnar“. Minni námshópar og sam-  
eiginleg verkefnavinna undir stjórn kennara væri það sem koma  
skyldi, enda væru slíkar kennsluáferðir „mun líflegri og ... [ykju]  
námsgleði og áhuga nemenda“. Þar fyrir utan lagði nefndin áherslu á  
þjálfun í ritgerðarsmíði eða að nemendum væri gert að skrifa „stuttar  
ritgerðir um eitthvert efni tengt hverri námsgrein, því slíkar æfingar  
þjálfna nemendur í notkun þekkingarinnar“.<sup>16</sup>

Önnur samþykkt menntamálanefndar Stúdentaráðs vorið 1970  
snerist um að strax í upphafi þegar stúdentar hæfu feril sinn við  
skólann ætti að „kynna þeim rækilega námið og tengsl hinna  
einstöku greina, þannig að menn fái í upphafi heildaryfirsýn yfir  
námsefni“. Þessi yfirlýsing tengdist náið því meginbaráttuefni  
stúdenta um þessar mundir að nám þeirra hefði tilgang sem væri  
æðri því að öðlast tiltekna námsgráðu. Í umræðum sem fylgdu til-  
lögunni var rætt um að það væri vandamál við Háskólann að nem-  
endur skorti „heildaryfirsýn yfir námið“ og að þeir gerðu sér „ekki  
grein fyrir samhengi milli kennslugreina“. Vegna þessa samhengis-  
leysis og skorts á yfirsýn færi tilgangur námsins að einhverju leyti  
forgörðum og námstíminn nýttist stúdentinum ekki sem skyldi. Var  
því haldið fram að það væri ekki fyrr en við lok námsins að hann  
vissi hvert innihald þess hefði í raun og veru verið, þá fyrst væri  
hann „í aðstöðu til að spyrja sig hvort hann sé ánægður með námið,  
... [sæi] ef til vill eftir að hafa ekki lært einstakar greinar betur, þar  
sem hann gerði sér ekki grein fyrir notagildi greinarinnar, þegar  
hann nam hana“. Hér átti kennarinn aftur á móti að koma til skjal-  
anna og frelsa nemendur undan því hlutverki að vera líkt og páfa-  
gaukar sem legðu stöðugt á minnið samhengislaus þekkingaratriði  
allar götur þar til þeir útskrifuðust úr skólanum. Kennarar ættu að  
örva nemendurnar með því að gera þeim „ljósan tilgang námsins“ og  
koma þeim „í skilning um, að kandidatspróf frá háskólanum er  
ekki loka takmarkið í lífinu, að þeirra bíði verkefni, sem þeir eigi  
að nota þá þekkingu, sem þeir afla sér til að leysa“.<sup>17</sup>


Mikilvægur þáttur í þeirri endurskoðun er hér fór fram var  
umræðan um prófafyrirkomulag og nýtt hlutverk prófa í sjálfu nám-  
inu. Prófin ættu þannig „ekki aðeins að vera gæðastimpill og  
refsivöndur, heldur beinlínis kennslutæki, sem hjálpaði bæði kenn-  
urum og nemendum að skipuleggja starf sitt og fylgjast með árangri  
þess“. Spurningin um sjálfstæði nemandans og virkni var enn megin-  
þema, en nefndin samþykkti að þegar prófað væri bæri fyrst og

<sup>16</sup> *Vettvangur Stúdentaráðs*  
1970 2. tbl., 1–2.

<sup>17</sup> *Vettvangur Stúdentaráðs*  
1970 2. tbl., 2.



## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.11 NÝIR KENNSLUHÆTTIR



Árið 1965 var teikning háskólakennarans enn hinn reglufasti, strangi lærifaðir með doðrant undir hendi. Teikningin er eftir Gunnar Eyþórsson sem teiknaði mikið í stúdentablöð og handbækur stúdenta á þessum árum.

fremst að athuga „hvort nemandi kunni að beita þekkingu sinni í greininni á hagnýtan hátt, en ekki eingöngu hvort hann hafi sankað að sér og lagt á minnið stórt safn staðreynda“. Þá bæri einnig að prófa úr námsefninu „miklu oftast en gert er“, og að prófaðferðir væru sem allra fjölbreyttastar og fælust m.a. í munnlegum prófum og ýmsum gerðum af skriflegum prófum.<sup>18</sup>

Sú umræða er hér fór fram var að sjálfsgöðu nátengd stúdenta-uppreisninni og þeim hugmyndum um háskólalýðræði og stúdentalýðræði sem hún byggðist á. Því fór að vísu fjarri að stúdentalýðing svokallaða brytist út með sömu látum á Íslandi og við ýmsa erlenda háskóla, og íslenskir prófessorar þurftu ekki að þola sömu raunir af hálfu nemenda sinna og ýmsir kollegar þeirra á erlendri grundu þar sem heilu háskóladeildirnar voru í uppnámi á þessum tíma. Samt fór ekki alveg hjá því að gerðar væru tilraunir til að velja prófessorum við Háskóla Íslands ofan af stallinum líkt og starfsbræðrum þeirra víða um Evrópu. Sjálft árið 1968 birtist þetta einna helst í könnun á rannsóknum og kennsluháttum prófessora við Heimspekideild, eða svonefndri „prófessorakönnun“, en það var einmitt menntamálanefnd Stúdentaráðs sem að henni stóð. En hugmyndin að þessari athugun kom fram árið áður í Vettvangi Stúdentaráðs og virðist hér hafa verið á ferð fyrsta tilraun til kennslukönnunar sem gerð var innan Háskóla Íslands. Stúdentum var mjög niðri fyrir, og sögðu þeir að þetta mál hefði „mikið verið rætt í menntamálanefnd í vetur“. Það virðist þannig ljóst að í þeirra augum var könnunin mikilvægur liður í að breyta náms- og kennsluháttum við skólann, en að sögn Vettvangs var það „alkunna, að stúdentar hafa til þessa verið algjörlega varnarláusir gagnvart prófessorum sínum og ekki átt þess neinn kost að láta í ljós skoðanir sínar á háttalagi þeirra á þá lund, að mark væri tekið á“. Skoðun menntamálanefndar var að „hófsamleg gagnrýni í þessum efnum geti e.t.v. stuðlað að bættum kennsluáðferðum og veitt prófessorum dálítið aðhald“.<sup>19</sup>

En þótt stúdentar þættust hinir hófsömustu þá má líklega deila um þá aðferð sem beitt var við könnunina. Í „úrtaki“ menntamálanefndar lentu sem sé einungis prófessorar við Heimspekideild, en ástæðan sem upp var gefin var sú að þótt þeir væru ekki endilega „öðrum betri eða verri“ væri bæði „fjöldi þeirra og stúdenta ... viðráðanlegur“, og þar að auki hefðu stúdentar þekkt flesta prófessora sína lengi „og ættu því að vera vel dómbærir á kosti þeirra og galla“. Síðar var svo áætlað að slíkar kannanir yrðu gerðar í öllum deildum.<sup>20</sup>

<sup>18</sup> *Vettvangur Stúdentaráðs* 1970 2. tbl., 3–4.

<sup>19</sup> *Vettvangur Stúdentaráðs* 1967 nóv., 7; 1968 maí, 1.

<sup>20</sup> *Vettvangur Stúdentaráðs* 1968 maí, 1.



Prófessorum við Heimspekideild var samt nokkuð brugðið þegar niðurstöður þessarar fyrstu kennslukönnunar sem fram fór við Háskóla Íslands komu á prenti,<sup>21</sup> og þarf kannski engan að undra. Þar voru nöfn og fæðingardagar þeirra birt, auk starfsaldurs við Háskóla Íslands, og voru síðan kostir og lestir hvers og eins tundaðir og metnir, eins og t.d. þekking þeirra á fræðigreini sinni, frumleiki, hvernig þeir sinntu rannsóknum og vísindastörfum og hæfileikar til að greina aðalatriði frá aukaatriðum. Þá var einnig lagt mat á hversu áheyrilegir þeir væru í kennslustundum, hvort þeir væru gamansamir og myndir, og ennfremur hversu gott væri að leita til þeirra utan kennslustunda.<sup>22</sup>

Kennarar brugðust harkalega við, og þann 11. júlí árið 1968 var haldinn fundur í háskólaráði þar sem ítarlega var fjallað um könnunina. Var samþykkt að senda Stúdentaráði bréf þess efnis að könnunin væri af „ýmsum ástæðum ámælisverð“ en í fyrsta lagi hefði hún „á sér vísindalegt snið, en ... [væri] þó óvísindaleg“. Þá væri hún „óviðeigandi og einstök ummæli ... [vörðuðu] að því er bezt verður séð, við lög“. Könnunin væri helst til þess fallin að skapa úlfúð milli kennara og nemenda og ætti auk þess alls ekkert erindi til almennings.<sup>23</sup> Háskólaráð ályktaði ennfremur að ekkert væri því til fyrirstöðu að slíkar kannanir væru gerðar en að gæta þyrfti „fyllstu hlutlægni bæði við orðun spurninga, úrvinnslu svara og mat á þeim“.<sup>24</sup>

Þess má að lokum geta að það liðu u.þ.b. tveir áratugir áður en þetta keppikefli stúdenta, að fá að leggja mat á frammistöðu lærifæðra sinna, og síðar -mæðra, varð fastur liður í starfi Háskólans. Í ritinu Háskóli Íslands. Framvinda og framfarir 1985–1991 segir að á þessu árabili hafi verið tekið upp „reglulegt mat á viðhorfum nemenda til námskeiða“. Því var haldið fram að þetta hefði gefið góða raun enda fengu „kennarar ábendingar um það sem betur mætti fara við kennslu, hvort heldur við undirbúning og skipulag námskeiðs, fyrirlestrahald, hjálpargögn, örvun og hvatningu til sjálfstæðrar hugsunar eða jafnvel hvað varðar framkomu við nemendur“.<sup>25</sup> Af lýsingu þessari má ráða að fjölmörg af baráttuefnum stúdenta um 1970 hafi borið árangur og orðið hluti af stefnu skólans um hvernig kennsluhætti bæri að leggja áherslu á.

#### 4. Þróun umræðunnar

Tíu árum eftir umræður og fundahöld menntamálanefndar Stúdentaráðs um kennsluáðferðir og kennsluhætti var enn haldin ráð-

<sup>21</sup> *HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs 11. júlí 1968.*

<sup>22</sup> *Vettvangur Stúdentaráðs 1968 maí, 1–4.*

<sup>23</sup> *HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs 11. júlí 1968, 55.*

<sup>24</sup> *HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs 11. júlí 1968, 56.*

<sup>25</sup> *Háskóli Íslands. Framvinda og framfarir, 15.*

## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.11 NÝIR KENNSLUHÆTTIR

*Nemendur í sagnfræði í  
Árماغarði veturinn 1969–  
70, líklega að hlusta á  
fyrirlestur fremur en að  
halda uppi samræðum.*



stefna þar sem ýmis þessara efna voru enn tekin til skoðunar. Aftur voru það stúdentar og ungir fræðimenn sem tóku forystuna, en í byrjun nóvember árið 1980 hélt margumrædd menntamálanefnd Stúdentaráðs ásamt Samtökum stundakennara ráðstefnu er bar yfirskriftina „Stjórnun og kennsluhættir í Háskóla Íslands“.<sup>26</sup>

Umfjöllunin um ráðstefnuna ber með sér að nokkur reynsla hafi verið komin á þá þætti sem hvað mest áhersla var lögð á um 1970 og að nemendur og kennarar hafi þar með verið orðnir betur búnir til að meta raunhæft kosti þeirra og galla. Þannig kom t.d. fram sú skoðun að varast bæri að einblína á sjálfa kennsluáferðina eða „oftrú á einstökum kennsluforum sem slíkum, höfuðmáli skiptir hvernig kennslustundir nýtast í raun, hvert sem formið er“. Um umræðutíma var sett fram sú skoðun að þeir væru „oft eftirsóknarvert kennsluform en jafnframt afar vandmeðfarið“. Til þess að þeir nýttust að einhverju marki þyrftu „flestir og helst allir þátttakendur í umræðuhópi að vera virkir“. Þessu markmiði yrði aftur á móti ekki náð „nema hópurinn sé fámennur og nemendur vel undirbúnir“.<sup>27</sup> Þá má greina heldur jákvæðari tón í garð fyrirlestraformsins en um 1970, en um það var sagt að þótt sá tími sem varið væri til „hrens fyrirlestrahalds“ ætti ekki að vera mjög mikill gætu fyrirlestrar þó verið „mjög gagnlegt kennsluform, ekki sízt í kjarnaþáttum. Fyrirlestrum ætti ekki eingöngu að vera ætlað að miðla fróðleik, heldur ætti að reifa og skýra viðfangs-efnið og draga upp heildarmynd af því.“<sup>28</sup>

<sup>26</sup> *Stúdentablaðið* 1980 7. tbl., 10–14.

<sup>27</sup> *Stúdentablaðið* 1980 7. tbl., 14.

<sup>28</sup> *Stúdentablaðið* 1980 7. tbl., 12.



Mál málanna var þó ennþá krafan um „hið gagnrýna nám“ og um leið spurningin um takmark alls þess starfs sem fór fram innan Háskóla Íslands. En í niðurstöðum umræðuhópa var lögð áhersla á „gagnrýnið nám“ og að nemendur fengju „þjálfun í að vinna úr efnivið sínum á gagnrýninn hátt og leggja á hann sjálfstætt mat“.<sup>29</sup> Einnig má segja að „ráðstefnuályktun“ er birt var í Stúdentablaðinu hafi snúið um ákveðið tilbrigði við það stef sem stúdentum hafði verið svo tíðrætt um á fundi þeirra tíu árum áður, eða hina stóru spurningu um sjálfan tilgang og markmið námsins, og var hún svo-hljóðandi: „Því verði beint til háskólayfirvalda, deilda, námsbrauta og skora, að sett verði fram skýrari markmið með starfi í Háskóla Íslands, bæði hvað varðar kennslu og rannsóknir, að hver grein eða deild setji fram skýr markmið með kennslu í viðkomandi fagi og að það verði ljóst að kennsluform og námsmat miði að því að ná þeim markmiðum.“ Þetta væri nauðsynlegt til þess að „nemendur og kennarar verði sér betur meðvitaðir um afleiðingar eða árangur af starfi sínu innan Háskólans, bæði fyrir sjálfa sig og fyrir þjóðfélagið í heild“.<sup>30</sup>

Að lokum má nefna að á þessari ráðstefnu stúdenta og stunda-kennara var nokkuð fjallað um hlutverk námsnefnda, en þær voru meðal nýjunga sem komið var á á þessum árum. Á ráðstefnunni var því haldið fram að starfssvið þeirra mætti greina í þrjá meginþætti. Þær ættu í fyrsta lagi að vera eins konar tæki sem hefði eftirlit með kennslunni, benti á það sem færi miður og gerði tillögur til úrbóta. Þá næði starfssvið þeirra einnig til þess að velja námsefni þótt reyndar væri umdeilt hversu miklu stúdentar ættu að ráða í þeim efnum. Í þriðja lagi ættu námsnefndir síðan að fjalla um markmið sjálfrar kennslunnar, þótt sá þáttur hefði lítið verið á dagskrá þeirra að svo komnu.<sup>31</sup>

Í það minnsta var tilurð námsnefndanna bein afleiðing „stúdentabyltingarinnar“ og hugmynda þessara ára um stúdentalyðræði. Þó skal bent á varnaðarorð Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur í Stúdentablaðinu árið 1980, en hún setti fram efasemdir um hversu mikil áhrif nemendur gætu í raun haft á skipulag námsins, þrátt fyrir tilkomu námsnefnda:

Beri nemendur fram tillögu um eitthvert hagsmunamál sitt, hvort sem þar er um breytingar á námsefni, kennsluháttum eða annað slíkt að ræða, þá er ekki þar með sagt að þeir

<sup>29</sup> *Stúdentablaðið* 1980 7. tbl., 12.


<sup>30</sup> *Stúdentablaðið* 1980 7. tbl., 11.

<sup>31</sup> *Stúdentablaðið* 1980 7. tbl., 11.



## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.11 NÝIR KENNSLUHÆTTIR

*Stúdentar á leið í kennslustund í Árnagarði líklega á nýnda áratugnum.*



kennarar sem í námsnefnd sitja samþykki viðkomandi tillögu. Þeir eru fulltrúar sinna kollega, og þurfa síður en svo að vera reiðubúnir til þess að samþykkja mál sem borið er upp í námsnefnd. Fari mál þannig að það sé samþykkt af hálfu nemenda, en ekki hálfu kennara – hvað gerist þá?

Jú, málið er borið undir deildarfund þar sem skýrt er frá því hvernig atkvæðin liggja. Og þá þarf ekki að gera sér neinar gyllivonir um annað en að kennarar á deildarfundi, sem eiga mun fleiri sæti en nemendur, greiði atkvæði gegn tillögunni, á sama hátt og kollegar þeirra í námsnefnd gerðu, og þar með er tillagan felld.

Kálið var sem sé ekki sopið þótt í ausuna væri komið, en Guðbjörg Linda hvatti nemendur þó til að „berjast fram í fingurgóma á þessum sennilega skástu vígstöðvum okkar“, vinna vel að sínum málum og rökstyðja þau og nýta þar með til fullnustu þetta baráttu-tæki sem námsmenn höfðu þrátt fyrir allt öðlast.<sup>32</sup>

<sup>32</sup> Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, „Enn um námsnefndir“, 7.





## 12. Átök um fjöldatakmarkanir

### 1. Læknadeild

Aðgangstakmarkanir stúdenta að Háskóla Íslands voru gamalt þema í sögu stofnunarinnar og bar á góma strax á upphafsárum hennar. Málið hafði þá þegar margar hliðar eins og fjallað er um í fyrsta hluta bókarinnar í kaflanum Sníkjudýr á Þjóðarlíkamanum, en þar greinir frá því að fábreyttar menntunarleiðir hafi skapað hættu á að of margir stúdentar flyktust í þær greinar sem í boði voru og skortur yrði á aðstöðu til að kenna stúdentum og þjálfa þá. Við þetta bættust svo áhyggjur manna af offjölgun menntamanna eða hinum landlæga ótta við „ofmenntaðan öreigalýð“.<sup>1</sup> Þá kemur einnig fram að frá stofnun Verkfræðideildar tíðkuðust þar einhvers konar fjöldatakmarkanir,<sup>2</sup> en samkvæmt reglum voru gerðar kröfur um að vegið meðaltal úr greinum á borð við eðlisfræði og stærðfræði væri yfir ákveðnu lágmarki.<sup>3</sup>

Læknadeild var snemma í brennipunkti umræðna og átaka um þessi mál, enda hafði hún lengi þá sérstöðu að vera eina raungreinin sem stunduð var við skólann. Og á árunum 1968–69 bar til tíðinda í þeim efnum. Í Árbók Háskóla Íslands er aðdraganda atburðanna lýst á þann veg að Menntamálaráðuneyti hafi verið skýrt frá þeirri ályktun háskólaráðs er gerð var 4. júlí 1968 að ráðið tæki undir „það mat læknadeildar, að deildin hafi hvorki mannafla né mannvirki til að mennta nema tiltölulega takmarkaðan fjölda stúdenta árlega, eða 20–25“. Skoðun háskólaráðs sjálfs í málinu væri að það væri óæskilegt að takmarka aðgang nemenda að einstökum deildum. Aðstöðuleysi og kennaraskortur gerði það aftur á móti að verkum að nú væri fokið í flest skjól og ráðið teldi sig „ekki eygja annan möguleika en að takmarka aðgang að læknanámi, eins og á stóð, nema tryggðar væru fjárveitingar til öflunar húsnæðis og aukinna kennslukrafta“. Enn og aftur var það fjárhagurinn sem setti skólann stólinn fyrir dyrnar, og var því undirstrikað að kanna þyrfti „hvort unnt væri að fá fyrirheit ríkisstjórnar um slíkar fjárveitingar“. Í það minnsta taldi háskólaráð rétt að þessum nýju reglum um „takmörkun á aðgangi að læknanámi“ yrði ekki fylgt á vetri komanda, 1968–69, heldur tækju þær fyrst gildi þegar skráð yrði til náms háskólaárið 1969–70.<sup>4</sup>

<sup>1</sup> Sjá kafla I.5.2 Sníkjudýr á Þjóðarlíkamanum.

<sup>2</sup> Sjá kafla I.9.2 Grunnánám í embættismannaskóla.

<sup>3</sup> Vef. Leifsformúla. Sótt 17. apríl 2011.

<sup>4</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1968–69, 54. – *HÍ*. Fundargerðabók háskólaráðs 4. júlí 1968.



## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.12 ÁTÖK UM FJÖLDATAKMARKANIR

Ári eftir að þessi ályktun var gerð í háskólaráði var svo staðfest breyting á reglugerð nr. 76 frá 1958 fyrir Háskóla Íslands þar sem bættist við ákvæði um inntökuskilyrði í Læknadeild. Sagði nú að deildin gæti sett „lágmarkseinkunnir á stúdentsprófi sem skilyrði inntöku“.<sup>5</sup> Í greinargerð sem birtist í Morgunblaðinu þann 1. júlí 1969 „vegna lágmarkseinkunnar til inngöngu í læknadeild“ frá Háskóla Íslands var svo útskýrt enn nánar hvaða ástæður lágu að baki þessum kröfum, en þar var gerð grein fyrir þróun nemendafjölda við deildina og að í ófni stefndi þar sem útlit væri fyrir að 150 nemendur yrðu skraddir á fyrsta ár. Gæti þetta svo leitt til þess að ekki yrði hægt að gefa stúdentum kost á verklegum námskeiðum innan eðlilegs námstíma. Jafnframt sagði að „[m]eð hliðsjón af námsárangri stúdenta á forprófum undanfarin 6 ár ... [væri] mælt svo fyrir, að stúdentar úr stærðfræði- og náttúrufræðideildum ... [skyldu] hafa lágmarkseinkunnina 7,25 og stúdentar úr máladeild (þar með taldir stúdentar úr Verzlunarskóla Íslands og Kennaraskóla Íslands) lágmarkseinkunnina 8,00 til þess að fullnægja inntökuskilyrðum í læknisfræði“.<sup>6</sup>

Með þessu upphófust átök milli læknastúdenta annars vegar og Háskólans og menntamálayfirvalda hins vegar um aðgangstakmarkanirnar. Segja má að þau málefni sem í deigluinu voru á þriðja áratug 20. aldar hafi sum hver gengið aftur í þessari umræðu, eins og t.d. umkvartanir yfir aðstöðuleysi við kennslu. Um 1970 var hún þó orðin allt önnur enda stúdentar nú nýtt afl á vettvangi hennar. Tímasetningu hinnar nýju reglugerðar bar líka upp á hápunkt stúdentabyltingarinnar í Evrópu og bálín sem stúdentar kveiktu á götum Parísar varla slokknuð. Hafa félagsfræðingarnir Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir enda haldið því fram að í viðbrögðum læknanema sumarið '69 hafi falist „fyrstu herskáu aðgerðirnar sem íslenskir stúdentar stóðu að“.<sup>7</sup> Að vísu má segja að aðgerðir menntamálanefndar Stúdentaráðs og hin svonefnda prófessorakönnun árið áður gætu gert tilkall til að hafa verið í forystu í þessum efnun, enda vart hægt að segja annað en að þær hafi haft á sér allherskáan blæ. Spurningin um frumkvöðlastarf innan íslensku stúdentahreyfingarinnar er þó ekki í forgrunni hér heldur hitt að sumarið fræga '69 var viðburðaríkt og að það fer að einhverju leyti tvennum sögum af því hvað gerðist.

Í Þjóðviljanum 21. maí 1969 gat þannig að líta forsíðufregn þar sem fram kom að „[f]jölmennur fundur læknanema á 1. ári, haldinn

<sup>5</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1968–69, 172.

<sup>6</sup> *Morgunblaðið* 1. júlí 1969, 19. – *Þjóðviljinn* 1. júlí 1969, 1.

<sup>7</sup> Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 194.



*Mörgum nýnemum þótti óþægilega þungt að opna aðaldyr Háskóla Íslands áður en settur var vélrænn opnunarbúnaður á hurðina.*

í Norræna húsinu 19. maí 1969“ hefði gert eftirfarandi ályktun: „Fundurinn mótmælir harðlega þeirri fruntalegu meðferð, sem læknastúdentar á 1. ári sæta, og þeim óhæfu aðferðum, sem viðhafðar eru, til að takmarka fjölda nemenda í læknadeild.“ Ennfremur var þess krafist að „ómerk verði gerð reglugerðarbreyting frá síðastliðnu hausti, þess eðlis, að stúdentar verði við upphafspróf að standast próf í öllum prófgreinum samtímis og auk þess að hljóta hærri meðaleinkunn en tíðkazi hefur“. Þá var krafa fundarins „einnig, að ekki verði sett nein sér inntökuskilyrði fyrir læknadeild“. Ályktunin var send menntamálaráðherra, háskólarektor og forseta Læknadeildar, einnig blöðum og útvarpi.<sup>8</sup>

Saga stúdenta af þessum atburðum er að hluta til önnur en sú sem birtist í gögnum háskólayfirvalda. Í einu fræðilegu rannsókninni sem enn er fyrir hendi þar sem fjallað er um þetta mál, '68. Hugarflog úr viðjum vanans, segir í fyrsta lagi um baráttu læknanema vorid og sumarið 1969 að hún hafi á þeim tíma farið út fyrir alla ramma sem vébönd íslenskrar stúdentahreyfingar gátu rúmað. „Form aðgerðanna var svo róttækt á þeirra tíma mælikvarða, að hvorki var hægt að bendla nafn Verðandi né Félags læknanema beinlínis við þær, en

<sup>8</sup> Þjóðviljinn 21. maí 1969, 9. Leturbr. í heimild.



## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.12 ÁTÖK UM FJÖLDATAKMARKANIR

hægt var að nota nafn nýstofnaðra samtaka atvinnulausra framhaldsskólanema, Hagsmunasamtök skólafólks.“ Má nefna að stúdentar gripu til að boða svokallað „próffall“ sem var svo afstýrt á elleftu stundu – eða tíu mínútum fyrir próf.<sup>9</sup> Hér skiptir þó meginmáli viðtal höfunda við Svein Rúnar Hauksson er tók að sér að vera talsmaður fyrsta árs nemanna, en það varpar athyglisverðu ljósi á framvinduna. Af því má ráða að sú aðferð er beitt var til að takmarka fjölda nemenda við Læknadeild hafi jafnvel verið flóknari en virtist og að deildin hafi ekki aðeins haft í hyggju að beita einkunnatakmarkunum heldur einnig að „*numerus clausus*“ hafi í raun verið komið á án þess að það væri sagt berum orðum í reglugerð. Þannig segir að Læknadeild hafi ætlað sér að takmarka aðgang að deildinni og „þeir miðuðu við töluna 24 sem „*numerus clausus*““. Þá er því enn fremur haldið fram að deildin hafi farið „krókaleið að markinu“ með því að fá tölfræðing til þess að „reikna út með hliðsjón af reynslu stúdenta síðustu ára, hvaða einkunnir þyrfti að setja sem lágmarkseinkunn til að fá þennan hæfilega fjölda eða 24 inn í læknadeild“.<sup>10</sup>

Ef málið er séð frá sjónarhorni stúdenta þá er ekki að furða að upp úr syði, en það virðist hafa snúist um í það minnsta þrjá þætti. Í fyrsta lagi að með þeirri aðgerð að koma yfirhöfuð á einkunnatakmarkunum hefðu menntamálayfirvöld gengið á bak orða sinna. Í öðru lagi að umrædd takmörk væru ekki það sem þau sýndust heldur yfirvarp yfir hið raunverulega ástand mála, að „*numerus clausus*“ væri fyrir hendi án þess að hann liti út sem slíkur. Í þriðja lagi hefðu fyrsta árs læknanemar veturinn 1968–69, er gengu til prófs þá um vorið, „gert sér grein fyrir að takmörkun var þegar hafin með því að herða á kröfum í 1. árs prófum þá um vorið“, auk þess sem sett hafði verið sú regla að stúdentar yrðu að ná öllum prófum samtímis.<sup>11</sup>

Svo vikið sé að fyrsta atriðinu, að menntamálaráðherra hefði ekki haldið orð sín, þá segir Sveinn Rúnar Hauksson að ráðherra hefði lýst því yfir á Alþingi í desember árið áður, „beinum orðum og afdráttarlaust, að hann mundi ekki leyfa lokun einstakra deilda og myndi ekki sætta sig við það að læknadeild yrði lokað. Þegar þetta kom upp um vorið, að læknadeild ætlaði að takmarka aðgang, fannst okkur“, þ.e.a.s. læknastúdentum á 1. ári, „að Gylfi væri að ganga á bak orða sinna með því að veita þeim þessa heimild.“<sup>12</sup>

Ráðherra varð þannig ein helsta skotskífa aðgerða læknanema sumarið 1969, enda var valdið til að afnema einkunnatakmarkanirnar

<sup>9</sup> Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 194, 196. – *Morgunblaðið* 22. maí 1969, 2. „Háskólaráð ræðir mótæli læknanema“.

<sup>10</sup> Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 194.

<sup>11</sup> Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 194–96. – *Þjóðviljinn* 21. maí 1969, 9.

<sup>12</sup> Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 194.

í hans höndum. Líklegt má telja að sumarleyfisferð hans þetta árið hafi verið honum minnisstæð, enda fylgdu stúdentar honum fylktu liði til Keflavíkur „þar sem hann lagði upp, og rifumst þar við hann“. Tók svo enn stærri hópur á móti honum þegar hann kom til baka með dreifibréf og „fjölmíðlar ... til staðar“.<sup>13</sup> Var þess getið að umræðurnar í síðara skiptið hefðu farið fram í reyksal M/S Lagarfoss er flutti ráðherra til landsins.<sup>14</sup>

Málinu vatt fram um sumarið, og var ritaður fjöldi greina í dagblöð, auk þess sem ráðuneyti menntamála og Læknadeild áttu bréfaskipti um sumarið um leiðir í málinu.<sup>15</sup> Ennfremur má nefna að kennarar Menntaskólans í Reykjavík gerðu ályktun þar sem þeir lýstu sig andsnúna takmörkunum, enda væri „aðaleinkunn á stúdentsprófi ... ekki réttur mælikvarði á hæfni manna til að ráðast í læknanám“. Skýrsla er birtist í desember 1969 undir heitinu „Forspár um innritun stúdenta í Læknadeild H.Í. fyrir árin 1970 til 1972“ studdi þetta sjónarmið, en Læknadeild og Reiknistofnun Háskólans létu vinna hana. Þar kom fram að stærri hundraðshluti stúdenta á Akureyri var með einkunnina 7,25 eða hærri á stúdentsprófi en stúdentar frá MR. Ennfremur sýndi úttektin greinilegan mun á árangri nemenda með sömu stúdentsprófseinkunn í forprófi í Læknadeild á þann veg að stúdentum frá MA hafði verið hættara við brottfalli en stúdentum frá MR. Stúdentaráð sendi í framhaldinu frá sér yfirlýsingu þar sem það gekk svo langt að fordæma þá ráðstöfun að „einskorða aðgang við einkunnir á stúdentsprófi“ enda væru „[e]inkunnir stúdentaskólanna ... ekki sambærilegar“.<sup>16</sup>

Málefni læknanema voru þannig víða til umræðu áfram í samfélaginu, og þótti ýmsum ótækt að einkunn á stúdentsprófi væri látin ráða hverjir fengju aðgang að því námi. Læknaþing fjallaði t.d. um þetta þann 14. september 1969 og taldi að ekki væri þörf á takmörkunum á meðan enn væri læknaskortur á landsbyggðinni.<sup>17</sup> Lyktir málsins urðu þó góðar að sögn talsmanns stúdenta, Sveins Rúnars Haukssonar, en það „skemmtilega við þessa sögu [var] að hún fékk jákvæðan enda að okkar mati. Það tókst að hindra læknadeildina í að koma á Numerus Clausus, svo rækilega, að það tók þá áratug að koma á þeirri fjöldatakmörkun, sem nú er við lýði.“ Kannski hefur ekki skipt minnstu máli að það tókst að „skapa almenningsálit gegn fjöldatakmörkunum“ og að stúdentsprófseinkunnir væru ekki góður mælikvarði á hæfileika manna til að starfa í faginu. Þá skipti vissulega miklu máli að stúdentar

<sup>13</sup> Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 196.

<sup>14</sup> *Morgunblaðið* 2. ágúst 1969, 24.

<sup>15</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1968–69, 55.

<sup>16</sup> *Morgunblaðið* 3. júlí 1969, 24; 11. des. 1969, 2; 16. des. 1969, 2.

<sup>17</sup> *Morgunblaðið* 16. sept. 1969, 28.

## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.12 ÁTÖK UM FJÖLDATAKMARKANIR

*Sveinn Rúnar Hauksson  
læknanemi, síðar læknir og  
forystumaður samtakanna  
Ísland–Palestína, borinn út  
úr Menntamálaráðuneytinu  
eftir mótmælaaðgerðir þar  
24. apríl 1970.*



þóttust „geta þjarnað að Gylfa Þ. vegna þeirra loforda sem hann hafði gefið, auk þess sem við vissum að hann var heiðursmaður sem vildi standa við orð sín“.<sup>18</sup>

Svo mikið er víst að Menntamálaráðuneytið fór fram á það í bréfi til Læknadeildar Háskólans 7. ágúst 1969 „að hún félli frá ákvörðun sinni um lágmarkseinkunn til innritunar í deildina á þessu hausti, og varð deildarfundur við þessari beiðni“. Voru stúdentar með þessu taldir hafa „unnið umtalsverðan sigur“, enda hefðu „ráðherra og læknadeild ... orðið að fallast á kröfur þeirra“.<sup>19</sup> Og leiðarahöfundur Morgunblaðsins skrifaði forystugrein sína 8. ágúst 1969 undir fyrirsögninni „Farsæl lausn“. Sagði þar að blaðið hefði barist „óhikað gegn því, að aðgangur að læknadeildinni yrði takmarkaður“ og fagnaði „þeirri farsælu lausn, sem málið hefur fengið nú“ og tekið fram að „[ó]ánægja almennings og blaða út af gangi þessa máls og efni þess ... [hefði] átt ríkan þátt í þeirri þróun, sem það hefur tekið“.<sup>20</sup>

Málinu var þó fjarri því lokið, og vandi Læknadeildar hvað að-stöðuleysi snerti var ekki leystur. Þetta kom vel fram í viðtali Morgunblaðsins við Ólaf Bjarnason, prófessor og forseta Læknadeildar, þar sem hann gerði grein fyrir meginatriðum málsins eins og þau horfðu við deildinni. „Læknánám er nú hvarvetna mjög dýrt háskólanám“, sagði Ólafur m.a. „Ef við eigum að fylgjast með má ekki horfa í þó að það kosti nokkuð.“ Tók hann fram að „skipulagning og áætlunargerð

<sup>18</sup> Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, '68, 196–67.

<sup>19</sup> *Tíminn* 7. ágúst 1969, 1.


<sup>20</sup> *Morgunblaðið* 8. ágúst 1969, 12.

... [yrði] að miðast við ákveðinn hóp nemenda. Við það miðast tækjakostur og kennaralið“<sup>21</sup>. Þá undirstrikaði hann að ef vilji þjóðarinnar væri sá að „stækka hópinn sem nýtur kennslu í læknadeild verður að koma til aukinn tækjakostur, aukið húsnæði og aukið kennaralið“<sup>21</sup>.

Atburðarás og aðgerðir ársins 1969 voru sumpart óvenjulegar enda litríkar á ýmsan hátt og af þeim nýjabrum, þar sem landsmenn áttu ekki að venjast uppþoti af slíku tagi frá stúdentum. Þær voru samt fyrirboði þess sem koma skyldi. Saga Læknadeildar litaðist af þessu máli frá því í lok sjöunda áratugarins og fram á þann níunda, og spurningin um hvort koma ætti á aðgangstakmörkunum eða ekki var í brennidepli. Álit Læknadeildar var að þörf væri á að takmarka aðgang nemenda að deildinni, en stúdentar mótmæltu slíkum takmörkunum, og háskólaráð studdi þá stefnu fram í byrjun níunda áratugarins. Fjórði aðalleikandinn í þessu spili var svo ráðuneyti menntamála og stjórnvöld almennt sem sátu á þeim sjóðum sem menn gátu sammælt um innan Háskólans að Læknadeild þyrfti sárlega á að halda.

Meginatriði umræðnanna var eins og áður segir að aðstöðu skorti innan Læknadeildar og að stjórnvöld yrðu að koma til skjalanna til að leysa þar úr. Hér má vitna til atburðarásar er varð árið 1973, en um vorið það ár ályktaði deildarfundur að ef ekki yrðu gerðar ráðstafanir af þeirra hálfu til „að leysa vandamál deildarinnar og framkvæma nauðsynlegustu úrbætur á þeirri aðstöðu, sem hún býr við“ yrði að beita aðgangstakmörkunum.<sup>22</sup> Og þann 14. september 1973 gaf forseti Læknadeildar út þá yfirlýsingu að deildin teldi „að við núverandi aðstæður sé óframkvæmanlegt að veita þeim fjölda stúdenta, sem nú sækja deildina, viðhlítandi kennslu. Ekki verður því hjá því komist, að takmarka fjölda þeirra stúdenta, sem haldið geta áfram námi á 2. námsári haustið 1974 sbr. 42. gr. reglugerðar H.Í.“<sup>23</sup> Málið var rætt í háskólaráði 25. október 1973, og er þess getið að umræður hafi orðið miklar, en þó var afgreiðsla „máls þessa í heild“ frestað.<sup>24</sup>

Eins og lesa má um í Morgunblaðinu varð þessi hrina ársins 1973 tilefni verkfallsaðgerða stúdenta. Var þar greint frá því að læknanemar myndu hefja verkfall 2. nóvember og að í aðgerðunum fælist „að þeir munu ekki sækja kennslustundir og leggja niður lestur“. En til að „undirstrika verkfallsaðgerðirnar“ ætluðu læknanemar að „safnast saman á Landspítalalóðinni um kl. 1 og fara í



Táknræn mynd Stúdentablaðs birtist með grein um fjöldatakmörkanir í læknisfræði.

<sup>21</sup> Morgunblaðið 17. ágúst 1969, 13.

<sup>22</sup> Stúdentablaðið 1973 8. tbl., 1. Leturbr. í heimild.

<sup>23</sup> Stúdentablaðið 1973 8. tbl., 1.

<sup>24</sup> HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs 25. okt. 1973, 158–59.

## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.12 ÁTÖK UM FJÖLDATAKMARKANIR

fjöldagöngu niður á Arnarhól, afhenda greinargerðir sínar í Menntamálaráðuneytinu og Heilbrigðisráðuneytinu en halda síðan áfram göngunni upp í Háskóla“. Þar hugðust þeir afhenda rektor skólans sama plagg.<sup>25</sup> Með verkfallinu, sem stóð í tvo daga, vildu læknamemar undirstrika tvennt. Í fyrsta lagi „að fjöldatakmörkunum í Læknadeild verði aldrei beitt“ og í annan stað að strax yrði „hafist handa um bætur á húsnæðis- og kennsluvanda Læknadeildar“.<sup>26</sup>

Í greinargerðinni komu áherslur læknanema skýrt fram, en þeir tóku fullkomlega undir það álit Læknadeildar að aðstaða við deildina væri bág, m.a. varðandi klíníska kennslu á sjúkrahúsum, og var það rakið í Stúdentablaðinu í október 1973. En blaðið fjallaði í þessu sambandi einnig um umræðu sem fram hafði farið innan deildarinnar fáeinum árum áður þess efnis að „kennslugeta“ deildarinnar færi eftir þeim „fyrirgreiðslum og fjárveitingum“ sem hún fengi frá stjórnvöldum, og var bent á að „með ýmsum úrbótum væri unnt að leysa að nokkru þau vandkvæði er stæðu kennslugetu deildarinnar fyrir þrifum“.<sup>27</sup> Hér var tekið upp sjónarmið er síðar kom fram í umræðunni um fjöldatakmarkanir innan tannlækninga,<sup>28</sup> eða að úrbætur er gera þyrfti til að deildin réði við að þjálfra og kenna fleiri læknanemum hafi að einhverju leyti snúist um bætt skipulagningu eða „hagræðingu“, jafnframt þörfinni fyrir beinhart fjármagn.

Þótt stór hluti umræðnanna snerist um aðstöðuleysi í læknanámi komu fjölmörg önnur sjónarmið fram. Þar skal t.d. nefna þá staðhæfingu að offjölgun í Læknadeild tengdist almennri stefnu í mál-efnum Háskólans og æðri menntunar og þá ekki síst að stúdentar þyrftu að eiga um fjölbreyttari námsleiðir að velja.<sup>29</sup> Í yfirlýsingu er Stúdentafélag Háskóla Íslands sendi fjölmiðlum í byrjun árs 1970 var því haldið fram að með því að loka einni deild innan Háskólans væru vandamálin „aðeins flutt yfir á aðrar deildir“. Kjarni þessa vandamáls, þ.e. offjölgun „í einstökum háskóladeildum“, stafaði frammar öllu af „námsleiðafæð við H.Í.“ auk skorts „stúdenta á fjármagni til náms við erlenda háskóla,“ og ennfremur af „launamisrétti háskólamenntaðra manna í þjóðfélaginu“. Lausnin hlyti því að felast í því að leysa þetta þrennt.<sup>30</sup>

Þá var það einnig skoðun Félags læknanema að það ætti að vera hlutverk stjórnvalda í landinu en ekki Læknadeildar að „ákveða takmarkanir í deildina“, enda væri slíkt „fyrst og fremst ákvörðun þjóðfélagsins“ eða „pólítísk ákvörðun“.<sup>31</sup> Þetta sjónarmið kom einnig

<sup>25</sup> *Morgunblaðið* 2. nóv. 1973, 2.

<sup>26</sup> *Stúdentablaðið* 1973 10. tbl., 6.

<sup>27</sup> *Stúdentablaðið* 1973 8. tbl., 1.

<sup>28</sup> *Morgunblaðið* 12. feb. 1988, 2.

<sup>29</sup> *Stúdentablaðið* 1973 10. tbl., 6.

<sup>30</sup> *Morgunblaðið* 3. jan. 1970, 5.

<sup>31</sup> *Stúdentablaðið* 1973 10. tbl., 6.



fram í greinargerð Guðlaugs Þorvaldssonar háskólarektors er hann lagði fyrir háskólaráð árið 1978.<sup>32</sup>

Enn einn þátturinn sem fram kemur í heimildum um þessi mál snerist svo um áðurnefndar grunsemdir stúdenta um að þegar væri fyrir hendi ákveðinn „*numerus clausus*“ innan deildarinnar sem ekki væri gerður opinber, en hann kom aftur upp á yfirborðið árið 1973. Stúdentablaðið skrifaði haustið 1973 að fyrir á sama ári hefði blaðið fjallað um málefni læknanema, vegna þess að ýmislegt hefði þótt „benda til þess, að þegar væru hafnar dulbúnar takmörkunaraðgerðir á nemendafjölda innan deildarinnar, og þóttu ýmis teikn rökstyðja þann grun, að próf á fyrsta, öðru og þriðja ári væru beinlínis notuð til að ná fram æskilegum fjölda nemenda innan deildarinnar“. Þá sagði blaðið, og virðist hafa þótt það styðja þennan grun, að stuttu eftir að grein þessi birtist hefði forseti deildarinnar auglýst „að ekki yrði hjá því komist að beita „*numerus clausus*“ reglu gagnvart þeim nemendum, sem hyggðust hefja nám á öðru ári í deildinni haustið 1974“.<sup>33</sup>

Að lokum skal nefndur sá mikilvægi þráður umræðunnar er snerist um fyrirbærið sjálft sem aðferð, þ.e. *numerus clausus*, til að takmarka aðgang nemenda. Virðist þessi þáttur gjarnan hafa verið tengdur spurningum á borð við hvort hætta væri á offjölgun innan læknastéttar og stefnumótun um þörf á læknum miðað við fólksfjölda í landinu. Stjórn Stúdentaráðs gerði þetta að umræðuefni í yfirlýsingu sem það sendi frá sér vegna ályktunar Læknadeildar vorið 1973, en þar sagði að Stúdentaráð væri „í grundvallaratriðum andvíggt öllum námshömlum, sem byggjast á öðrum forsendum en faglegum kröfum námsins sjálfs“. Þá lýsti ráðið þeirri skoðun sinni að fyrirhugaðar námstakmarkanir væru „flestum námstakmörkunum ósanngjarnari og óvægnari gagnvart viðkomandi stúdentum og ... [kynnu] að skaða félagsleg samskipti þeirra og sálarlíf alvarlega“. Einnig var tiltekið að læknaskortur á Íslandi væri viðvarandi og því „síst tilefni til að takmarka fjölda læknanema“; slíkar aðgerðir bitnuðu þannig á íbúum dreifbýlisins auk læknastúdenta sjálfra.<sup>34</sup>

Hér er þó rétt að benda á að umræðan á þessum tíma einkennist nokkuð af því að það er næstum eins og blátt bann hafi legið við að ræða „takmarkanir“ af nokkru tagi, næstum sama undir hvaða formerkjum það væri gert eða hverju nafni sem þær nefndust. Að þessu leyti eru umræður tímabilsins um þessi mál ólíkar því sem gerist nú á dögum, u.þ.b. 40 árum síðar. Í því sambandi má þó benda á athyglis-

<sup>32</sup> HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs 16. mars 1978, 366.

<sup>33</sup> Stúdentablaðið 1973 8. tbl., 1. – Um málið var fjallað í Stúdentablaðinu 1973 6. tbl., 1.

„Hvað er að gerast innan læknadeildar?“. Stúdentablaðið 1973 8. tbl., 1.



## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.12 ÁTÖK UM FJÖLDATAKMARKANIR

*Fjöldatakörkunum mótmælt í anddyri Háskóla-  
byggingar.*



verða grein er birtist í Stúdentablaðinu árið 1976, eða þremur árum síðar, og var eftir Eirík Þorgeirsson læknanema. Tílefni greinarinnar var m.a. það að Stúdentablaðið hefði ásakað læknanema um samstöðuleysi gagnvart áætlunum um að koma á fjöldatakörkunum. Hefði höfundur orðið skotsþóinn blaðsins, en hann hafði setið hjá við atkvæðagreiðslu um málið í Stúdentaráði og hlotið bággt fyrir. Samkvæmt honum var kjarni málsins að það yrði að marka einhvers konar stefnu varðandi framtíðarfjölda lækna í landinu. Sú stund mundi brátt renna upp að þess yrði krafist að „heilbrigðismálum, mennta-



málum (háskólanum) og öðrum stórum þáttum samneyzlunnar, verði markaður ákveðinn fastur rammi innan heildarútgjalda ríkisins“. Og stúdentar gætu ekki „eiffllega skotið sér undan að móta heildarstefnu, og benda á raunhæfar leiðir til þess að menntunarstrúktúr þjóðarinnar verði í einhverju samræmi við þarfir hennar“. Höfundur tók þó fram að hann væri „á móti numerus clausus sem stjórnunaraðferð á árlegum fjölda námsmanna í einstökum greinum“. Sú leið ylli „óeðlilegum samkeppnisanda, þegar ekki er lengur barizt við námsefnið og faglegar kröfur, heldur gegn námsfélögum“. Þar fyrir utan væri margumræddur numerus þeim „annmörkum háður, að hafna hæfum mönnum eitt árið, en hampa öðrum lakari ári síðar“. Aðrar aðferðir væru því sanngjarnari ef það reyndist nauðsynlegt að „beina námsmönnum frá hefðbundnu embættismannanámi í framtíðinni“.<sup>35</sup>

Er komið var fram á síðari hluta áttunda áratugarins voru settar fram mjög alvarlegar efasemdir háskólayfirvalda um réttmæti þess að takmarka aðgang stúdenta að Læknadeild. Á fundi háskólaráðs 7. júlí 1977 lagði rektor, Guðlaugur Þorvaldsson, fram tillögu um að háskólaráð beindi „þeim eindregnu tilmælum til læknadeildar, að fjöldatakmörkunum verði ekki beitt á þessu ári og ennfremur, að háskólaráði verði ávallt send ýtarleg, rökstudd greinargerð um nauðsyn takmörkunar hverju sinni. Slík greinargerð verði jafnan samin í samráði við kennslustjóra Háskóla Íslands“. Var tillaga þessi samþykkt með tíu atkvæðum gegn einu.<sup>36</sup> Á fundi ráðsins 25. ágúst sama ár var síðan lagt fram bréf frá Menntamálaráðuneyti um að það mundi „beita sér fyrir því að fjöldatakmörkunum á öðru námsári í læknadeild verði ekki beitt á þessu ári“.<sup>37</sup>

Fjöldatakmörkunarmálið var enn til umfjöllunar í háskólaráði þann 16. mars 1978, en nú lagði rektor fram tillögu um skipun fimm manna nefndar er ætti að „kanna ýtarlega, hvaða þættir í starfsemi læknadeildar valdi því, að álitin sé þörf á beitingu heimildarákvæðis um takmörkun aðgangs að námi á öðru ári og geri tillögur um það, hvaða úrbætur verði gerðar, svo að komast megi hjá beitingu heimildarákvæðisins“. Var þetta samþykkt.<sup>38</sup> Í tillögu rektors virðist mega greina efa um að þess væri óumflýjanleg þörf að takmarka aðgang að deildinni, eða í það minnsta um að sá vandi væri þess eðlis að hann mætti ekki leysa eftir öðrum leiðum. Greinargerðin sýnir a.m.k. að rektor taldi að aðgangstakmarkanir yrðu að vera afar vel rökstuddar af hálfu Læknadeildar, og reynt yrði með öllum leiðum að leita fjárveitinga eða annarra aðferða til úrbóta.<sup>39</sup>

<sup>35</sup> *Stúdentablaðið* 1976 2. tbl., 6.

<sup>36</sup> *HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs* 7. júlí 1977, 268.

<sup>37</sup> *HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs* 25. ágúst 1977, 278.

<sup>38</sup> *HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs* 16. mars 1978, 364.

<sup>39</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1976–79, 228.



## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.12 ÁTÖK UM FJÖLDATAKMARKANIR

Rektor benti á að „[n]emendafjöldi í læknadeild í heild ... [hefði] ekki vaxið á undanförunum árum“, og ennfremur að það hlyti að teljast hæpið að taka ákvörðun er væri svo afdrifarík eins og að beita heimildarákvæðinu einungis á grundvelli hinnar „góðu frammistöðu í janúarprófum í ár“. <sup>40</sup> Og þá benti rektor á, eins og læknanemar höfðu gert árið 1973, að ákvarðanir um takmörkun nemendafjölda við einstakar námsbrautir eða deildir ætti að taka á æðri stigum stjórnskipunar íslensks þjóðfélags og jafnvel með fulltingi nefndar sem skipuð væri fulltrúum helstu aðila að málinu. Nefndin ætti hverju sinni að taka afstöðu til raka Læknadeildar í málinu og leita leiða til úrbóta:

Ef talið er nauðsynlegt að grípa til takmörkunar nemendafjölda í einstökum deildum eða námsbrautum eða í háskólanum almennt vegna „offjölgunar“ í einstökum stéttum eða „þarfa“ þjóðfélagsins, hlýtur það að vera hlutverk æðstu stjórnvalda (þ.e. Alþingis og ríkisstjórnar eða ráðuneytis) að taka ákvörðun þar að lútandi.

Til greina kæmi að koma síðar upp fastanefnd, sem ráðuneyti menntamála og heilbrigðismála, Læknafélag Íslands, læknadeild Háskóla Íslands (kennarar og nemendur) og háskólaráð ættu aðild að og e.t.v. einhverjir fleiri, og væri henni hverju sinni ætlað að meta rök læknadeildar fyrir nýtingu heimildarákvæðis og jafnframt að gera grein fyrir því, hvað þyrfti til þess að ryðja þörfinni til takmörkunar úr vegi. <sup>41</sup>

Nefnd var skipuð, og skilaði hún álitum er lagt var fram í háskólaráði í byrjun ágúst 1978. Voru raktar „tillögur þær, sem nefndin gerir nú til bráðabirgða, og þær sem gerðar eru til fjárveitingavalds, háskóla-yfirvalda og læknadeildar“, og lýsti forseti Læknadeildar „sig efnislega sammála álitum nefndarinnar“. Á sama fundi var enn eina ferðina tekið fyrir bréf frá Félagi læknanema, „þar sem þess er óskað við háskólaráð, að það skori á læknadeild að beita ekki fjöldatakmörkunum í ár“. Háskólaráð varð við þessu með tólf atkvæðum gegn einu og einn sat hjá. <sup>42</sup>

Þann 29. ágúst 1978 var birt auglýsing Menntamálaráðuneytisins um breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands þar sem 42. grein b, um kennslu í Læknadeild, orðist svo:

<sup>40</sup> HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs 16. mars 1978, 366.

<sup>41</sup> HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs 16. mars 1978, 365–66.

<sup>42</sup> Árbók Háskóla Íslands 1976–79, 230–31.







*Læknanemar boða verkfall 2. og 3. nóvember árið 1973 til að mótmæla fjöldatakmörkunum.*

Sé fjöldi stúdenta, sem stenst 1. árs próf, meiri en svo, að veita megi þeim öllum viðunandi framhaldskennslu við aðstæður á hverjum tíma, getur deildin takmarkað fjölda þeirra, sem halda áfram námi. Jafnan skal þó a.m.k. 24 stúdentum veittur kostur á að halda áfram námi. Skal ákvörðunin hverju sinni tilkynnt fyrir upphaf þess misseris, er prófið er haldið. Réttur stúdenta til framhaldsnáms skal miðaður við árangur 1. árs prófs eftir nánari ákvörðun deildarinnar. Ákvörðun um fjöldatakmörkun samkvæmt þessari málsgrein kemur ekki til framkvæmda nema að fengnu samþykki háskólaráðs.<sup>43</sup>

Háskólaráð lýsti því þó yfir á fundi sínum í lok ágúst 1978 „að fjöldatakmörkunum verði ekki beitt í læknadeild háskólaárið 1978–79“, og á fundi háskólaráðs 26. febrúar 1979 var fjöldatakmörkunartillögu Læknadeildar enn hafnað, með tólf atkvæðum gegn þremur.<sup>44</sup>

Málið var þó ekki til lykta leitt. Í byrjun nífunda áratugarins má segja að komið hafi brestir í eindregna afstöðu háskólaráðs gegn fjöldatakmörkunum. Í apríl 1981 samþykkti það tillögu Lækna-

<sup>43</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1976–79, 232. – *Stjórnartíðindi* 1978 A, 364. – *Stjórnartíðindi* 1958 A, 136–39.

<sup>44</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1976–79, 232–33.





## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.12 ÁTÖK UM FJÖLDATAKMARKANIR

deildar „um fjölda nemenda á 2. námsári“ með átta atkvæðum gegn sex. Í því sambandi er fróðlegt að líta á ummæli Sigurjóns Björnssonar prófessors í sálfræði sem lýsti afstöðu sinni til málsins:

Veturinn 1979, þegar fjöldatakmarkanir á 2. námsár í læknaeild voru til umfjöllunar, lagðist háskólaráð gegn fjöldatak-mörkunum, en gaf jafnframt fyrirheit um, að lagt yrði allt kapp á að bæta úr kennsluáðstæðum læknaeildar ... Í greinargerð deildarforseta læknaeildar frá 7.4. 1981 kemur fram að ekki hefur verið staðið við þessi fyrirheit nema að mjög óverulegu leyti. Af þessum sökum treysti ég mér ekki til að *leggjast gegn* beiðni læknaeildar um heimild til fjöldatakmarkunar. Hins vegar tel ég að fjöldatakmarkanir séu ranglát leið til úrbóta og enn beri að knýja fast á ríkisvaldið um önnur úrræði. Því get ég ekki greitt tillögu læknaeildar atkvæði. Af þessum tveim ástæðum kys ég að *sitja hjá* við atkvæðagreiðslu.<sup>45</sup>

Afstaða fulltrúa stúdenta, Atla Eyjólfssonar, Vilhelmínu Haraldsdóttur, Hrundar Ólafsdóttur og Elvars Arnar Unnsteinssonar, var aftur á móti ótvíræð og óskuðu þau að eftirfarandi yrði bókað:

Það að samþykkja fjöldatakmarkanir í læknaeild verðum við að fordæma. Það getur ekki talist annað en uppgjöf af hálfu háskólaráðs að fallast á að grípa til slíks óyndisúrræðis. Það kann ekki góðri lukku að stýra að háskólinn sætti sig við svikin loforð ríkisvaldsins og skeri niður fjölda læknanema og horfi þannig framhjá þeirri staðreynd, að slík ákvörðun hlýtur að vera pólitísk ákvörðun ríkisvaldsins hverju sinni. Numerus Clausus er fyrst og fremst skipulagsatriði fyrir læknaeild, þar liggja engar faglegar kröfur að baki, og brýtur þetta í bága við akademískt frelsi.<sup>46</sup>

Í apríl árið eftir, 1982, var svo samþykkt að „40 nemendur á fyrsta ári fái inngöngu á annað námsár, enda fullnægi þeir skilyrðum um lágmarkseinkunn“.<sup>47</sup> Árið eftir var tala þeirra sem færst gátu upp á annað ár, haustið 1983, komin í 36 sem var sú grunntala sem ákveðin hafði verið.<sup>48</sup> Að viðbætti þessari tölu gátu þó einnig sex erlendir stúdentar sem staðist höfðu öll próf á fyrsta námsári flust á annað námsár, en ekki fleiri en sex.<sup>49</sup> Þessi tala stúdenta sem komst á annað námsár hélst síðan óbreytt næstu árin.<sup>50</sup>

<sup>45</sup> *HÍ*. Fundargerðabók háskólaráðs 30. apríl 1981, 212–13. Leturbr. í heimild.

<sup>46</sup> *HÍ*. Fundargerðabók háskólaráðs 30. apríl 1981, 213.

<sup>47</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1981–82, 163. – *HÍ*. Fundargerðabók háskólaráðs 1. apríl 1982, 295, og 23. apríl 1982, 304.

<sup>48</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1981–82, 164.

<sup>49</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1982–84, 102.

<sup>50</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1989–91, 152.



## 2. Sjúkraþjálfun, tannlækningar og lyfjafræði lyfsala

Deilur um aðgangstakmarkanir voru í fleiri námsgreinum en læknisfræði á áttunda áratugnum og þá fyrst og fremst í sjúkraþjálfun, tannlækningum og lyfjafræði lyfsala. Nám í sjúkraþjálfun var ekki fyrir hafið en stúdentar tóku að mótmæla aðgangstakmörkunum – eða öllu heldur að aðgangstakmarkanir hefðu verið settar í heimildaleysi. „Sjúkraþjálfunarmálið“ stóð ritað með feitiletraðri yfirskrift í Stúdentablaðinu þann 15. september 1976, og yfir henni mátti lesa með heldur minna letri: „Siðleysi – lagaleysa“. Ástæða þessara upphrópana var auglýsing er birst hafði á vegum Háskólans þar sem sagði „að aðeins átján nemendur yrðu teknir í nám í sjúkraþjálfun nú í haust þegar kennsla hæfist í greininni“, en því var haldið fram að engin reglugerð hefði verið „fyrir hendi þegar auglýsing þessi var framin, sem heimilaði slíkt“.<sup>51</sup>

Aðdragandi málsins var sá að nefnd sem var skipuð sumarið 1973 „til að athuga möguleika á því, að stofnað yrði hér á landi til menntunar „sjúkraþjálfna og iðjuþjálfna““<sup>52</sup> lauk störfum í mars 1975 og skilaði þá af sér álit þar sem sagði að hjá því yrði ekki komist „að inntaka nemenda verði takmörkuð við ákveðinn hámarksfjölda ár hvert“. Aðalástæðan „fyrir takmörkun á fjölda nemenda ... [væri] mjög takmörkuð aðstaða til verklegs náms eða námsvinnu. Algert skilyrði kennslu í sjúkraþjálfun hér á landi, eins og raunar annars staðar, er aðstaða til verklegs náms sem vissulega er þröngur stakkur skorinn hér næstu ár“.<sup>53</sup>

Þá gerðist það að 60 manns sóttu um innritun í sjúkraþjálfun sem var langt umfram þann fjölda sem mögulegt var að veita verklega kennslu. Reglugerð um námið hafði þá ekki verið samþykkt, en tillögur um hana sem undirbúningsnefnd hafði unnið höfðu verið teknar til umræðu á fundi háskólaráðs í byrjun júlí 1976. Umræðunni var svo frestað fram yfir sumarleyfi, en í henni hafði talan 18 komið upp sem „hámarkstala innritunar vegna aðstöðuleysis við æfingar o.fl.“<sup>54</sup>

Á þessu stigi varð að taka ákvörðun um fjölda nemenda sem fengju að hefja nám, þótt reglugerðin hefði ekki verið samþykkt, enda umsækjendur beðið um að þeim yrði svarað svo skjótt sem auðið væri til að gefa þeim kost á að „leita annað, ef þeim yrði vísað frá sjúkraþjálfun hér“. Um framhaldið sagði rektor skólans, Guðlaugur Þorvaldsson, að hann og kennslustjóri hefðu þurft að taka „umdeilanlega ákvörðun, sem fólst í því, að miða ætti við töluna 18 sem hámark innritunar, en

<sup>51</sup> Stúdentablaðið 1976 6. tbl., 1.

<sup>52</sup> Stúdentablaðið 1976 6. tbl., 5. – Um stofnun Námsbrautar í sjúkraþjálfun, sjá *Árbók Háskóla Íslands* 1976–79, 128–30.

<sup>53</sup> Stúdentablaðið 1976 6. tbl., 5.

<sup>54</sup> Stúdentablaðið 1976 6. tbl., 6.



## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.12 ÁTÖK UM FJÖLDATAKMARKANIR

Það er sú hæsta tala sem nefnd hefur verið í umræðum um málið. Ekki þótti rétt að kveðja saman háskólaráð út af þessu“. Við val á nemendum var fyrst og fremst miðað við þetta en hún sýndi „að aðaleinkunn á stúdentsprófi ... [var] í öllum höfuðatriðum ... látin ráða“.<sup>55</sup>

Málið kom til umræðu í háskólaráði árið eftir eða þann 30. júní 1977 og var m.a. rætt hvort takmörkunum ætti að beita þegar við innritun nemenda eða að loknu fyrsta misseri. Var lýst þeirri „skoðun stúdenta að meginmunur væri á því hvort aðgangstakmörkun kæmi til við innritun eða að loknu fyrsta misseri“. Þó áleit meirihluti ráðsins að beita þyrfti takmörkunum strax við innritun. Þá stóð val einnig um hvort velja ætti „nemendur að námsbrautinni með hlutkesti eða á sama hátt og sl. ár ...“, þ.e.a.s. „með hliðsjón af einkunnum á stúdentsprófi og öðrum þáttum, svo sem reynslu í starfi“. Var samþykkt að veita 24 nemendum aðgang að greininni „á hausti komanda“.<sup>56</sup>

Rektor skólans var þó engan veginn sáttur við gang mála fremur en hugmyndir um takmarkanir í Læknadeild á svipuðum tíma. Hann benti á að það væri mikill „skortur á sjúkraþjálfurum til starfa hér á landi“ og hefði verið „um langt skeið“, og beindi hann þeim „eindregnu tilmælum“ til menntamálaráðherra, heilbrigðismálaráðherra og allrar ríkisstjórnarinnar að gerðar yrðu úrbætur á þann veg að sjúkraþjálfanemum stæði til boða „aukið vistunarrými“ á hinum ýmsu stofnunum í verklegri þjálfun.<sup>57</sup> Reyndin varð þó sú að haustið eftir, 1978, féll sá fjöldi nema sem inngöngu fékk niður í 20 manns,<sup>58</sup> og hélst sú tala óbreytt þar til haustið 1983 að „tillaga stjórnar námsbrautar í sjúkraþjálfun um að 18 nemendum verði heimilað að hefja nám ... haustið 1983“ var samþykkt. Hélt sú tala óbreytt næstu ár á eftir.<sup>59</sup>

Í Tannlæknadeild fylgdi togstreitan um nemendafjöldann svipuðu mynstri og í Læknadeild þar sem deildin vildi takmarka fjölda þeirra er leyft yrði að setjast á skólabekk í faginu, en háskólaráð hafði varann á gagnvart takmörkunum, og Stúdentaráð var gersamlega á móti þeim. Þann 13. mars árið 1980 tók háskólaráð fyrir erindi frá Tannlæknadeild frá fyrra mánuði um „að sex stúdentum verði leyft að hefja nám á 2. námsári haustið 1980“. Fulltrúar stúdenta í ráðinu lögðu aftur á móti fram annað erindi „þar sem lagt er til, að ekki skuli beitt heimild til fjöldatakmarkana í tannlæknadeild háskólaárið 1979–1980“. Á sama fundi var jafnframt lagt fram bréf frá landlækni þar sem kom fram „að nú muni skorta um 40–50 tannlækna hér á landi til þess að þjónusta megi teljast

<sup>55</sup> *Stúdentablaðið* 1976 6. tbl., 6.

<sup>56</sup> *HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs* 30. júní 1977, 259–60.

<sup>57</sup> *HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs* 30. júní 1977, 260.

<sup>58</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1976–79, 237.

<sup>59</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1982–84, 106; 1984–85, 185; 1987–88, 85.



viðunandi“. Tillaga Tannlæknadeildar um að sex stúdentar fengju að flytjast á annað námsár var felld en aftur á móti samþykkt tillaga rektors um að tveimur fleiri stúdentar eða „8 ... fái að hefja nám á 2. námsári í tannlæknadeild á hausti komanda, enda hafi þeir náð tilskildum árangri í prófum 1. námsárs“. Á fundi háskólaráðs 29. maí var svo lagt fram bréf frá Tannlæknadeild þar sem hún mótmælti „harðlega þeirri ákvörðun háskólaráðs, að átta stúdentum skuli leyft að hefja nám á 2. námsári á hausti komanda þrátt fyrir ítrekaðar rökstuddar ábendingar deildarinnar um óyfistíganlega erfiðleika samfara því að auka við fjölda stúdenta í tæknilegu og klínísku námi við núverandi húsnæðisaðstæður deildarinnar“.<sup>60</sup>

Tilbrigði við þetta stef upphófst svo aftur árið eftir eða 1981. Tannlæknadeild leit svo á að samþykkt háskólaráðs frá fyrra ári um stúdentana átta er fengju að halda áfram „námi á 2. námsári“ væri enn í gildi. Háskólaráð spyrnti aftur á móti við fótum og lýsti því yfir að „heimildar til fjöldatakmörkunar“ þyrfti að leita „á hverju ári“.<sup>61</sup> Þann 30. apríl var svo lagt fram bréf Stúdentaráðs þar sem ráðið lýsti sig „alfarið á móti öllum fjöldatakmörkunum, hverju nafni sem þær nefnast“, en niðurstaðan varð sú að hin heilaga tala stúdenta sem hleypt var á annað námsár yrði áfram átta.<sup>62</sup>

Þessi dæmi sýna að baráttan um stólana átta í Tannlæknadeild var hörð, og enn tók hún á sig nýjar myndir. Á fundi í ágúst árið 1983 var lagt fyrir háskólaráð erindi frá stúdent sem hafði orðið fyrir því að eftir að einkunnir voru birtar var gerð leiðrétting á einkunn hans sem varð þess valdandi, að hann lækkaði og varð í nífunda sæti við samkeppnispróf. Svokölluð lögskýringarnefnd komst að því að stúdentinn ætti ekki að sæta lækkun, en þar með urðu tveir nemar jafnir í áttunda sæti. Ráð deildarforseta við þessu var að tilviljunin ein, þ.e.a.s. hlutkesti, skyldi ráða hvor nemandinn kæmist áfram. En fulltrúar stúdenta í háskólaráði settu nú hnefann í borðið og fengu því framgenget að báðir rötudu tannlæknastúdentarnir í gegnum gullna hliðið. Forseti Tannlæknadeildar lét bóka að deildin (söm við sig) mótmælti „harðlega ákvörðun háskólaráðs“ og lýsti „fullri ábyrgð á hendur ráðinu á þeim afleiðingum sem gætu hlotist af, ef deildin getur ekki veitt öllum stúdentum verklega kennslu“.<sup>63</sup>

Rektor hélt stólunum átta inni í trássi við vilja Tannlæknadeildar er vildi fækka þeim í sjö námsárið 1984–85 og aðeins sex ári síðar.<sup>64</sup> Háskólaráð og deildarráð Tannlæknadeildar héldu áfram að togast á um pláss tannlæknanema, en segja má að stúdentar hafi lent á milli í

<sup>60</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1979–80, 79.

<sup>61</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1980–81, 85.


<sup>62</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1980–81, 86.

<sup>63</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1982–84, 104.

<sup>64</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1982–84, 106; 1984–85, 185.

## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.12 ÁTÖK UM FJÖLDATAKMARKANIR

*Ef fleiri en einn fengu jafnháa einkunn í sjöunda sæti á samkeppnisprófum í tannlækningum var skorið úr því með hlutkesti hverjir fengju að halda áfram námi. Árið 1988 þreyttu 20 nemendur prófin og fengu þrjú jafnháa einkunn í sjötta til áttunda sæti. Var því einn þeirra valinn frá með teningskasti. Myndin birtist með frétt Tímans um það mál.*



Því skæklatogi enda þeirra lífshlaup og framtíðaráform í húfi.<sup>65</sup> Togstreitan um stólana kann þannig að virðast sakleysisleg þegar Árbækur Háskólans eru lesnar, a.m.k. við fyrstu sýn, en árið 1988 urðu atburðir sem sýndu svart á hvítu hinn napurlega veruleika þess. Þann 18. febrúar þetta ár lágu fyrir háskólaráði tvö erindi, annað frá tannlæknanemanum A, en hitt frá tannlæknanemanum B. Þeir félagar A og B sögðu farir sínar ekki sléttar er þeir leituðu til æðstu stjórnar Háskólans með mál sín. Eins og segir í Árbók Háskólans varð A, tannlæknanemi, „einn þriggja nemenda sem jafnir urðu í 6., 7. og 8. sæti við samkeppnispróf í lok haustmisseris 1. árs, en samkvæmt samþykkt háskólaráðs frá s.l. vori skyldi 7 nemendum heimilt áframhaldandi nám á vormisseri“. Nefndur A varð svo óheppinn þegar hlutkesti var varpað, „[s]amkvæmt reglugerð ... um hverjir tveir hinna þriggja nemenda skyldu hljóta sæti nr. 6 og 7“ að hann lenti í því áttunda. A fór „nú fram á að honum ... [yrði] heimilað að halda áfram námi“, en B aftur á móti, sá er „varð í 9. sæti á sama samkeppnisprófi“ fór einnig „fram á að honum ... [yrði] heimilt að setjast

<sup>65</sup> Árbók Háskóla Íslands 1985–87, 141–42; 1987–88, 85.



á vormisseri 1. árs“. Svo fóru leikar að tannlæknastúdentinum A var veitt innganga í hinn eftirsóttta félagsskap en dyrum á hinn bóginn skellt framan í andlit nemans B, að vísu gegn atkvæði forseta Viðskiptadeildar.<sup>66</sup>

Morgunblaðið hafði tekið málið upp á sína arma sex dögum áður en fundur háskólaráðs var haldinn, með fyrirsögninni „Teningakastið í tannlæknadeildinni: Ógeðfeld aðferð til að gera upp á milli nemenda“. Hér var vitnað í varaháskólarektor og forseta Lagadeildar, Jónatan Þórmundsson, en forseti Viðskiptadeildar, Þórir Einarsson, tók í sama streng og sagði að sú leið að kasta teningum væru „óskynsamleg aðferð sem getur valdið mannlegum harmleik“. Og bætti við þeirri skoðun sinni að stólavandamálið stóra og aðstöðuleysi Tannlæknadeildar væri orðum aukið og mætti leysa með bættu skipulagi. „Deildin er afsþyrnudýr“, sagði hann, en bæði væri „rekstrarkostnaður hennar mikill og einnig hefur verið fjárfest þar mikið í tækjum“. Kastaði hann fram þeirri fullyrðingu að þar á bæ hefði „ekki verið gætt fyllstu hagræðingar. Það þarf að nýta deildina betur með því t.d. að fjölga nemendum í henni og lengja kennslutímamann á hverju ári. Fjöldi tannlæknastóla í deildinni er viss flöskuháls, en hins vegar ekki eins mikill og menn vilja vera láta. Ég álfít að það sé hægt að fjölga nemendum þar eitthvað án þess að bæta við tannlæknastólum“.<sup>67</sup>

Ekki var nóg með að viðtal væri tekið við hlutaðeigendur heldur var leiðari Morgunblaðsins einnig helgaður málinu. Þar var ólán umrædds B að vísu látið liggja á milli hluta en eindregin afstaða tekin með hinum nefnda A, og kannski hefur það haft sitt að segja um afgreiðslu háskólaráðs á máli hans. „Það er óneitanlega nóturlegt, að hlutkesti geti ... ráðið örlögum ungs manns“, sagði blaðið. „Sá háskóli og sú háskóladeild, sem á ekki annarra kosta völu en beita hlutkesti til þess að komast að niðurstöðu í máli af þessu tagi, eru komin á villigötur“. Það væri „einfaldlega ekki frambærilegt, að Háskóli Íslands noti slíka aðferð til þess að ráða örlögum ungs fólks“.<sup>68</sup> Raunar fór svo að háskólaráð ákvað að leggja til við menntamálaráðherra að „ákvæði um hlutkesti í tannlæknadeild verði numið úr 108. gr. háskólareglugerðar“.<sup>69</sup>

Enn eitt fagið þar sem fjöldatakmörkanir voru í deigluinni var lyfjafræði lyfsala. Í háskólaráði þann 25. ágúst 1983 var lagt fram bréf frá stjórnarnefnd fagsins „þar sem þess er óskað, að fjöldi nýstúdentna við deildarhlutann verði á hausti 1983 takmarkaður við

<sup>66</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1987–88, 86. – *HÍ*.

Fundargerðabók háskólaráðs 18. feb. 1988. Þar er fjallað um málið og hlutaðeigandi stúdentar nafngreindir.

<sup>67</sup> *Morgunblaðið* 12. feb. 1988, 2.

<sup>68</sup> *Morgunblaðið* 12. feb. 1988, 26.

<sup>69</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1987–88, 86. – Sjá umræður um þetta í *HÍ*. Fundargerðabók háskólaráðs 28. apríl 1988, 310–13.



## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.12 ÁTÖK UM FJÖLDATAKMARKANIR

Árið 1985 notaði Stúdentablaðið enn inngang aðalbyggingar Háskólans sem tákni um erfiðleika stúdenta við að komast inn í Háskólann.



töluna 25“, en rúmlega helmingi fleiri, eða 54, höfðu sótt um námsvist. Ályktun frá Félagi lyfjafræðinema var í samræmi við þetta bréf, en það taldi „deildarhlutann ekki anna fleiri en 24 á hverju ári“. Háskólaráð felldi þó tillögu stjórnarnefndar lyfjafræði lyfsala og var þar með sjálfu sér samkvæmt í afstöðu sinni til fjöldatakmarkana. Þegar kom fram á árið 1984 var umrædd tala þó samþykkt í háskóla-





Á áttatíðum á áttunda áratug aldarinnar kom sér vel að rektor, Guðlaugur Þorvaldsson, var manna-sættir, enda átti hann eftir að verða ríkissáttasemjari. Hér er hann í góðum félags-skap í jólabóði starfsfólks í stjórnsýslu árið 1978. Til vinstri við rektor eru Elín Agústa Ingimundardóttir og Þuríður Pálsdóttir, til hægri Aðalheiður Ófeigsdóttir og Brynhildur Brynjólfssdóttir.

ráði sem tillaga frá rektor eða „að 15 stúdentum skuli heimilað að hefja nám á 2. námsári haustið 1985“.<sup>70</sup>

Það stóð engu að síður í háskólaráði að samþykkja aðgangstakmarkanir að fræðilegum lendum lyfjafræðinnar. Í apríl 1988 gerðist það að tillaga stjórnarnefndar í lyfjafræði lyfsala um töluna 15 sem yrði „heimilað að setjast á 2. námsár haustið 1989“ var felld. Ráðamenn í faginu vildu ekki sætta sig við þetta og fóru fram á það við háskólaráð að það endurskoðaði afstöðu sína, en háskólaráð þróaðist við og vísaði erindinu frá.<sup>71</sup> Stóð það raunar allar slíkar atögur af sér, en á fundi þess þann 30. mars 1989 var tillaga um „takmörkun á fjölda þeirra nema í lyfjafræði sem fái að hefja nám á öðru námsári“ felld með ellefu atkvæðum gegn tveimur.<sup>72</sup>

Þegar kom fram á miðjan níunda áratuginn virðist mega greina ákveðna breytingu á afstöðu háskólayfirvalda til fjöldatakmarkana og að í auknum mæli hafi verið rætt um að takmarkanir af einhverju tagi væru nauðsyn sem yrði að horfast í augu við. Þetta má greina af skjali sem Guðmundur K. Magnússon rektor lagði fram í háskólaráði þann 16. maí 1984 undir yfyrskriftinni „Um stefnumörkun varðandi fjöldatakmarkanir og val nemenda í Háskóla Íslands“. Þar sagði hann: „Ég tel að meginstefna háskólans eigi að vera sú sem verið hefur að veita öllum þeim stúdentum sem uppfylla tilteknar námskröfur aðgang að námi eftir efnum hans og ástæðum.“ En, sagði rektor, þá getur krafan um „að allir fái aðgang að því námi er þá lystir í Háskóla

<sup>70</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1982–84, 103.

<sup>71</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1987–88, 84–85.

<sup>72</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1988–89, 207.

## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.12 ÁTÖK UM FJÖLDATAKMARKANIR

Íslands ... því aðeins gilt að hann hafi ráð til að veita öllum þá bóklegu og verklegu þjálfun sem með þarf og hann hafi fjárráð til að sinna öllum“ um leið og miðað væri við tilteknar námskröfur.<sup>73</sup> Rektor setti þannig beint fram þá skoðun sína að aðstæður gætu „verið þær að takmarka þurfi aðgang að námi í einstökum greinum“, en þau sjónarmið sem hlytu að „vega þyngst við ákvarðanir um fjöldatakmarkanir, sem vonandi verða alltaf undantekning“, voru m.a. að hans mati þessi: Í fyrsta lagi „[a]ðstaða til verklegrar eða klínískrar þjálfunar“, en sá þáttur hefði ráðið mestu í sjúkrapjálfun og læknisfræði, og benti rektor á að Háskólinn réði ekki „yfir þeim stofnunum sem aðstöðuna veita“. Í öðru lagi nefndi hann kostnað á hvern nemanda, en sá þáttur vó að hans mati mest hvað snerti takmörkun stúdenta í Tannlæknadeild.<sup>74</sup>

Þá skipti einnig máli að tryggja aðstöðu innan deilda sem ekki væru jafnháðar kröfum um „verklegt eða klínískt nám“, enda hlytu margir að leita þangað ef þeir kæmust ekki að í hinum fyrirheitnu fögum þar sem slíkt væri gert að skilyrði. Rektor nefndi ennfremur að hann hefði lagt áherslu á að fjölga námsleiðum til að leysa vandann. En hvað snerti það umdeilda mál hver ætti að hafa ákvörðunarvaldið til að ákveða fjöldatakmarkanir þá hafði Guðmundur K. Magnússon að einhverju leyti aðra skoðun en forveri hans Guðlaugur Þorvaldsson, sem og stúdentar á fyrri hluta áttunda áratugarins. Sagðist hann álíta að „það treysti sjálffræði háskólans að hafa þetta vald“ og virðist hann jafnvel hafa sett málið í sambengi við almenn afskipti stjórnvalda af skólanum: „Hætt er við að afskipti [Menntamála]ráðuneytisins yrðu því meiri þeim mun fleiri ákvarðanir sem þar þarf að taka í málefnum háskólans.“ Að lokum nefndi rektor annað atriði sem sannarlega hafði skotið upp kollinum áður í umræðunni en það var „[þ]örf þjóðfélagsins fyrir fjölda háskólamenntaðra manna í einstökum greinum“. Sagði rektor að hingað til hefði „háskólaráð ekki þurft að virða þetta atriði enda ... umdeilanlegt og vandasamt hvernig á því skuli tekið“. Taldi rektor nokkur atriði koma til greina og þá helst þessi þrjú: Í fyrsta lagi að veita sem flestum möguleika til að setjast á fyrsta námsár, líkt og nú væri gert, í annan stað að nota fleiri mælikvarða en stúdentspróf þegar inn í skólann væri valið og í þriðja lagi að „hafa inntökupróf í háskólann í upphafi“ og leggja sem mælistiku einkunnir á stúdentsprófi, en það var sú aðferð er viðhöfð var í faggreininni sjúkrapjálfun.<sup>75</sup>

Rektor var að vísu þeirrar skoðunar að skólanum bæri að feta fyrstu leiðina og gefa sem flestum tækifæri til að spreyta sig, „eins

<sup>73</sup> HÍ. BA4: 138. Rektorskrifstofa 1957–1984. Háskólaráð. Mál er varða fjöldatakmarkanir, 1.

<sup>74</sup> HÍ. BA4: 138. Rektorskrifstofa 1957–1984. Háskólaráð. Mál er varða fjöldatakmarkanir, 1–2. Leturbr. í heimild.

<sup>75</sup> HÍ. BA4: 138. Rektorskrifstofa 1957–1984. Háskólaráð. Mál er varða fjöldatakmarkanir, 2–3. Leturbr. í heimild.

lengi og kostur er“.<sup>76</sup> Þess má þó að lokum geta að í sjúkraþjálfun og læknisfræði varð það engu að síður þriðja leiðin sem varð ofan á, að nota inntökupróf til að velja nemendur í skólann.<sup>77</sup> Í Tannlækna-deild var einnig komið á þeirri aðferð til að skera úr hverjir settust þar á skólabeck.<sup>78</sup>

- <sup>76</sup> *HÍ*. BA4: 138. Rektorsskrifstofa 1957–1984. Háskólaráð. Mál er varða fjöldatakmarkanir, 3.
- <sup>77</sup> Sjá kafla III.3.1 Fjölgun nemenda.
- <sup>78</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1991–94, 247.



# 13. Þekking og hagþróun

## Nýjar áherslur á níunda áratugnum

### 1. Vísindarannsóknir og atvinnulífið

Háskóli Íslands var í feiknarlega örri þróun mestallt það tímabil sem hér er til umræðu, og á níunda áratug 20. aldar má enn greina nýja strauma og stefnur í rannsóknar- og menntamálum skólans. Rektorsskipti við stofnunina í september árið 1985 voru lýsandi fyrir þessar breytingar, en í ræðu sem hinn nýi rektor, Sigmundur Guðbjarnason, flutti við þá athöfn rakti hann stefnumiðin er hann hugðist leggja mesta áherslu á. Meðal þeirra var að endurskoða vísindastefnu skólans, „þ.e. áætlanir og aðferðir sem efla vísindarannsóknir og hagnýtingu tækni og vísinda í þágu samfélagsins“.<sup>1</sup> Þetta útskýrði hann nánar á þann veg að atvinnuvegirinn þörfnuðust „nýrra starfskrafta, nýrra hugmynda og aðstöðu til rannsókna“, en Háskólinn þarfnaðist á hinn bóginn „fjárstudnings og reynslu atvinnulífsins“. Markmiðum þessum vildi hinn nýkjörni rektor m.a. ná með þeim hætti að stefna að því að Háskólinn gæti átt hlutdeild í og tæki þátt „í stofnun fyrirtækja, ef slíkt ... [mætti] verða til að örva þróunina í þessum efnum“. Einnig skyldi stefnumiðunum náð með stofnun þjónustumiðstöðvar eða „rannsóknar- og þróunarmiðstöðvar, sem miðlar upplýsingum, skapar tengsl, annast eða aðstoðar við gerð samninga og annast fyrirgreiðslu og þjónustu af ýmsu tagi“. Sigmundur tók þó um leið fram að slík áhersla á rannsóknir og þróunarstarfsemi sem kæmi atvinnuvegunum til góða mætti ekki bitna á annarri rannsóknarstarfsemi. „Undirstöðurannsóknir skapa þann grunn sem hagnýtar rannsóknir byggja á“, sagði hann.<sup>2</sup>

Ræða rektors ber með sér að hugmyndir um sjálfa „þekkinguna“ og tilgang þekkingaröflunar hafi tekið hraðskreiðum breytingum á þessum árum. Eins og áður hefur verið rakið voru tengsl menntunar, eða „þekkingar“, við þróun hagvaxtar mál málanna við Háskóla Íslands á sjöunda áratug 20. aldar og lágu að mörgu leyti til grundvallar þeim breytingum sem urðu á almenningmenntun og um leið á Háskólanum á þeim tíma. Þær hugmyndir um menntun eða „þekkingu“ sem hér voru í uppsiglingu voru angi þeirra hugmynda, en áherslan var nú ekki lengur beinlínis á tengslin milli hagvaxtar

<sup>1</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1985–87, 10.

<sup>2</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1985–87, 12.

og almennrar menntunar fjöldans, enda má segja að það markmið að endurskipuleggja skólakerfið og koma auknum fjölda landsmanna í háskólanám hafi þegar náðst að verulegu leyti. Hin nýja hugmynd um tengsl „bókvitsins og askanna“ var „tæknilegri“ en sú fyrri og snerist um að sjálfa þekkinguna bæri að hagnýta í þágu atvinnulífsins eða atvinnuveganna. Á meðan hugmyndir sjöunda áratugarins um tengsl menntunar og hagvaxtar voru yfirleitt fremur almennar og vísuðu ekki til ákveðinna fræðigreina öðrum fremur, hafði sú þekking sem hér var átt við sértækari skírskotun og vísaði fyrst og fremst til menntunar og rannsókna á sviði raunvísinda og þeirra sviða þar sem mögulegt var að skapa tengsl milli þekkingar og áþreifanlegra afurða er nýttust í atvinnulífi og fyrirtækjarekstri.

Þetta kom vel fram í ræðu Sigmundar Guðbjarnasonar við brautskráningu háskólakandídata haustið 1985, en hann setti þessa þróun í samhengi við tilurð nýrrar þjóðfélagsgerðar er byggðist á hátækni og upplýsingum. „Þarfir þjóðfélagsins breytast nú örur en nokkru sinni, er við færumst hröðum skrefum nær upplýsingaþjóðfélaginu. Hinn nýi auður upplýsingaþjóðfélagsins“, sagði Sigmundur, „er þekking sem endurspeglast í afurðum hátækniíðnaðar, svo sem hugbúnaði og tölvutækni, í líftækni og efnistækni og í öðrum hliðstæðum greinum“.<sup>3</sup>

Í heimildum um þessi mál er umrædd þróun yfirleitt annars vegar sett í samhengi við þjóðfélagsþróun áratugarins á undan út frá hagrænu sjónarhorni og hins vegar við almenna tækniþróun og stofnun tæknifyrirtækja við háskóla á erlendri grund. Í ræðu sem þáverandi rektor, Guðmundur K. Magnússon, hélt við brautskráningu stúdenta í febrúar 1982 gerði hann almennt samband á milli háskóla og atvinnulífsins að umtalsefni. Ástæða þess að þetta samband væri mjög í deiglu væri fyrst og fremst samdráttur í atvinnulífi og harðnandi samkeppni á þeim vettvangi.<sup>4</sup> Í plaggi sem rektor lagði fyrir háskólaráð snemma árs 1984 og bar yfirskriftina „Um samstarf háskóla við fyrirtæki og sveitarfélög“ var fjallað ítarlega um þessa þróun. Þar sagði að í „kjölfar olúkreppunnar uppúr 1970 og minnkandi framleiðni í iðnaði“ hefðu raddir um að koma yrði á samstarfi milli fyrirtækja og rannsóknarstofnana háskólanna orðið háværar, og snerust þær um nauðsyn þess að háskólar yrðu þar í fararbroddi svo að takast mætti að „keppa á alþjóðamarkaði á sviði hátækniíðnaðar“.<sup>5</sup> Í Fréttabréfi Háskóla Íslands árið 1983 var þessi framvinda sett í samhengi við breytingar á atvinnulífi íslensku þjóðarinnar frá frumatvinnugreinum á borð við

<sup>3</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1985–87, 14.

<sup>4</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1981–82, 11.

<sup>5</sup> *HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs. Fylgiskjöl* sept. 1983 – nóv. 1984. Um samstarf háskóla við fyrirtæki og sveitarfélög 26.3.1984, 1.



## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.13 PEKking OG HAGPRÓUN

Árið 1986 hélt Háskóli Íslands upp á 75 ára afmæli sitt.



landbúnað og fiskvinnslu í átt að iðnaðarframleiðslu. „Áhersla er nú lögð á aukna þekkingu á sviði nýrra iðngreina, eins og á sviði rafeinda- og tölvutækni og lífefnatækni“, sagði þar. Einnig var bent á hversu hröð þróunin hefði verið í þessum efnum árið 1983, en hlutfall iðnaðarvarnings í útflutningi hefði þá „aukist úr 22% í 27% frá árinu áður“.<sup>6</sup> Sama efni var rætt á fundi sem Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg efndu til um stofnun og endurskipulagningu smáfirmatækja, og var nú þróunin á sviði sjávarútvegs sérstaklega til umræðu. „Verulegar breytingar hafa átt sér stað í íslensku atvinnulífi“, sagði þar, enda væri sú tíð „löngu liðin, að efnilegir og reyndir skipstjórar og útgerðarmenn gátu fengið 90–100% lán til að kaupa fiskiskip með veði í skipinu.“ Sífelldar gengisfellingar og verðbólga undanfarinna ára hefðu valdið því að ný skip hefðu snarhækkað í verði, og væri það orðið „illviðráðanlegt fyrir unga athafnamenn, þar að auki hefður gengið verulega á fiskistofnana við landið“, og því ættu útgerðarfirmatæki erfitt uppdráttar. Vegna alls þessa yrði að leita á ný mið til að „skapa atvinnutækifæri og hvetja nýja athafnamenn til að fara á stað með áhugaverðar og nýjar framleiðsluhugmyndir, sem telja má arðbærar, sé rétt á öllum málum haldið“.<sup>7</sup>

Háskólinn horfði að sjálfsgöðu einnig til þróunar undanfarinna ára í þessum efnum á Vesturlöndum, en henni voru gerð skil í plaggi sem rektor lagði fyrir háskólaráð í mars árið 1984. Þarf ekki að undra að eitt meginumræðuefnið þar snerist um að skoða við

<sup>6</sup> Fréttabréf Háskóla Íslands V:7., 33.

<sup>7</sup> HÍ. BA4: 93. Rektorskrifstofa 1983–1984. Samskipti háskólans og atvinnulífsins. Skýrslur, fundargerðir, greinargerðir 1983–1984.



hvaða aðstæður það væri sem fyrirtæki á sviði hátækniidnaðar blómstruðu og stæðust hina margumtöluðu „samkeppni á tækni-sviðinu á alþjóðamarkaði“ sem varð nú sífellt plássfrekari í umræðunni.<sup>8</sup> Rektor benti á að aðstæður væru sérstakar í hverju landi og jafnvel við hvern einstakan háskóla og því ekki hægt að „gefa einhverja ákveðna formúlu fyrir því hvernig á að stofna vel heppnuð fyrirtæki“.<sup>9</sup> Þó tiltók hann nokkra þætti er einkenndu þá staði heims þar sem best hefði til tekist í þessum efnum. Þetta væru „nálægð við góðan háskóla á tækni-sviðinu, verkunnátta, markaðsþekking, dirfska og áhættufé“. Þá nefndi hann þekktustu dæmin um þetta, sem nú væru jafnvel „orðin klassísk“, en það voru Silicon-dalurinn svokallaði „kringum Stanford-háskólann á San Fransisco-svæðinu“ í Bandaríkjunum og hinn svonefndi „Vegur 128“ sem væri í nálægð við MIT-háskólann í Boston í sama landi. Í Evrópu tiltók rektor „Cambridge í Englandi, Kista nálægt Tækniháskólanum í Stokkhólmi, fyrirtæki í kringum Chalmers-tækniháskóla í Gautaborg ... [og] Uleåborg í Norður-Finnlandi“.<sup>10</sup>

## 2. Aðild að þróunarfyrirtækjum og Tæknigarður

Eins og umræðurnar hér á undan bera með sér var það meginmálefni við Háskóla Íslands á fyrri hluta níunda áratugarins að leita „ráða til að bæta samskipti fyrirtækja, háskóla og opinberra aðila og ryðja úr vegi hindrunum fyrir samstarfi og upplýsingastreymi milli háskólans manna og fyrirtækjanna“.<sup>11</sup> Liður í slíkum áformum var hin svokallaða tækniþróunaráætlun sem Háskólinn gerði árið 1984 „um eflingu hagnýtra rannsókna, einkum á sviði tölvutækni og líftækni, ásamt tillögum um nánara samstarf Háskólans við atvinnulífið til að hraða eflingu háþróaðs tækniidnaðar á Íslandi“. Áætlunin var gerð að beiðni menntamálaráðherra og iðnaðarráðherra og náði til fjögurra ára, eða áranna 1985–88.<sup>12</sup> Í tækniþróunaráætluninni voru hugvitið og lífskjör þjóðarinnar enn tengd nánnum böndum, sömuleiðis vegna þeirra „afurða“ sem hugvitið gæfi af sér. Í inngangsorðum hennar sagði þannig: „Tækniþróun, þar sem hugvit einstaklingsins er afgerandi þáttur, er áhugaverð fyrir eflingu íslensks iðnaðar og skapar möguleika á framleiðslu og útflutningi á nýjum vörum og tækjabúnaði ásamt þjónustu og þekkingu.“<sup>13</sup>

Stofnun svokallaðrar „þróunarmiðstöðvar“ eða þróunarfyrirtækis við Háskóla Íslands var ennfremur í brennidepli um þessar mundir.

<sup>8</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1981–82, 11.

<sup>9</sup> Um tengsl háskóla og hátækniyfirtækja, og þætti sem hefðu áhrif á möguleika slíkra fyrirtækja til að þróast og ná árangri, var fjallað í skýrslu frá OECD árið 1984 er bar heitið „New Forms of Co-Operation and Communication Between Industry and the Universities. Analytical Report.“ –

*HÍ*. Fundargerðabók háskólaráðs. Fylgiskjöl sept. 1983 – nóv. 1984.


<sup>10</sup> *HÍ*. Fundargerðabók háskólaráðs. Fylgiskjöl sept. 1983 – nóv. 1984. Guðmundur Magnússon, Um samstarf háskóla við fyrirtæki og sveitarfélög, 26. 3. 1984, 2–3.

<sup>11</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1981–82, 11.

<sup>12</sup> *HÍ*. BA4: 93. Rektorskrifstofa 1983–1984. Samskipti háskólans og atvinnulífsins. Tækniþróunaráætlun Háskóla Íslands 1985–1988.

<sup>13</sup> *HÍ*. BA4: 93. Rektorskrifstofa 1983–1984. Samskipti háskólans og atvinnulífsins. Tækniþróunaráætlun Háskóla Íslands 1985–1988.

## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.13 PEKING OG HAGPRÓUN



Guðmundur K. Magnússon  
háskóla­rektor við kennslu.

<sup>14</sup> HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs. Fylgiskjöl sept. 1983 – nóv. 1984. Guðmundur Magnússon, Um samstarf háskóla við fyrirtæki og sveitarfélög, 26. 3. 1984, 5.

<sup>15</sup> HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs. Fylgiskjöl sept. 1983 – nóv. 1984. Guðmundur Magnússon, Um samstarf háskóla við fyrirtæki og sveitarfélög, 26. 3. 1984, 5.

<sup>16</sup> HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs. Fylgiskjöl sept. 1983 – nóv. 1984. Guðmundur Magnússon, Um samstarf háskóla við fyrirtæki og sveitarfélög, 26. 3. 1984, 4.

<sup>17</sup> *Stjórnartíðindi* 1985 A, 13.

<sup>18</sup> HÍ. Fundargerðabók háskólaráðs 3. apríl 1986, 128.

<sup>19</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1985–87, 18.

<sup>20</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og bygg­ingarsögu* II, 550.

<sup>21</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og bygg­ingarsögu* II, 553–54.

„Hagnýting“ var töfraorðið í þessum umræðum, en tilgangur „þróunarmiðstöðvarinnar“ var að „efla hagnýtingu rannsókna við háskólann“ og „nýsköpun og vöruþróun á sviði hátækniiðnaðar“. Markmiðið var að bæta tengslin milli Háskólans og „markaðarinnar“ og skyldi gera vísindamönnum skólans auðveldara að framkvæma hugmyndir sínar, með því að veita þeim bættu aðstöðu til starfa, ráðgjöf í markaðsmálum og nægt „áhættufé til að stunda markvissa og öfluga þróunarstarfsemi“. <sup>14</sup> Um leið var það að sjálfsgöðu höfuðtilgangur að fjölga atvinnutækifærum í landinu, bæði fyrir háskólamenntað fólk og aðra þjóðfélagsþegna. <sup>15</sup> Guðmundur Magnússon benti enda á að við Háskóla Íslands væri þá þegar unnið að fjölmörgum þróunarhugmyndum „á sviði rafeindatekni, hugbúnaðar og líftækni o.fl. sem geta leitt til framleiðslu á nýjum háþrúðum iðnaðarvörum“. <sup>16</sup>

Með umræðum þeim er hér hafa verið tífundaðar var verið að búa í haginn fyrir breytingu á lögum um Háskóla Íslands sem gerð var árið 1985 og kvað á um að Háskólanum skyldi vera heimilt „að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum“ þar sem rannsóknarhugmyndir er skólinn ynni að hverju sinni væru þróaðar til framleiðslu og sölu. Þá var kveðið á um stofnun „þjónustumiðstöðvar“ þeirrar er áður var rædd og skyldi sjá um samningagerð vegna þjónustu- og þróunarverkefna. <sup>17</sup> Tillaga að reglugerð um Rannsóknarþjónustu Háskólans var síðan samþykkt í háskólaráði í apríl 1986, <sup>18</sup> en tekjur af slíkum „þjónusturannsóknum“ átti meðal annars að nota til að efla bæði aðstöðu til rannsókna og Rannsóknasjóð Háskólans. <sup>19</sup>

Lagabreytingin gerði Háskólanum kleift að gerast hluthafi í félaginu Tækniþróun hf. sem einmitt hafði það að markmiði að styrkja rannsóknarverkefni við Háskólann og koma þeim á markað. Árið 1986 var svo tekið að kanna möguleika á að reisa hús undir starfseminu á háskólalóðinni, og í apríl 1987 var síðan stofnað félag um að reka og reisa hús það sem kallast Tæknigarður, en því var ætlaður staður vestan Suðurgötu í nálægð við aðrar raungreinabyggingar. Var húsinu sérstaklega ætlað að þjóna rafeinda-, tölvu- og upplýsingatekni. Að verkefninu stóðu, auk Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg, Þróunarfélag Íslands hf., Tækniþróun hf. og Félag íslenskra iðnrekenda. <sup>20</sup> Fyrsta skóflustungan að húsinu var tekin 16. nóvember 1987, og var það formlega opnað um ári síðar. <sup>21</sup>

Í Fréttabréfi Háskóla Íslands árið 1983 var fjallað um aðdragandann að því að Háskólinn tók upp samstarf við Reykjavíkurborg á þessu sviði. Greinina skrifaði Jón H. Magnússon er var ráðgjafi





Atvinnuálanefndar Reykjavíkur um eflingu tækniíðnaðar og jafnframt ráðgjafi Háskóla Íslands „um eflingu samskipta við atvinnulífið“.<sup>22</sup> Í greinarstúfi hans voru færð rök fyrir því af hverju borgin skyldi koma að þessu verkefni ásamt Háskólanum, en þar kom fram að hún tók þátt í norrænu þróunarstarfi um slík mál. Því var haldið fram að stjórnvöld og bæjarfélög hefðu „lykilaðstöðu til að láta þróa og framkvæma umfangsmikil, tímafrek og áhættusöm verkefni, sem fela í sér tæknilegar nýjungar“. Einnig var talað um að höfuðborgirnar hefðu ætíð verið í forystu hvað snerti „þróun á sviði tæknilegrar og félagslegrar þjónustu“. Sem dæmi um slík svið voru t.d. nefnd skipulagning hitaveitu og fjarvarmakerfa. Bent var á að í þessari samvinnu fælist beggja hagur, en minni fyrirtæki hefðu „yfirleitt fá tækifæri til að þróa tækjabúnað og kerfi, sem hafa veruleg áhrif á heildarumhverfi stórborga“. Hér ættu höfuðborgirnar hægt um vik að skilgreina og skipuleggja „samvinnu milli fyrirtækja og rannsóknarstofnana“ og gætu látið vinna á sínum vegum „verulega stór tæknileg verkefni“.<sup>23</sup>

*Tæknigarður.*

### 3. Gagnrýni á ofríki efnislegra sjónarmiða

Varla leikur á tveimur tungum að umræða um háskólarannsóknir og gildi þeirra tók æ meira mið af efnishygghyggjusjónarmiðum á níunda áratug 20. aldar. Hér má enn vitna til Sigmundar Guðbjarnasonar rektors, en við brautskráningu kandiðata haustið 1985 benti hann

<sup>22</sup> *Fréttabréf Háskóla Íslands* V:7, 33–38.

<sup>23</sup> *Fréttabréf Háskóla Íslands* V:7, 38.

## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.13 ÞEKKING OG HAGPRÓUN

á að sú framvinda yrði ekki umflúin og að í henni fælist ákveðin ögrun fyrir bæði háskólanema og íslenska þjóðfélagsþegna almennt. „Þessi öra þróun í þekkingariðnaði og tilsvareandi breytingar í atvinnulífínu gera auknar kröfur til háskóla en jafnframt auknar kröfur til ykkar og annarra þjóðfélagsþegna. Við erum nauðug viljug þátttakendur í þessum leik. Þið verðið knúin til símenntunar eða endurmenntunar, því ört er aðstreymi nýrrar þekkingar.“ Hin „almenna þekking“ var aftur á móti grundvöllurinn að „hagnýtingu þekkingarinnar“ að mati rektors, og voru þetta stöðrnar undir öflugum atvinnulífi að hans sögn.<sup>24</sup> Þar talaði hann að sjálfsögðu á sömu nótum og fjölmargir forverar hans á sviði íslenskra menntamála áratugina á undan. Hugmyndin um hin nánú tengsl milli almennrar menntunar og blómlegs atvinnulífs og hagþróunar voru með öðrum orðum síendurtekið stef allt það tímabil sem hér er til umræðu. Hér skiptir einnig máli að hagtölur frá tímabilinu virðast styðja þessar hugmyndir. Í það minnsta er ljóst að á tímabilinu frá 1965 til 1990 fóru saman stóraukin almenningsmenntun og háskólamenntun annars vegar og bætt lífskjör almennings í landinu hins vegar, a.m.k. ef miðað er við tölur um þjóðarframleiðslu og um tekjur einstaklinga.<sup>25</sup> Það kann að vera mikilvægt að halda þessari þróun til haga því vart leikur vafi á að hún var á margan hátt jákvæð og breytti kjörum fólks til hins betra.

Má líka segja að á þessum árum hafi Háskólinn lagt út í vegferð sem var í senn mikilvæg og tengdist í hæsta máta alþjóðlegum straumum. Engu að síður var hún einnig umdeild og fól í sér mögulegar skuggahliðar eins og allnokkrir íslenskir háskólamenn bentu á um miðbik áttunda áratugarins.

Af ræðu sem Sigmundur Guðbjarnason hélt á háskólahátíð árið 1987 má ráða að hin hefðbundna hugmynd um hlutverk háskóla, að leita þekkingar vegna þess að hún hefði gildi í sjálfri sér, hafi átt í vök að verjast á þessum árum, ekki síst vegna þess að áherslan á hagnýtingu þekkingarinnar varð stöðugt meiri. Setti Sigmundur fram ákveðna úttekt á stöðu háskóla á Vesturlöndum á síðari hluta níunda áratugarins og gagnrýni á þá og greindi um leið á milli háskóla „í hefðbundnum skilningi“ og háskóla sem hefðu það hlutverk fyrst og fremst að þjálfa menn til tiltekinna atvinnugreina en legðu litla áherslu á vísindalegar rannsóknir. Rakti hann þannig að á undanförunum áratugum hefðu sprottið upp aðrar gerðir háskóla eða skóla á háskólastigi „sem leggja megináherslu á kennslu og verk-

<sup>24</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1985–87, 14.

<sup>25</sup> Sjá *Hagskinna* H1210, H1404 og myndir 14.1. Rafræn útgáfa.

þjálfun en litla eða enga áherslu á vísindalegar rannsóknir“.<sup>26</sup> Rektor sagði að þessi þróun væri einnig hafin hér á landi og leit hana jákvæðum augum, sagði að Háskóli Íslands mundi „starfa með slíkum skólum og styðja þá í þeirri viðleitni að efla menntun í landinu“ enda væri eftirspurn meðal nemenda eftir starfsnámi sem þjálfaði þá til tiltekinna starfa á vinnumarkaði.<sup>27</sup>

Rektor undirstrikaði aftur á móti að í „hefðbundnum háskóla eða *Universitas* ... [væri] hlutverkið tvíþætt“:

Annars vegar að stunda vísindalegar rannsóknir og þjálfna nemendur til vísindastarfa, hins vegar að mennta nemendur og þjálfna til ákveðinna embætta og starfa. Meginhlutverk háskóla hafa verið óbreytt um aldir, en þau hlutverk eru varðveisla, öflun og miðlun þekkingar. Hlutverk háskóla eru jafnframt varðveisla menningararfs liðinna kynslóða, að varðveita það besta sem hefur verið hugsað og skrifað, svo og að miðla nemendum stöðugt af nýjum menningarstraumum.<sup>28</sup>

Í ræðu Sigmundar Guðbjarnasonar kom þannig fram að háskólar í merkingunni „universitas“ eða stofnanir sem legðu stund á bæði rannsóknir og kennslu hafi þurft að þola mikla gagnrýni um þessar mundir og verið „undir smásjá“, eins og hann orðaði það.<sup>29</sup> Segja má að gagnrýnin, eins og hann lýsti henni, hafi snúist um að skólarnir væru sjálfhverfir fílabEinsturnar sem hefðu ekki næg tengsl við samfélagið utan þeirra. Þeir legðu of mikla áherslu á að þjálfna og mennta háskólakennara og vísindamenn, og „framhaldsnám þeirra og verkefni ... [væru] um of tengd þörfum háskólakennara sjálfra“. Þá ýttu skólarnir í of litlum mæli undir framkvæmdaglegi og athafnasemi, eða þjálfuðu „athafnamenn sem þora að taka áhættu“. Skólarnir væru „of íhaldssamir“ og almennt ekki „fallnir til að mæta þörfum þjóðarinnar“.<sup>30</sup>

Af orðum rektors má ráða að háskólar hafi verið í nokkurs konar spennitreyju um þessar mundir. Annars vegar var þeim legið á hálsi fyrir að vera of einangraðir og afturhaldssamir í sinni þekkingarleit og að tengjast ekki samfélaginu utan háskólamúranna. Á hinn bóginn má segja að sá þrýstingur sem þeir urðu fyrir til að breyta um áherslur hafi á vissan hátt verið í andstöðu við sjálfan grundvöll háskólastarfsins, en með orðum Sigmundar Guðbjarnasonar fólst þessi þrýstingur m.a. í því „að mæta skammtímaþörfum

<sup>26</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1985–87, 27–28.

<sup>27</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1985–87, 28.

<sup>28</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1985–87, 27.

<sup>29</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1985–87, 27–28.

Leturbr. í heimild.

<sup>30</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1985–87, 28.

## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.13 PEKING OG HAGPRÓUN

*Hér er væntanlega lesið um hin efnislegu sjónarmið. Úr lesstofu viðskiptafræðinema í Aragötu 9 árið 1967.*



þjóðarinnar þegar meginmarkmiðin taka mið af langtímaþörfum“.<sup>31</sup> Úr orðum hans má einnig lesa þá skoðun að ef hefja ætti „skammtímaþarfirnar“ í háseti til lengri tíma þá væri ákveðin hættu á að grafið væri undan möguleikum Háskólans til að uppfylla megingitgang sinn í samfélaginu.

Hér skal haft í huga að rektor var fjarri því að vera á móti „hagnýtum rannsóknum“. En hann virðist aftur á móti hafa verið á varðbergi gagnvart þeirri þróun að áherslan á þær ýtti öðrum rannsóknarsjónarmiðum til hliðar. Skoðun Sigmundar var í það minnsta að „[h]agnýt sjónarmið ... [mættu] ekki skaða undirstöðurannsóknir eða þær greinar sem eru síður hagnýtar“,<sup>32</sup> en það var einmitt þar sem ýmsir töldu að skórin kreppti á þessum árum. Fram kom öflug gagnrýni þess efnis að háskólar hefðu þróast um of í átt að einhvers konar markaðshyggju og að „peningaöfl“ væru orðin ráðandi þegar rannsóknir væru annars vegar. Umræða um þessi mál birtist ekki síst í Fréttabréfi Háskóla Íslands sem má segja að hafi orðið vettvangur þessarar gagnrýni, en blaðið birti m.a. þýðingar á greinum eftir breska fræðimenn sem gagnrýndu þessa stefnu.<sup>33</sup>

Í mars 1986 mátti lesa þar langa þýdda grein er bar yfirskriftina „Að spilla ungum vísindamönnum“, en hún gefur ágæta innsýn í þá umræðu sem fram fór. Höfundurinn var rannsóknarprófessor nokkur í efnafræði við Oxford-háskóla á Englandi, R.J.P. Williams að nafni, og hafði greinin birst í tímaritinu *New Scientist* sumarið 1985. Þar lýsti

<sup>31</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1985–87, 28.

<sup>32</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1985–87, 28.

<sup>33</sup> Sjá t.d. „Vísindi í fjáls-  
hyggjuþjóðfélagi“, 42–  
43. – Powell, „Það er  
rangt að menntun verði  
að vera hagnýt“, 16–17.

Williams þessi þeirri skoðun sinni að sem vísindamaður hefði hann, í raun aldurs síns vegna, verið í flokki hinna heppnu, en hann hefði viljað vera „laus við afskipti iðnfyrirtækja og hins opinbera, þaðan sem fjármagn kemur“. Vegna þessa hefði hann kosið sér „háskólastarf, og að verulegu leyti hafa vonir mínar í því efni rættzt“. Ungu vísindamennirnir væru aftur á móti ekki eins gæfusamir. „Ef þeir vilja stunda háskólarannsóknir verða þeir að útvega mikið fé til að standa undir rekstrinum, og sú iðja spillir smám saman bæði vísindum þeirra og afstöðu til vísindanna.“<sup>34</sup>

Gagnrýni þessi snerist þannig um grundvallaratriði á borð við sjálfstæði vísindanna og akademískra rannsókna og hlutverk háskóla, en þeir sem stóðu að útgáfu Fréttabréfs Háskóla Íslands töldu ástæðu til að eyða verulegu púðri í þá gagnrýni. Í grein breska vísindamannsins sagði að það færi „eftir þrýstingi iðnfyrirtækjanna og hins opinbera, – eða afskiptum ... hversu alvarleg þessi spillingaráhrif verða“. Því var haldið fram að þessi tengsl milli fyrirtækja annars vegar og háskólarannsókna hins vegar fælu í sér alvarlegar hættur fyrir rannsóknarstarfsemi og ættu þar með í raun afar illa saman. „Fjárveitingarvaldið“ ætti það að vísu til „að vera rausnarlegt við háskólarannsóknir, sem snaran þátt í menningarlífi þjóðar, en jafnframt getur það neytt rannsóknarmenn til að dansa eftir pípu sinni að vild“ og beint „háskólarannsóknnum í farveg auðhyggju“. Hnykkti höfundur á þessari afstöðu með því að segja að hlutverk háskóla væri að vera „uppeldis- og þjálfunarstöðvar, ekki vettvangur framleiðsluafreka. Þar er mönnum kennt að hugsa um vandamál en ekki nauðsynlega að leysa þau“. Tengsl háskóla við viðskipta- og atvinnulíf gætu ógnað þeirri gagnrýnu hugsun sem ætti að sitja í fyrirrúmi í öllu háskólastarfi, en viðhorf höfundar var að slík hugsun ætti illa samleið með efnishyggjulegri hugsun. Grundvallarþáttur þeirrar þjálfunar sem menn fengju í háskóla væri „efahyggja, þar sem fólki, og einkum ungu fólki, er kennt að láta sér efnishyggjuviðleitni fyrirtækja og ríkis í léttu rúmi liggja“.<sup>35</sup>


Gagnrýnisraddir beindust þó ekki alfarið gegn tengslum Háskólans og „markaðarins“. Sumir gagnrýnendur beindu spjótum sínum ekki beinlínis að því að Háskólinn tengdist fyrirtækjarekstri og atvinnulífinu í einhverjum mæli og lagaði sig að einhverju leyti að þörfum þess. Fremur má segja að andmælin hafi snúist gegn því nýja gildismati sem þessi framvinda hafði í för með sér sem sumir vildu lýsa á þann veg að markaðshugsun eða „peningaöfl“ væru í þann veg

<sup>34</sup> Williams, „Að spilla ungum vísindamönnum“, 52.

<sup>35</sup> Williams, „Að spilla ungum vísindamönnum“, 52.



## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.13 ÞEKING OG HAGPRÓUN



*Fréttabréf Háskóla Íslands var gefið út í fremur óásjálegu fjölríti frá 1979 til 1995. Engu að síður var það mikilvægur umræðuvettvangur háskólakennara. Hér er forsiða blaðsins sem birti greinina „Áð spilla ungu vísindamönnum“ eftir Oxford-prófessorinn R.J.P. Williams.*

að skipa sér í forsæti í mannlegu samfélagi, og um leið að markaðshyggi mótaði í of ríkum mæli hugmyndir manna um hvaða rannsóknir þættu merkastar og verðar þess að þær væru stundaðar.

Þetta kom t.d. fram í athyglisverðri grein eftir Pál Skúlason prófessor í heimspeki sem birtist í Tímariti Háskóla Íslands árið 1986, en þar setti hann fram þá skoðun að húnánísk fræði eða „fræði heimspekideildar“ virtust „á leið með að verða hornreka í háskólanum. Til marks um þetta ... [væri] sú skoðun, sem örlað hefur á, að þessi fræði séu óþarfa munaður, fólk sé hér að fást við hlut sem fáa eða enga varði um og þjóðfélagið láti sig litlu skipta.“ Í þessu sambandi setti Páll fram þá hugmynd að öllu samfélagi manna mætti skipta í „þrenns konar svið eða kerfi“, þ.e.a.s. menningarkerfi, stjórnmálakerfi og efnahagskerfi, en án þessara meginkerfa „væri ekkert samfélag eins og við þekkjum það. Eins og þau birtust í „raunveruleikanum“ sköruðust þau aftur á móti „á ýmsa vegu og orka hvert á annað á margvíslegan hátt“. Páll hélt því enn fremur fram að menningarkerfið, og um leið fræði heimspekideildar hefðu það hlutverk að „skilgreina fyrir okkur hinn þjóðfélagslega veruleika“. Á þeirra sviði væri að yfirvega samfélagið skipulega, þ.á m. einnig „svið stjórnmála og efnahagsmála að svo miklu leyti sem þau tengjast sviði menningarinnar“, og væru þessi fræði því ákveðinn grundvöllur mannlegs samfélags.

Nú á dögum væri aftur á móti svo komið, sagði Páll, að það væri „ekki menningarkerfið, heldur efnahagskerfið sem mönnum er tamara að leggja þjóðfélaginu til grundvallar og líta svo á að stjórnmála- og menningarkerfin hvíli á því, stjórnmál og menningarmál væru reist á grunni efnahagslífsins“. Þetta viðhorf hefði smám saman náð að gegnsýra þjóðlífið og helstu talsmenn þess hérlendis á síðustu árum, „ákafir markaðshyggi menn“, virtust sumir „líta svo á að öll mannleg samskipti séu viðskipti, að lífið sé business og ekkert annað ... Þjóðfélagsveruleikinn á að verða veröld viðskiptanna.“<sup>36</sup>

Páll Skúlason spurði síðan þeirrar grundvallarspurningar af hverju menn hefðu „miklað svo mjög fyrir sér hlut efnahagskerfisins“ og hvers vegna „hið svokallaða hagnýta sjónarmið til allra hluta [hefði] náð að gegnsýra samfélagið?“ Og vegna hvers væru „fræði eða vísindi, sem ekki er unnt að tengja beint viðskiptum manna, atvinnu eða heilsufari, talin óhagnýt, ef ekki algjörlega gagnslaus og ómerk?“ Svar Páls við þessu var að nokkru leyti í takti við mat Sigmundar Guðbjarnasonar rektors á þeim vanda sem stöðjaði að

<sup>36</sup> Páll Skúlason, „Heimspekideild, háskólinn og þjóðfélagið“, 20–21.

háskólunum á síðari hluta níunda áratugarins, eða að þær kröfur væru gerðar til þeirra að setja skammtímaþarfir þjóðanna í öndvegi, fremur en þær langtímaþarfir sem ætti að vera þeirra meginmarkmið að sinna.<sup>37</sup> Skýringin á þessari fyrirferð hins hagnýta sjónarmiðs, sagði Páll, væri þannig að hin „hagnýtu fræði“ lytu

að því sem er gefið í beinni en skammvinnri skynjun og þau gera kleift að framkvæma tilteknar aðgerðir sem bera skjótan árangur. Þessi fræði eru í eðli sínu *skammsýn* rétt eins og mennirnir sjálfir sem eru öllu öðru fremur háðir þeim veruleika sem þeim er gefinn í beinni skynjun hér og nú og þeim verkum sem unnt er að framkvæma hér og nú. Öll fræði eða vísindi, sem ekki má tengja við *heim beinnar skynjunar* eða *framkvæmda*, eru þannig talin óþörf og jafnvel til óþurftar. Öll fræðastarfsemi eða rannsóknir, sem ekki hafa framleiðslu efnislegra gæða að lokamarki, eru því litin hornauga.<sup>38</sup>

Ofríki efnishyggjunnar var þannig ákveðið vandamál sem stöðjaði að Háskóla Íslands, að mati Páls Skúlasonar.

Haraldur Ólafsson mannfræðingur lýsti svipuðum áhyggjum um miðbik níunda áratugarins en benti þó á þá staðreynd að háskólar hefðu alltaf staðið í nánú sambandi við þjóðfélagslega strauma og „tekið mið af ríkjandi hugmyndum á hverjum tíma og á hverju menningarsvæði“. Þannig hefðu t.d. „embættismannaskólar“ sprottið upp úr „guðfræðiskólum miðalda ... er smám saman fóru að sinna fjölbreyttari greinum vísinda og fræða“. Hið sama hefði að sjálfsgöðu gilt við stofnun Háskóla Íslands, enda hefði hann upphaflega verið „skóli sem veitti embættismaefnum fræðslu, en átti ennfremur að sinna rannsóknum á íslenskri tungu“.<sup>39</sup>

Haraldur spurði þeirrar spurningar hvort Háskólinn ætti sér framtíð. Í þessari spurningu fólst það grundvallaratriði hvort skólinn mundi halda áfram að þróast „eftir svipuðum línunum og hingað til, eða hvort á honum verði gagngerari breytingar en þær einar, sem leiðir af nýrri þekkingu í þeim greinum sem þar eru kenndar“. Í þessu sambandi, sagði Haraldur, yrði að íhuga nokkur atriði og þ.á m. þá stýringu sem gæti átt sér stað „af hálfu þess sem oftast er kallað atvinnulífið, en þýðir í raun markaðurinn. Kröfur atvinnulífsins eru kröfur markaðar, sem óskar eftir fólki með tiltekna menntun og hæfni í einn tíma og aðra menntun í annan.“ Þannig áréttaði hann


<sup>37</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1985–87, 28.

<sup>38</sup> Páll Skúlason, „Heimspékideild, háskólinn og þjóðfélagið“, 21. Leturbr. í heimild.

<sup>39</sup> Haraldur Ólafsson, „Framtíð Háskólans“, 12–13.

## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN – II.13 PEKking OG HAGPRÓUN

*Breytileg sjónarmið stú-  
enta. Fylgissveiflur í kos-  
ingum til Stúdentaráðs á  
núnda áratugnum og fram  
til 1993.*



að sú hættu væri fyrir hendi að markaðurinn gæti tekið að stýra háskólastarfinu meira en ásættanlegt væri.<sup>40</sup>

Um leið hélt hann því fram að „[t]engsl háskólans við atvinnulífið ... [hlytu] undir öllum kringumstæðum að vera mikil. Háskólinn menntar fólk til margra ákveðinna starfa, og þótt allir fái ekki störf beinlínis á því sviði, sem þeir eru menntaðir til, þá mun vafalaust eiga sér stað veruleg aðlögun að vinnumarkaðinum.“ En, benti Haraldur Ólafsson á, þá ætti háskóli „ekki einvörðungu að vera starfsþjálfunarskóli. Hann verður einnig að vera stofnun þar sem fengist er við ýmislegt sem ekki verður umsvifalaust í askana látið.“ Háskóli Íslands ætti vissulega framtíð fyrir sér ef hann þróaðist „fyrir framtak og vilja þeirra sem við hann starfa, og „hann fylgist með á hraðfara öld tækninýjunga, en heldur samt áttum í íslenskum veruleika. En umfram allt verður hann að vera vígi andlegs frelsis, ekki hins hömlulausa frelsis, heldur frelsis til að beita skynseminni af gagnrýni og heiðarleika.“ Hann lagði áherslu á hlutverk hinna „ðhagnýtu vísinda“ er hann sagði að Háskóli Íslands ætti „í framtíðinni að vera í fararbroddi í tækni og vísindum á landinu, en hann á ekki síður að stuðla að eflingu hUMANÍSKRA fræða, þar sem íslensk og alþjóðleg menning eru í öndvegi.“<sup>41</sup>

<sup>40</sup> Haraldur Ólafsson, „Framtíð Háskólans“, 13.

<sup>41</sup> Haraldur Ólafsson, „Framtíð Háskólans“, 14–15.

## 14. Tölvuvæðingin

Tölvuvæðing og þróun tölvumála hefur verið meginþema í sögu Háskóla Íslands á síðustu áratugum eins og fjallað er um í þriðja hluta bókarinnar. Í kafla um rannsóknir í raunvísindum og verkfræði lýsir Magnús Guðmundsson þætti Háskólans í tölvuvæðingu nútímasamfélags þar sem tölvur eru ein af grunnstoðum atvinnulífsins og líkir hlut tölva og upplýsingakerfa í samfélaginu við þátt taugakerfisins í mannlíkamanum. Fróðlegt er að hafa þessa líkingu í huga þegar upphaf tölvuvæðingar við Háskóla Íslands er skoðað því lýsingarnar af því þegar fyrsti „reikniheilinn“ var tekinn til notkunar fyrir 47 árum bera keim af því að nokkurs konar furðuhlutur hefði borist inn í hin helgu vé og þyrfti að nálgast hann sem slíkan.

Eins og Magnús Guðmundsson segir voru það Reiknistofnun og Raunvísindastofnun Háskólans sem fluttu til landsins fyrstu „stórtölvur“ á Íslandi ætlaðar til rannsókna, og var það árið 1964. Á baksíðu Vísir 8. desember 1964 mátti lesa grein undir fyrirsögninni „Heilinn kominn til Háskólans“ þar sem greint var frá þessum atburði. „Reikniheilinn ... er nú kominn á sinn stað í nýju húsi Eðlisfræðistofnunar Háskólans fyrir vestan Suðurgötu“, sagði þar. „Þangað var hann fluttur í gær og komið fyrir í 50 fermetra herbergi í kjallara hússins. Áætlað er, að heilinn verði kjarni væntanlegrar Reiknistofnunar Háskólans.“ Blaðið greindi einnig frá því að reikniheilinn sem var af hinni tilteknu gerð, IBM-1620 model 2 og gjöf Framkvæmdabanka Íslands, reiknaði „fjórum sinnum hraðar en heilinn, sem var hér í vor“. En sá var af gerðinni IBM-1620 model 1 og var hér „sem sýnishorn í nokkrar vikur“.<sup>1</sup>

Að sjálfsögðu þurfti að leggja á ráð um hvað tækið yrði látið gera en „[e]kki er ákveðið, hvaða verkefni heilinn fær í fyrstu, og hefur enn ekki verið neitt afráðið um, hvort hann verður notaður til að draga út í Hapdrætti Háskóla Íslands eins og stungið hefur verið upp á“, skrifaði Vísir. Magnús Magnússon prófessor hefði þó sagt að það væri „örugglega hægt að nota hann til þess, en töluverð vinna yrði í fyrstu við að undirbúa heilann“. Þá var enn fremur ráðgert að bráðlega myndu hefjast

námskeið, þar sem verkfræðingar frá ýmsum stofnunum, svo sem Raforkumálaskrifstofunni, Veðurstofunni og Atvinnu-

<sup>1</sup> Vísir 8. des. 1964, 16.

## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN

deild Háskólans, læri meðferð heilans, en þessar stofnanir eru allar með verkefni, sem þær vilja gjarna láta heilann um að leysa. Þá er og líklegt, að heilinn verði fljótlega notaður við að reikna út almanakið, sem Þjóðvinafélagið gefur út.<sup>2</sup>

Lýsingar á gerð sjálfs tækisins eru einnig fróðlegar, en í Morgunblaðinu í maí árið eftir var enn fjallað um „rafeindareikninn“. Sagði þar að hann væri samansettur af „þremur hlutum“. Í fyrsta hlutanum væri „„minnið““ eða geymsla fyrir það efni, sem geyma á. Getur „minnið“ geymt 40 þús. tölustafi í einu.“ Í öðru lagi væri svo „tæki, sem les af spjöldum og gatar spjöld og í þriðja lagi er sjálfur reiknirinn“. Fram kom í blaðinu að „[r]afeindareiknir Reiknistofu Háskólans ... [hefði] fram að þessu verið notaður til alls konar útreikninga jafnframt því að hann hefur verið notaður til kennslu. Hafa ýmsir aðilar þegar notfært sér reikninn við lausn á rannsóknarverkefnum og öðrum hagnýtum verkefnum.“<sup>3</sup>

Ekki er þó ólíklegt að rafeindareiknir þessi hafi markað spor af öðru tagi en að vera fyrsti gripur sinnar tegundar við Háskóla Íslands því af „fornmun“ að vera var hann í það minnsta óvenju ungur er hann var tekinn úr notkun og afhentur Þjóðminjasafni, en það var árið 1977 og „heilinn“ þá þrettán ára.<sup>4</sup>

Árið 1976 urðu svo önnur tímamót í sögu tölvuvæðingar við Háskólann. Eins og rektor gerði grein fyrir í ræðu þá um vorið höfðu skólanum borist margar gjafir þetta árið og „ýmsar þeirra mjög stórar“. Hæst bar tölvugjöf IBM á Íslandi auk tölvubúnaðar frá Seðlabankanum o.fl.<sup>5</sup> Nánar var fjallað um málið í Morgunblaðinu í byrjun mars 1976 samkvæmt fréttatilkynningu frá Háskólanum og greint frá því að „Otto A. Michelsen, forstjóri IBM-útibúsins á Íslandi“, hefði afhent „Háskóla Íslands gjafabréf í gær, þess efnis, að háskólinn fái í þrjú ár endurgjaldslaust afnot af tölvusamstæðu frá IBM. Tölvuafnotunum fylgir höfðingleg peningagjöf til styrktar kennslu og rannsóknnum er tengd eru tölvunni og reiknifræði.“ Jafnframt sagði að tölva sú sem um ræddi væri „af gerðinni IBM 360/30, sem sé miklu hraðvirkari og afkastameiri en tölva sú, IBM 1620, sem háskólinn hefur nú átt í 10 ár.“<sup>6</sup> Í fréttatilkynningunni sagði einnig að gjöfin leysti fyrir Háskólann mikinn vanda „er hann hefði annars staðið frammi fyrir“:

Kennsla í tölvufræðum og kennsla og rannsóknir sem styðjast við tölvunotkun ... [hefðu] aukizt hröðum skrefum við háskól-

<sup>2</sup> *Vísir* 8. des. 1964, 16.

<sup>3</sup> *Morgunblaðið* 14. maí 1965, 31.

<sup>4</sup> Páll Sigurðsson, *Úr húsnæðis- og byggingarsögu* II, 281. Hér kemur fram að þegar ritið var gefið út hafi „reiknirinn“ þó verið geymdur í VR III.

<sup>5</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1973–76, 32.

<sup>6</sup> *Morgunblaðið* 3. mars 1976, 32. – Sjá einnig *Árbók Háskóla Íslands* 1973–76, 215.



ann á seinustu árum, og nú sé svo komið að eldri tölvan nægi ekki lengur þessum þörfum, enda sé hún tæknilega úrelt. Háskólinn hafi átt mjög erfitt með að endurnýja tölvukost sinn af eigin rammleik, en gjöfin fullnægi helztu þörfum háskólans í þessum efnun.<sup>7</sup>

Þó fór ekki hjá því að gagnrýnisraddir kæmu fram vegna gjafarinnar og þá m.a. að tölvubúnaður þessi væri nú þegar úr sér genginn. Kennslustjóri Háskólans, Halldór Guðjónsson, tók málið upp í Morgunblaðinu og svaraði gagnrýninni um leið. „Því hefur sem sé verið haldið fram“, sagði Halldór, „að tölvan IBM 360/30, sem háskólinn fær til afnota, sé úrelt, nánar tiltekið haugamatur.“ Og þótt kennslustjórinn tæki ekki undir að tölvan ætti heima á haugunum þá samsinnti hann þessu upp að því marki að það væri rétt

að IBM ... [framleiddi] ekki lengur tölvur af þessari gerð, það er líka rétt, að IBM heldur ekki lengur við hugbúnaði og stýrikerfi þessarar tölvugerðar. Það er enn fremur rétt, að ýmis fyrirtæki, þar á meðal IBM, framleiða nú hraðvirkari, einfaldari og fjölhæfari tölvur en IBM 360/30. IBM selur þessa tölvugerð ekki lengur. Í öllu þessu er tölvan, sem háskólinn fær til afnota, úrelt á sama hátt og Rolls Royce af árgerð 1960 er úreltur.<sup>8</sup>

Kennslustjóri Háskólans var aftur á móti fullkomlega praktískur í málflutningi sínum og hélt því blákalt fram að „allt þetta ... [skipti] háskólann engu. Það, sem skiptir háskólann máli í þessi efni, er einkum þrennt.“ Í fyrsta lagi að „vélin, sem háskólinn hefur til afnota, sé svo fjölhæf, stór og hraðvirk, að hún geti sinnt og annað sem flestum þeirra verkefna, sem háskólinn þarf að láta vinna“. Í annan stað að „vélin sé svo lík algengustu tölvum öðrum, að notendur eigi ekki erfitt með að færa verkefni sín af vél háskólans á aðrar, og þá jafnframt að þeir, sem læra fræði sín við vélin, geti notfært sér þau annars staðar“. Og í þriðja og síðasta lagi að „vélin sé örugg í gangi og auðveld í viðhaldi og þar með að hún muni endast háskólanum umsaminn tíma“.<sup>9</sup>

Þá lét Halldór heldur ekki á sig fá ummæli sem fram höfðu komið frá svonefndum „Samstarfshópi um auðhringi“ um að „ekki væri sæmandi fyrir æðstu menntastofnun landsins að þiggja slíka gjöf af

<sup>7</sup> *Morgunblaðið* 3. mars 1976, 18, 32.

<sup>8</sup> *Morgunblaðið* 22. apríl 1976, 21.

<sup>9</sup> *Morgunblaðið* 22. apríl 1976, 21.

## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN

bandarískum auðhring“ og að í því fælist einhvers konar skuldbinding um áframhaldandi viðskipti við fyrirtækið IBM. Eða eins og það var orðað í Vísi í febrúar 1977 að „mörgum manningum“ hefði þótt „sem hér væri um að ræða aðeins eitt snjallræða IBM-hringsins til þess að halda í tök sín á hinum alþjóðlega tölvumarkaði“.<sup>10</sup> Halldór Guðjónsson sagði að Háskólinn hefði ekki gert neinn „framfúrarsamning við IBM, á skólanum liggja engar kvaðir um frekari viðskipti að þessum þremur árum liðnum“. Í málinu skipti mestu að gjöfin væri í raun hreinn hvalreki fyrir skólann því hann hefði, eins og Jón Þ. Þórhallsson forstöðumaður Reiknistofnunar Háskólans benti á, ekki efni á að endurnýja tölvubúnað sinn að öðrum kosti. Gekk hann svo langt að segja að þetta væri „ein allra verðmætasta gjöf sem háskólanum hefur nokkru sinni verið gefin“.<sup>11</sup>

Hafi einhver velt því fyrir sér á sínum tíma hvers konar verkefni mætti leggja fyrir hinn nýja vélbúnað þá þurfti sá hinn sami ekki lengi að fara í graf götur um það. Í Alþýðublaðinu í febrúar árið 1977 birtist grein um „háskólatölvuna umdeildu“, en í fyrirsögn mátti lesa að hún hefði nú „skilað úrlausnum úr 16.000 verkefnum á 6 mán.“.<sup>12</sup> Um fyrstu tölvuna er Háskólinn eignaðist sagði enn fremur að sem dæmi um verkefni hennar væri hægt að tiltaka

almanaksútreikninga, útreikninga úr segulmælingum, úrvinnslu jarðskjálftamælinga, mannfæðisfræðirannsóknir, rannsóknir í samráði við Fiskifélag Íslands um hagkvæma stærð togskipa með tilliti til fyrirbyggjandi upplýsinga um aflabrögð fyrri ára, veðurfar o.fl. (útkoman úr þessu varð sú að því minni sem togaramir væru, því hagkvæmari rekstur), veðurfarsútreikninga í samráði við Veðurstofu Íslands, og margt fleira væri hægt að nefna.<sup>13</sup>

Heimildir sýna glöggt að tími hinnar „hröðu endurnýjunar“ var að ganga í garð því blaðamaður greindi frá því að Reiknistofnuninni muni fljótlega bætast „ný tölva af gerðinni PDP 11/34, en að því bezt er vitað er hún þegar komin til landsins og er því væntanlega skammt að bíða að hún verði tekin í notkun“. Væri hennar beðið „með eftirvæntingu“ hjá Reiknistofnun, en meðal annars var þess vænst að hún kæmi „að miklu liði við teiknun jarðskjálftakorta“.<sup>14</sup> Rak svo hver nýjungin aðra, og má þar nefna kaup á svokallaðri „VAX 11/780 árið 1980“ er „keyrð“ var í tíu ár og svo „VAX 11/

<sup>10</sup> *Alþýðublaðið* 23. feb. 1977, 5.

<sup>11</sup> *Morgunblaðið* 7. nóv. 1976, 42.

<sup>12</sup> *Alþýðublaðið* 23. feb. 1977, 5.

<sup>13</sup> *Alþýðublaðið* 23. feb. 1977, 5.

<sup>14</sup> *Alþýðublaðið* 23. feb. 1977, 5.



*Fyrsti reikniheilinn kominn á sinn stað í Raunvísindastofnun í desember 1964. Mennirnir eru, frá vinstri: Helgi Sigvaldason verkfræðingur, Ragnar Ingimarsson síðar prófessor og forstjóri Hapdrættis Háskólans, Oddur Benediktsson, síðar prófessor í tölvunarfræði, og Magnús Magnússon prófessor. Á borðshorninu er ferðarítvél sem var þá helsta vinnutæki flestra háskólastarfsmanna.*

750“, er fékk nafnið Katla. Kom hún inn á stofnunina árið 1984 og átti þar „langa og farsæla lífdaga og ... ekki tekin úr almennri notkun fyrir en 1992“. Einnig segir af „IBM 4341“ frá árinu 1985 er nefnd var Esja, en sú var þó ekki lengi í notkun.<sup>15</sup>

Aftur á móti segir Douglas A. Brotchie forstöðumaður stofnunarinnar í grein um sögu hennar að „[n]útíma vélastefna Reiknistofnunar“ hafi hafist 1987 með kaupum á „HP 9000/840“. En þá fyrst „var farið að veita almenna UNIX þjónustu og framtíðaráherslan færð þangað úr VMS hugbúnaðarumhverfi“. Vél þessi hlaut nafnið Krafla og var lengi „aðalvinnuhestur stofnunarinnar og miðdepill notendaþjónustunnar“. Enn meiri upplýsingar fyrir innvígða má lesa í grein Brotchies því í byrjun árs 1990


kynnti IBM athyglisverða nýja vélafjölskyldu, IBM RISC System/6000. Eftir töluverðar vangaveltur var ákveðið að festa kaup á vél úr þessari fjölskyldu, vélargerð 540, til að þjóna hlutverki sérstakrar reiknimiðstöðvar. Vélin var keypt í samráði og samvinnu við hóp góðra manna, eðlisfræðinga og veðurfræðinga, sem fengu tryggðan aðgang að reikniafli gegn því að taka þátt í kaupunum með Reiknistofnun. Sú vél er keyrð enn í dag [1993] og hefur reynst raunvísindamönnum og veðurfræðingum mjög gagnleg.<sup>16</sup>

<sup>15</sup> Brotchie, „Saga Reiknistofnunar Háskólans“, 35.

<sup>16</sup> Brotchie, „Saga Reiknistofnunar Háskólans“, 35.

## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN

*Mynd Tímans af fyrstu tölvunni sem Háskóli Íslands eignaðist.*



Hér skal stuttlega vikið nánar að tilurð og þróun Reiknistofnunar, sjálfum forsprakkanum í tölvuvæðingu við Háskólann. Starfsemi stofnunarinnar hófst eins og áður sagði árið 1964 „í kringum IBM 1620“ vélina, en hún var svo „færð til í skipulagi“ í kringum 1973 og „gerð að stofnun innan Raunvísindastofnunar Háskólans“. Ekki þótti það takast sérlega vel, segir Douglas A. Brotchie, og hófst því þriðji kafliinn í sögu Reiknistofnunar með „komu IBM 360/30“ hinnar umdeildu árið 1976.<sup>17</sup> Þá var „Reiknistofnun Háskólans (RHÍ) stofnuð í nýrri mynd“ og „byrjað á ýmsum nýjungum í rekstri, svo sem fullri gjaldfærslu fyrir tölvuvinnslu“.<sup>18</sup> Á þessum tíma, eða í mars 1976, var gefin út reglugerð fyrir stofnunina og hlutverk hennar skilgreint á þann veg að hún skyldi sjá um „rekstur reiknimiðstöðvar við Háskóla Íslands til úrvinnslu verkefna kennara og nemenda og annarra starfsmanna“ og ennfremur annast „reikniþjónustu fyrir aðila utan Háskólans“ og standa fyrir námskeiðum og fyrirlestrum um nýjungar á sínu sviði.<sup>19</sup> Hlutverk stofnunarinnar breyttist þó hratt, og árið 1993 var hún ekki lengur „reiknimiðstöð þjódarinnar“ enda „reikniafl“ þá orðið ódýrt. Stofnunin var frekar orðin að „þekkingar og þjónustumiðstöð, þar sem áhersla ... [var] lögð á þjónustu við háskólasamfélagið“.<sup>20</sup>

<sup>17</sup> Brotchie, „Saga Reiknistofnunar Háskólans“, 34.

<sup>18</sup> HÍ. BA4: 181. Rektorskrifstofa 1967–1984. Bréfasafn. Páll Jensson, Drög að áætlun um þróun tölvumála við Háskóla Íslands, 2.

<sup>19</sup> Brotchie, „Saga Reiknistofnunar Háskólans“, 34.

<sup>20</sup> Brotchie, „Saga Reiknistofnunar Háskólans“, 36.

Breytt hlutverk hennar endurspegladist í nýrri reglugerð sem gefin var út árið 1990, eða fjórtán árum eftir að sú fyrri kom út. Þar var þáttur hennar útvíkkaður verulega, og sýnir það vel þá stökkbreytingu í tölvumálum sem orðið hafði frá því að „reikniheilinn“ nam fyrst land við Háskólann um árið. Reiknistofnun var nú ætlað að „byggja upp og reka upplýsinga- og gagnanet fyrir Háskóla Íslands, og annast þjónustu við notendur“. Þá átti hún að „koma upp og reka ... aðstöðu fyrir nemendur allra deilda til kennslu og náms“ og „hafa yfirsýn yfir eign, notkun og þekkingu Háskóla Íslands á tölvubúnaði“.<sup>21</sup>

Að lokum er athyglisvert að líta á skýrslu eftir Pál Jenson sem hann gerði á vegum Reiknistofnunar í desember árið 1983, en um það leyti er hún var gerð voru tölvur enn ekki orðnar almenningseign, né heldur hluti af útbúnaði háskólafélks við dagleg störf sín. Var skýrslunni m.a. ætlað að leggja drög að áætlun um þá þróun. Páll hóf mál sitt á að rekja þróunina stuttlega og sagði m.a. að fyrstu 13 til 14 árin í sögu tölvuvæðingar við Háskólann hefði því sem næst öll tölvunotkun verið í svokallaðri „runuvinnslu“ og hefðu verið „notuð til þess gatspjöld“. Runuvinnslan hefði átt sitt blómaskeið á árunum 1976–80, þ.e.a.s. „á tíma IBM 360/30 tölvunnar“. Þá tók við það sem höfundur nefndi „sívinnslu“, en með því var átt við notkun á skjáum „tengdum einni tölvu í samtímvinnslu“. Sívinnslan tók yfir á aðeins tveimur árum eða árunum 1978–80. Nú stóð Reiknistofnun enn á tímamótum, en aftur væri „fyrirsjáanleg mikil breyting á eðli og fyrirkomulagi tölvunotkunar, fyrst og fremst með tilkomu örtölvanna og dreifingu vinnslu yfir á þær. Notkunarsvið tölvunnar mun víkka ört á næstu árum“, sagði Páll, og væri ritvinnslan einmitt dæmi um það. Þá væri sú þróun framundan „að einkatölvun verði smám saman álitin jafn sjálfsögð og einkabíllinn er í dag. Einkatölvun verður notuð til að meðhöndla upplýsingar í tölum, texta og síðar meir einnig töluðu máli.“ Einnig yrðu þær nýttar fyrir „dreifingu upplýsinga, og til nota sem vinnustöðvar í tengslum við tölvumiðstöðvar“.<sup>22</sup>

Einnig stillti Páll Jenson upp dæmi í skýrslu sinni „til skýringar um það, sem búast má við að verði nefnt ‚þarfir notenda‘ í lok þessa áratugs. Sem dæmigerðan notanda ... tókum við háskólaakennara sem starfar við kennslu, rannsóknir og stjórnsýslu. Við skulum nú fmynda okkur hvernig hann muni vilja nota tölvu árið 1990“:


<sup>21</sup> Brotchie, „Saga Reiknistofnunar Háskólans“, 34.

<sup>22</sup> HÍ. BA4: 181. Rectorskrifstofa 1967–1984. Bréfasafn. Páll Jenson, Drög að áætlun um þróun tölvumála við Háskóla Íslands, 2.



## II. GRUNNMENNTUNARSKÓLINN

Árið 1987 var tölvunotkun stúdenta orðin svo algeng að Stúdentablaðið birti grein með leiðbeiningum um hvernig ætti að forðast heilsutjón af slæmri vinnu- aðstöðu við tölvur. Þar segir að rannsóknir erlendis hafi leitt í ljós að fólk sem vinni við tölvur kvarti oft undan vanlúðan sem megi rekja til of mikils álags á sjónina, rangrar lýsingar, lélegrar hönnunar á vinnuaðstöðu, rangra vinnustellinga eða lélegs tækjabúnaðar.




Hann vinnur ritstörf að mestu á einkatölvu sinni, en sumt sendir hann um netkerfi til annarrar tölvu, t.d. ef hann vill fá próförk úr setningarvél (hjá Háskólaforlagi?). Ritvinnslu-kerfin bjóða m.a. upp á orðskiptingu, stærðfræðitákn, villuleit ... og fleira. Hann hefur aðgang að ritvinnsluprentara á sömu hæð og skrifstofa hans er.

Hann getur dreift ritsmíð sinni (greinum, skýrslum, minnisblöðum o.s.frv.) um tölvupóstinn til einstakra viðtakenda eða eftir dreifilista. Nemendur hans geta fengið kennslunótur sendar pappírslaut, og sent ritgerðir sínar á sama hátt til baka. Skjalavörslu getur hann annast sjálfur á einkatölvunni ...

Að jafnaði tengist hann aðalckerfinu daglega og fær þá að vita um móttekinn póst, t.d. skilaboð, auglýsingar, fundar-gerðir, fréttabréf o.s.frv. Hann tekur þátt í tölvuráðstefnum og er áskrifandi að upplýsingum um nýjungar á vissum sviðum.

Gegnum tölvupóstinn og tengingu HÍ við önnur netkerfi hefur hann samband við aðra rannsóknaraðila hérlandis og erlenda háskóla. Hann getur t.d. beðið erlendan starfsbróður sinn um grein og verið búinn að fá hana eftir nokkrar mínútur í stað daga eða vikna.<sup>23</sup>

<sup>23</sup> HÍ. BA4: 181. Rektors- skrifstofa 1967–1984. Bréfasafn. Páll Jenson, Drög að áætlun um þróun tölvumála við Háskóla Íslands, 3–4.



*Tölvutækni átti eftir að gerbreyta öllu háskólastarfi á tíunda áratug 20. aldar. Árið 1992 var bókakostur Landsbókasafns og Háskólabókasafns tölvuskráður og bókasafnskerfið Gegnir tekið upp.*

Ýmis fleiri atriði voru nefnd í þessum spádómi Páls Jenssonar frá árinu 1983 um gang tölvuvæðingar næstu árin en ekki þarf að fara mörgum orðum um að flest hafa þau gengið eftir.



*Magnús Guðmundsson*

# III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN

## 1990–2011









# 1. Frelsi með ábyrgð

## *1. Leiðin til rannsóknarháskóla*

Þriðji og síðasti hlutinn af aldarsögu Háskóla Íslands er hér kenndur við rannsóknir. Með því er einkum haft í huga það sem gerðist innan Háskólans, rannsóknartengt framhaldsnám, vöxtur rannsóknarstofnana og rannsóknarvirgni akademískra starfsmanna. Allt verður þetta rætt í bókarhlutanum. En sannkallaður rannsóknarháskóli þarf einnig að vera sem frjálsastur í starfi sínu og sem ábyrgastur fyrir því sem þar er gert. Á þessu sviði urðu mikil tímamót í Háskóla Íslands á árunum í kringum 1990. Háskólanum var búinn nýr starfsrammi, lagalega og skipulagslega, miklu rýmri en hann hafði búið við áður. Hér er byrjað á greinargerð um þennan nýja ramma og fjármál, áður en kemur að sjálfu starfi Háskólans.

Menntamálaráðuneytið kom að stjórn Háskólans í gegnum fjármál, starfsmannamál, launamál, ferðaheimildir, skipun prófdómara, byggingarmál, auk ýmissa annarra málaflokka, og þótti mörgum nóg um. Á árunum eftir 1990 fóru samskipti milli skólans og ráðuneytisins smám saman að breytast, og ráðuneytið lét stjórn flestra þessara málaflokka hægt og bítandi í hendur Háskólans. Það gerðist vegna baráttu Háskólans fyrir sjálfstæði og frelsi og vegna áhuga í Stjórnarráðinu á að koma upp nýju verklagi þar sem verkefni væru flutt frá ráðuneytum til stofnana ríkisins til að auka ábyrgð þeirra á eigin rekstri. Stefna í efnahagsmálum sem réði ríkjum á Vesturlöndum hafði einnig sín áhrif.

Félag háskólakennara hefur tekið margvísleg önnur málefni á dagskrá en bein launamál, enda til þess stofnað. Þannig skipaði félagið hóp valinkunnra prófessora í nefnd sem skilaði tillögum 1984 til félagsins og háskólaráðs um eflingu Háskólans sem vísindastofnunar. Í þeim segir m.a.: „Nefndin var sammála um að nauðsyn væri á að efla sjálfstæði Háskólans í fjárhagslegum og vísindalegum eignum og gera hann óháðari ríkisvaldinu en nú er. ... Slíkt sjálfsforræði taki til ákvarðana um kennslufyrirkomulag, ráðningu kennara, ákvarðana varðandi nýtingu húsnæðis deildanna og síðast en ekki síst að deildirnar fái sjálfstæðari fjárhag. Í framkvæmd myndi síðasta atriðið vera á þann veg að deildir ákvæðu hvernig sérstakri fjárveitingu þeirra væri varið til hinna ýmsu kostnaðarliða í starfsemi



## III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.1 FRELSI MEÐ ÁBYRGÐ

*Myndir af brautskráningu kandídata 20. júní 2009 má nota sem skýringarmynd af nýju skipulagi Háskólans eftir að Kennaraháskólinn sameinaðist honum sem Menntavísindasvið árið áður. Hér eru forsetar hvers sviðs með borða í sínum lit, frá vinstri:*

*Appelsínugulur: Kristín Vala Ragnarsdóttir, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.*

*Rauður: Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs.*

*Gulur: Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs.*

*Blár: Sigurður Guðmundsson, forseti Heilbrigðisvísindasviðs.*

*Grænn: Ólafur P. Harðarson, forseti Félagsvísindasviðs.*

*Við hlið hans stendur Kristín Ingólfssdóttir rektor.*



þeirra.<sup>1</sup> Leó Kristjánsson, vísindamaður á Raunvísindastofnun, var einn fjölmargra sem lögðu orð í belg um fjármál skólans á ráðstefnu Vísindafélags Íslendinga árið 1987: „Í annan stað þarf mjög að auka fjárhagslegt sjálfstæði stofnana eins og Háskóla Íslands, og gera þeim kleift að flytja til meiri muna fjárveitingar þangað sem þær teljast gera mest gagn. Núverandi skipulag fjármála þessara stofnana ber þess vitni að ráðamenn treysta þeim ekki, og er samþærilegt við það að reynt sé að stunda íþróttir í spennitreyju.“<sup>2</sup> Það fór ekki að rofa til í þessum málum fyrr en nokkrum árum síðar og mishratt þó í hinum ýmsu málaflokkum.

## 2. Háskólastigið

Víða í Evrópu voru sett ný lög um háskóla á tífunda áratug 20. aldar. Lögini miðuðu að því að auka sjálfstæði þeirra, og slíkt var einnig talið tímabært á Íslandi.<sup>3</sup> Breytingar á lögum og fjölgun skóla á háskólastigi kölluðu á rammalöggjöf um það. Auk þess var ýmislegt í stjórnkerfi skólans og í lögum um Háskóla Íslands úr takti við tímann og hindraði eðlilega þróun skólans. Þróunarnefnd Háskólans lagði til við menntamálaráðherra árið 1992 að sett yrði löggjöf um háskólastigið, háskólanám skilgreint og kveðið á um undirbúning nemenda fyrir slíkt nám.<sup>4</sup> Samstarfsnefnd háskólastigsins, undir forystu rektors Háskóla Íslands, hélt málinu gangandi og átti frumkvæði að löggjöf um háskólastigið. Nefndin sendi í ársbyrjun

<sup>1</sup> HÍ. Skjalasafn Félags háskólakennara C1. Tillögur Háskólanefndar Félags háskólakennara.

<sup>2</sup> Leó Kristjánsson. „Hugleiðingar um aðstöðu til rannsókna í raunvísindum á Íslandi“, 25.

<sup>3</sup> Vef. Alþingi. Frumvarp til laga um háskóla 1997–98. – *Háskóli Íslands. Stjórnsýsluúttekt*, 87.

<sup>4</sup> *Háskóli Íslands. Stefna og framtíðarsýn*, 36. – Vef. Alþingi. Frumvarp til laga um háskóla 1997–98.



*Deildarforsetar og sviðsforseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs við brautskráningu 20. júní 2009. Frá vinstri:*

*Líf- og umhverfsvísindadeild: Sigurður Sveinn Snorrason.*

*Raunvísindadeild: Guðmundur Haraldsson.*

*Jarðvísindadeild: Magnús Tumi Guðmundsson.*

*Sviðsforseti: Kristín Vala Ragnarsdóttir.*

*Umhverfis- og byggingarverkfræðideild: Sigurður Magnús Garðarsson.*

*Iðnaðarverkfræði-, véla- verkfræði- og tölvunarfræðideild: Ólafur Pétur Pálsson.*

*Rafmagns- og tölvuwerkfræðideild: Karl S. Guðmundsson.*

1995 bréf til Ólafs G. Einarssonar, þáverandi menntamálaráðherra (1991–95), og tillögur að háskólalögum. Helsta markmið með lögum um háskólastigið var að festa í sessi skipun skólastigsins sem tók við af framhaldsskólastigi. Í bréfi sem Sveinbjörn Björnsson, háskólarektor og formaður Samstarfsnefndar, ritaði ráðherra af því tilefni sagði orðrétt: „Með lögum um háskóla yrðu settar samræmdar almennar reglur um hlutverk háskóla, inntökuskilyrði, kröfur til kennara, prófgráður og viðurkenningu þeirra, kennslu og mælieiningu námsins sem við er miðað, starfsskilyrði sem háskólum skulu búin, fjárveitingar og tekjustofna, samráð og samstarf á milli háskóla. Þörf slíkrar samræmingar er brýn til að tryggja að háskólar standi undir nafni sem slíkir og til að gera þeim kleift að vinna saman, bæði að kennslu og rannsóknum.“<sup>5</sup> Í Háskóla Íslands væntu menn þess einnig að fá bráðlega sambærilegar fjárveitingar við aðra skóla á háskólastigi, en á það hafði skort árin þar á undan. Einnig var talið mikilvægt að endurskoða valdsvið rektors og deildarforseta, skipun háskólaráðs, deildaskiptingu, stjórn og sjálfræði deilda, skipun rannsóknarstofnana, ráðningarferli og hæfiskröfur til starfsmanna við nýráðningu og framgang í starfi, rétt Háskólans til að eiga og reka fyrirtæki og heimild hans til að leita fjárstuðnings hjá öðrum en ríkissjóði.<sup>6</sup>

Fyrstu almennu rammalögin um háskóla og háskólastigið á Íslandi voru samþykkt á Alþingi í árslok 1997.<sup>7</sup> Þar með voru dregin

<sup>5</sup> Vef. Alþingi. Athugasemdir við frumvarp til háskólalaga 1997.

<sup>6</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 286.

<sup>7</sup> Vef. Alþingi. Lög nr. 136/1997 um háskóla.

## III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.1 FRELSI MEÐ ÁBYRGÐ

*Sviðsforseti og deildarforsetar Menntavísindasviðs við brautskráningu 20. júní 2009. Frá vinstri:*

*Sviðsforseti: Jón Torfi Jónasson.*

*Uppeldis- og menntunarfræðideild: Hanna Ragnarsdóttir.*

*Kennaradeild: Anna Kristín Sigurðardóttir.*

*Íþrótt- og tómstunda- og þroskaþjálfadeild: Erlingur S. Jóhannsson.*



saman meginskilyrði sem skóli þarf að uppfylla til að geta talist háskóli sem veitir háskólagráðu við námslok. Lögin skilgreindu einnig markmið starfseminnar, tryggðu betur sjálfstæði skólanna og buðu meðal annars upp á gæðaeftirlit með kennslu og rannsóknum. Með rammalögum um háskóla var opnað fyrir þann möguleika að sjálfseignarstofnanir í höndum einkaaðila gætu stofnað og rekið háskóla að fengnu samþykki menntamálaráðherra. „Mikilvæg voru heimildarákvæði um þjónustusamning milli menntamálaráðherra og háskóla og viðmið um fjárveitingar vegna kennslu og rannsókna. Um gjaldtöku hvers skóla af nemendum vegna náms var hins vegar vísað í sérlög, samþykktir eða skipulagsskrár hvers skóla.“<sup>8</sup>

Í kjölfar rammalöggjafar um háskóla frá 1997 var nauðsynlegt að semja ný lög um Háskóla Íslands, og voru þau samþykkt frá Alþingi árið 1999.<sup>9</sup> Með þeim færðist meðal annars frá Menntamálaráðuneytinu til Háskólans réttur til að stofna eða leggja niður námsbrautir og deildir. Þar með hafði verið stigið stórt skref til sjálfræðis, og farið var að huga að skipulagsbreytingum.<sup>10</sup> Með lögnum var jafnframt sú grundvallarbreyting gerð að vald til að setja Háskólanum reglur á grundvelli laganna var fært til hans sjálfs, en áður var það menntamálaráðherra sem setti Háskólanum reglugerð. Vorið 2000 setti Háskólinn þannig í fyrsta sinn sjálfur sínar eigin reglur á grundvelli laga, og eru þær birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

<sup>8</sup> *Árbók Háskóla Íslands 1994–97*, 287–88. – *Vef. Alþingi. Lög nr. 136/1997 um háskóla.*

<sup>9</sup> *Vef. Alþingi. Lög nr. 41/1999 um Háskóla Íslands. – Árbók Háskóla Íslands 1994–97*, 286.

<sup>10</sup> *Lbs. Svandís Ingimundardóttir, Hvað ræður opinberri ákvarðanatöku um málefni háskólastigsins?*, 43.





*Deildarforsetar og sviðsforseti Hugvísindasviðs við brautskráningu 20. júní 2009. Frá vinstri: Guðfræði- og trúarbragðafræðideild: Hjalti Hugason. Sagnfræði- og heimspeki-deild: Eggert Þór Bernhardsson. Sviðsforseti: Ástráður Eysteinnsson. Íslensku- og menningar-deild: Eiríkur Rögnvaldsson. Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda: Júlían Meldon D'Arcy.*

Á móti því að margvísleg verkefni voru flutt frá Menntamálaráðuneytinu til Háskóla Íslands kom árið 1997 réttur menntamálaráðherra til að skipa tvo fulltrúa í háskólaráð, en um leið var fækkad í ráðinu.<sup>11</sup> Sumir hafa talið að með því að skipa fulltrúa atvinnulífs í háskólaráð sé verið að þrengja akademískt frelsi Háskólans og gera lítið úr akademískri stefnumörkun hans.<sup>12</sup> Aðrir telja að með því að menntamálaráðherra skipi fulltrúa í háskólaráð séu tengsl þess við atvinnulífið betur tryggð. Önnur breyting varð á samskiptum Háskólans og Menntamálaráðuneytisins þegar sjálfsforræði skólans jókst á öllum sviðum. Í stað þess að ráðuneytið réði launum og fjárveitingum skólans út í hörgul hóf ráðuneytið að hafa eftirlit með gæðum í starfi Háskólans. Háskólaráð setti einnig á laggirnar gæðanefnd, skipaður var gæðastjóri á skrifstofu rektors og samþykkt var á háskólafundi 6. apríl 2001 vísinda- og menntastefna Háskóla Íslands sem lagði áherslu á gæði kennslu og rannsókn.<sup>13</sup>

Ein mikilvægasta breytingin sem gerð var á stjórnkerfi Háskólans var stofnun háskólafundar, frá árinu 2008 kallaður háskólaþing, og var fyrsti háskólafundurinn haldinn 4.–5. nóvember 1999. Hlutverk fundarins er fyrst og fremst að vinna að þróun og eflingu Háskóla Íslands og móta og setja fram sameiginlega vísinda- og menntastefnu skólans.<sup>14</sup> Rektor, háskólaráð og háskólasamfélagið tekur síðan mið af þeirri stefnu sem mörkuð er á háskólaþingum.

<sup>11</sup> Vef. Alþingi. Lög nr. 136/1997, gr. 13.

Frumvarp til laga um háskóla 1997–98.

<sup>12</sup> RÚV. Spegillinn. Jón Ólafsson, prófessor á Bifröst, viðtal 4.01.2010.

<sup>13</sup> Vef. HÍ. Vísinda- og menntastefna Háskóla Íslands 2001.

<sup>14</sup> Vef. Alþingi. Lög nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, 7. gr.



## III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.1 FRELSI MEÐ ÁBYRGÐ

*Deildarforsetar og sviðsforseti Heilbrigðisvísinda-sviðs við brautskráningu 20. júní 2009. Frá vinstri: Sálfræðideild: Jörgen Pind. Hjúkrunarfræðideild: Sóley Bender. Tannlæknadeild: Inga B. Árnadóttir. Sviðsforseti: Sigurður Guðmundsson. Lyfjafræðideild: Elín Soffía Ólafsdóttir. Læknadeild: Stefán B. Sigurðsson.*



### 3. Bologna-ferlið, gæði og sveigjanleiki

Fulltrúi Íslands var meðal erindreka 29 Evrópulanda sem undirrituðu svonefnda Bologna-yfirlýsingu árið 1999. Bologna-ferlið á að gera nemendum, kennurum og fræðimönnum auðveldara að nema og starfa utan heimalands síns. Svo að það gæti orðið voru lögð til samræmd viðmið um uppbyggingu háskólanáms til prófgráðu. Lögð er áhersla á gæði háskólamenntunar þannig að nemendur geti treyst því að prófgráður sem þeir afla sér standist alþjóðlegar gæðakröfur, bæði til frekara náms og á vinnumarkaði. Ef starfsfólk átti að geta flust frjálst á milli landa í Evrópu varð það að geta treyst því að menntun sem það aflaði sér í einu landi væri viðurkennd í því næsta. Þar af leiðandi þurftu menntakerfi landanna að vera sambærileg og auðvelt fyrir starfsfólk að lesa úr prófskírteinum. Að hluta eru viðmið Bologna-yfirlýsingarinnar hliðstæð þeim sem gilda um uppbyggingu æðri menntunar í Bandaríkjunum, á Englandi og í fleiri löndum. Gert er ráð fyrir að lágmarki þriggja ára námi til BA-/BS-prófs, síðan taki við tveggja ára MA-/MS-nám og loks þriggja ára nám til doktorsprófs.

Rammalöggjöf um háskólastigið frá árinu 1997 dugði skammt, enda þróun háskólastigsins mjög ör, bæði á Íslandi og erlendis.<sup>15</sup> Skipuð var nefnd til að semja nýtt frumvarp, og gengu ný rammalög um háskólastigið í gildi sumarið 2006 og tóku meðal annars mið af Bologna-yfirlýsingunni.<sup>16</sup> Helstu nýmæli þar voru sérstakur kaffi

<sup>15</sup> Vef: Alþingi. Frumvarp til laga um háskóla 2006. (Athugasemdir við frv.)

<sup>16</sup> Vef: Alþingi. Lög nr. 63/2006 um háskóla.



## III. 1.3 BOLOGNA-FERLIÐ



*Deildarforsetar og sviðsforseti Félagsvísindasviðs við brautskráningu 20. júní 2009. Frá vinstri: Hagfræðideild: Gylfi Zoëga. Viðskiptafræðideild: Ingjaldur Hannibalsson. Sviðsforseti: Ólafur Þ. Harðarson. Lagadeild: Björg Thorarensen. Stjórn málafræðideild: Gunnar Helgi Kristinsson. Félagsráðgjafardeild: Guðný Eydal. Félags- og mannvísindadeild: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir.*

um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna og að menntamálaráðherra veiti háskólum viðurkenningu að uppfylltum skilyrðum laganna.<sup>17</sup> Árið 2004 setti Menntamálaráðuneytið á fót gæðahóp til að fylgjast með að gæði menntunar væru í samræmi við Bolognaferlið, og tveimur árum síðar var komið upp Mats- og greiningarsviði innan ráðuneytisins sem hafa á eftirlit með gæðum háskólakennslu.<sup>18</sup> Með þessu taldi lektor í uppeldisfræði við Háskóla Íslands að boðið væri upp á inngrip í námsskrá skólans af hálfu Menntamálaráðuneytisins, sem áður hafði alfarið verið í höndum kennara hans.<sup>19</sup> Talið var mikilvægt að „tryggja aukinn hreyfanleika nemenda og aukna möguleika til samstarfs háskóla hér á landi og erlendis. Með því er einnig skotið frekari stöðum undir gagnkvæma viðurkenningu náms.“<sup>20</sup> Eftir setningu ákvæða um viðurkenningu hófst mikil lýsing á inntaki allra námsgreina sem var liður í því að fá eins konar starfsleyfi ráðuneytisins fyrir öll fræðasvið og prófgráður. Lögini voru óháð rekstrarformi háskólanna, en þá höfðu þegar verið stofnaðir einkareknir háskólar hér á landi.

Eftir setningu laganna var farið að afhenda viðauka við prófskírteini við Háskóla Íslands (e. *Diploma Supplement*) þar sem haldið er til haga stöðluðum upplýsingum um uppbyggingu æðra menntakerfis á Íslandi, Háskólann, námið, inntak þess, skipulag og stöðu viðkomandi prófgráðu í kerfinu. Námsvinna nemenda var skilgreind á grundvelli svokallaðra Evrópueninga, ECTS-eininga

<sup>17</sup> Vef. Menntamálaráðuneytið. Auglýsing um útgáfu viðmiða um æðri menntun og prófgráður.

<sup>18</sup> Vef. EC. Focus on the Structure of Higher Education in Europe 2006/07, 190.

<sup>19</sup> Guðrún Geirsdóttir, „Viðbrögð ólíkra háskólagreina við breytingum“, 597–99.

<sup>20</sup> Vef. Alþingi. Frumvarp til laga um háskóla 2006.



(e. *European Credit Transfer System*) sem hafa verið notaðar sem viðmið í stúdentaskiptum hér á landi um árabíl eins og víða annars staðar í Evrópu. Frá 1. júlí 2008 breytti Háskóli Íslands einingagildi námskeiða til samræmis við ECTS-einingar.<sup>21</sup> Einingar Háskóla Íslands hafa síðan sama tölugildi og ECTS-einingar þar sem 5 eininga námskeið samkvæmt eldra kerfi urðu að 10 eininga námskeiðum og BA-/BS-nám, sem verið hafði 90 einingar, var metið á 180 ECTS-einingar. Nýtt númerakerfi námskeiða var tekið upp og gerðar ýmsar breytingar á framsetningu kennsluskrár, meðal annars með hliðsjón af Bologna-handbók, og stór hluti hennar var gerður aðgengilegur á ensku. Þannig lagaði Háskólinn sig smám saman að sameiginlegum menntamarkaði Evrópu, og í þessu tilliti var það tiltölulega auðvelt verk.


Í kjölfar Bologna-yfirlýsingarinnar var skipulagi náms í Háskóla Íslands breytt í mörgum greinum; náminu var skipt í þriggja ára grunnnám til BA-/BS-prófs, tveggja ára MA-/MS-nám og þriggja ára doktorsnám. Reyndar hafði í áraradír verið boðið upp á þriggja ára BA- eða BS-nám í Heimspekideild (fyrst 1942), Félagsvísindadeild og Raunvísindadeild.<sup>22</sup> Grunnnám í viðskiptafræði og verkfræði, sem verið hafði fjögurra ára nám, var stýtt í þriggja ára nám, BA-/BS-nám, og boðið upp á tveggja ára framhaldsnám til MA-/MS-prófs. Kandídatnámi í lögfræði, guðfræði og lyfjafræði, sem um langt skeið hafði verið fimm ára nám, var á næstu misserum einnig skipt upp í þriggja ára grunnnám og tveggja ára framhaldsnám sem lauk með meistaraáráðu. Nám í sjúkraþjálfun og hjúkrunarfræði, sem verið hafði fjögurra ára nám, var það áfram, auk þess sem boðið var upp á meistaranám í hjúkrunarfræði. Kandídatnám í læknisfræði og tannlækningum var einnig óbreytt; þó var boðið upp á meistaranám í læknisfræði. Það hjálpaði til við skiptingu á náminu í grunn- og framhaldsnám að hærri fjárveitingar fengust fyrir nemendur í framhaldsnámi.

Samfara umræðum um breytingar á háskólalögum á tíunda áratug 20. aldar var hafin umræða um skipulag Háskólans í heild. Margar hugmyndir voru reifaðar í Fréttabréfi skólans, meðal annars að skipta honum upp í fræðasvið, um leið og litið var til nágrannalanda um fyrirmyndir. Beðið var eftir nýjum lögum um háskóla sem opnuðu fyrir þessar hugmyndir. Á árunum 2004–05 voru gerðar úttektir á Háskólanum þar sem bent var á að treysta mætti stjórn-skipulag skólans.<sup>23</sup> Samkvæmt stefnu Háskóla Íslands 2006–11

<sup>21</sup> Vef. Alþingi. Frumvarp til laga um háskóla 2006. (Athugasemdir við frv.) – *Viðtal*. Gísli Fannberg deildarstjóri 13.11.2009. – *Árbók Háskóla Íslands* 2008, 51.

<sup>22</sup> Guðni Jónsson, *Saga Háskóla Íslands*, 137, 141–49. – Hér að framan kafli II.6.

<sup>23</sup> *Háskóli Íslands. Stjórn-sýsluúttekt*. – HÍ. Málsnúmer: HI05100076. *University of Iceland. EUA Evaluation Report*.



*Frá miðborg ítölsku borgarinnar Bologna, sem Bologna-ferlið er kennt við.*

skyldi skólinn bjóða framúrskarandi kennslu, framúrskarandi rannsóknir og framúrskarandi stjórnun og stoðþjónustu. Skipuð var nefnd til að huga að stjórnarfyrikomulagi Háskólans, og skilaði hún fyrstu hugmyndum um skiptingu hans í skóla og deildir á háskólafundi hinn 17. nóvember 2006.<sup>24</sup> Leitað hafði verið hugmynda frá erlendum skólum, en að lokum var ákveðið að byggja á skiptingu sem hafði þegar verið notuð við flokkun deilda og í samstarfi þeirra. Samþykkt var á háskólafundi hinn 19. október 2007, eftir frekari umræður og nefndarstörf, að skipta áður ellefu deildum upp í fjögur fræðasvið:<sup>25</sup> Lagadeild, Félagsvísindadeild og Viðskipta- og hagfræðideild mynduðu Félagsvísindasvið. Guðfræðideild og Hugvísindadeild (áður Heimspekideild) stóðu að Hugvísindasviði. Hjúkrunarfræðideild, Lyfjafræðideild, Tannlæknadeild og Læknadeild með Námsbraut í sjúkrapjálfun mynduðu Heilbrigðisvísindasvið. Verkfræði- og náttúruvísindasvið varð síðan til úr Verkfræðideild og Raunvísindadeild. Smávægilegar breytingar urðu á flutningi námsgreina milli deilda. Sameining Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, sem hafði verið til umræðu og skoðunar í nokkur ár, var samþykkt með lögum hinn 17. mars 2007, og að lokum sameinuðust

<sup>24</sup> Vef. HÍ. 21. háskólafundur 17. nóv. 2006.

<sup>25</sup> Vef. HÍ. 24. háskólafundur 19. okt. 2007.



skólarnir hinn 1. júlí 2008 og úr varð fimmta fræðasviðið, Mennta-  
vísindasvið.<sup>26</sup> Undir hinum nýju fimm fræðasviðum urðu til 25 deildir.

Sigmundur Guðbjarnason rektor efldi stjórn-sýslu skólans árið 1985 með því að fjölga ráðgefandi nefndum sem heyrðu undir háskólaráð.<sup>27</sup> Með því að fjölga akademískum starfsmönnum mátti bæta það upp að stjórn-sýslan var faliðuð í samanburði við erlenda háskóla. Auk alþjóðasamskiptanefndar, kennslumálanefndar, kynningarnefndar, vísindanefndar og þróunarnefndar tók til starfa stjórn-sýslunefnd, en hún gerði úttekt á stjórn-sýslu skólans. Nefndin lagði til að komið yrði á fót sex stjórn-sýslusviðum: Bygginga- og tækni-sviði, Fjármálasviði, Kennslusviði, Rannsóknasviði, Samskiptasviði og Starfsmannasviði.<sup>28</sup> Eftir blessun háskólaráðs og samþykkt Alþingis varð hugmyndin að lögum árið 1990 og ráðnir voru fimm framkvæmdastjórar stjórn-sýslusviða sem tóku til starfa í ársbyrjun 1991.<sup>29</sup> Smávægilegar nafnabreytingar hafa orðið á stjórn-sýslusviðum og nefndum, en fyrirkomulag miðlægrar stjórn-sýslu hefur í stórum dráttum haldið sér. Í framhaldi af setningu nýrra reglna fyrir Háskólann árið 2000 var sameiginleg stjórn-sýsla skólans endurskipulögð. Frá 1. janúar 2002 skiptist hún í tvo meginhluta, annars vegar akademíska stjórn-sýslu og hins vegar rekstur og framkvæmdir.<sup>30</sup> Hin liðlega tíu ára gömlu svið greindust undir þessar tvær meginstöðir. Ráðgefandi nefndir háskólaráðs, sem margar hafa orðið að fastanefndum, komu með fjölda tillagna um stefnumál og áhersluatriði sem hrint var í framkvæmd á næstu árum og áratugum. Nefndir háskólaráðs voru einnig tengiliður milli akademískra starfsmanna skólans og stjórn-sýslu, því að fulltrúar beggja átta aðild að nefndunum, og stjórn-sýsla útfærði hugmyndir þeirra. Árið 2006 réði háskóla- rektor einn af prófessorum skólans sem þróunarstjóra, og þremur árum síðar varð hann að aðstoðar rektor vísinda og kennslu. Breytingar á stjórn-sýslu skólans og fjölgun sérfræðinga á hennar vegum gerðu kleift að taka við auknum verkefnum frá Stjórnarráðinu, bæta þjónustu skólans við kennara og nemendur og efla hann að því marki að gera hann að alþjóðlegum rannsóknarháskóla í fremstu röð.

#### 4. Réttur til að ráða starfsmenn

Einn af þeim málaflökkum sem tóku að breytast laust eftir 1990 voru starfsmannamálin. Rétturinn til að ráða starfsmenn færðist smám saman frá Menntamálaráðuneytinu yfir til Háskóla Íslands. Í

<sup>26</sup> Vef. Alþingi. Lög nr. 37/2007 um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands.

<sup>27</sup> *Háskóli Íslands. Framvinda og framfarir*, 11–32.

<sup>28</sup> *HÍ. BA6: 46. Stjórn-sýslunefnd Háskóla Íslands. Lokaskýrsla í mars 1989.*

<sup>29</sup> Vef. Alþingi. Lög nr. 26/1990 um Háskóla Íslands.

<sup>30</sup> *Allhiða háskóli*, 27.



lögum um Háskólann frá 1979 sagði um ráðningu akademískra starfsmanna: „Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósentana og lektora. Eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, ræður háskólaráð aðjúnkta og erlenda lektora, að fengnum tillögum háskóladeildar, en háskóladeild stundakennara og styrkþega.“<sup>31</sup> Umsóknir um störf akademískra starfsmanna voru jafnan sendar til Menntamálaráðuneytisins, og þangað var dómnefndarálitum skilað. Í dómnefndum voru þrjú fulltrúar – rektor skipaði einn, háskóladeildin annan og menntamálaráðherra þann þriðja. Menntamálaráðherra hafði svo úrslitavald um veitingu akademískra starfa eftir að deildir höfðu valið hæfasta umsækjandann á grundvelli dómnefndarálits. Í sögu Háskólans höfðu komið upp deilur við ráðherra vegna mannráðninga, eins og áður hefur verið greint frá (kafla I.6.3), enda einn viðkvæmasti málaflökkurinn í stjórnslu skólans. Árið 1988 skarst í odda milli Háskólans og Menntamálaráðuneytisins þegar Birgir Ísleifur Gunnarsson menntamálaráðherra (1987–88) skipaði Hannes Hólmstein Gissurarson lektor í stjórn málafræði þvert ofan í vilja dómnefndar, deildar og háskólaráðs.<sup>32</sup> Ráðherra hafði fengið fyrrum kennara Hannesar til að gefa honum meðmæli og hæfnisdóm, en óheimilt var að skipa í embætti nema fyrir lægi hæfnisdómur. Í bókun háskólaráðs um málið sagði meðal annars:

Háskólaráð mótmælir þeirri tilraun ráðherra til að hafa áhrif á kennslu í Háskóla Íslands með þeim hætti að veita stöðuna á grundvelli sérskoðana eins umsækjanda á eðli og hlutverki stjórn málafræði. Kennslufrelsi Háskólans hafa ráðherrar virt allt frá stofnun hans þar til núverandi ráðherra gefur út hina sögulegu greinargerð 30. júní s.l. Það er einsdæmi að ráðherra gefi út þá yfirlýsingu að kennarastöðu við Háskóla Íslands skuli veita á grundvelli sérskoðana.<sup>33</sup>

Ráðherra var bent á að hægt væri að leysa málið vandræðalaust og án átaka. Sá kandídat sem hann hafði sérstaka velþókun á hefði fengið hæfnisdóm til að gegna stöðu kennara í stjórn málaheimspeki en væri ekki talinn hæfur til að gegna hinni auglýstu stöðu. Menntamálaráðherra var ráðlagt að fá heimild fyrir slíkri stöðu og auglýsa hana með réttum hætti, og þá hefði hans óskakandídat getað sótt um stöðuna. Ráðherra kaus að gera það ekki, og úr varð nokkuð hávæð deila milli Háskólans og menntamálaráðherra sem endur-



*Skemmtilegt er að Háskóli Íslands hefur gert að tákni sínu fyrsta umsækjandann um embætti sem sagt er frá í sagnaforða Íslendinga. Sæmundur fróði, myndefni Ásmundar Sveinssonar, reið kölska í selslki til Íslands til að verða á undan öðrum að hreppa Oddaprestakall.*

<sup>31</sup> *Stjórnartíðindi* 1979 A, 257.

<sup>32</sup> *HÍ*. Fundargerð háskólaráðs 8. júlí 1988.

<sup>33</sup> *HÍ*. Fundargerð háskólaráðs 8. júlí 1988.

## III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.1 FRELSI MED ÁBYRGÐ

ómaði um samfélagið. Í framhaldi af þessu var lögum Háskólans breytt að beiðni skólans sjálfs, og varð óheimilt að ganga á svig við niðurstöður háskóladeildar við veitingu akademískra starfa.

Hinn 25. janúar 1990 lagði rektor fram í háskólaráði tillögu um að breyta tilhögun mannaáráðninga við Háskóla Íslands og færa sem mest af þeim frá Menntamálaráðuneytinu til Háskólans.<sup>34</sup> Árið 1991 var lögum um Háskólann svo breytt í þá veru að háskólaráð réði „framkvæmdastjóra stjórnisýslusviða til fimm ára í senn. Rektor ræður annað starfslíð almennrar stjórnisýslu eftir því sem fé er veitt til. Deildarforsetar ráða [almennt] starfslíð einstakra deilda að höfðu samráði við rektor og eftir því sem fé er veitt til.“<sup>35</sup> Markmið breytinganna var að auka valddreifingu, skilvirkni og ábyrgð í stjórnisýslu. Með stjórnisýslulögum 1993, upplýsingalögum 1996 og breyttum lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna 1996 var kallað eftir nýjum vinnubrögðum innan háskólanna.<sup>36</sup>

Stefna ríkisstjórnarinnar var að auka sveigjanleika í starfsmannamálum og gera ráðningarmál líkari því sem gildi á almennum vinnumarkaði. Með breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins frá 1. júní 1996 var til dæmis afnumin æviráðning starfsmanna ríkisins.<sup>37</sup> Embættismenn voru ráðnir til fimm ára í senn og kjör þeirra ákvörðuð af kjaranefnd eða kjaradómi. Með afnámi æviráðningar var „veigamesti munurinn á starfsmönnum ríkisins og einkageirans ... horfinn“.<sup>38</sup> Í frumvarpi til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna var ekki gert ráð fyrir því að prófessorar væru embættismenn eins og þeir höfðu verið allar götur frá 1911. Af því tilefni samþykkti háskólaráð samhljóða eftirfarandi bókun: „Háskólaráð telur stöðu prófessora Háskólans sem embættismanna skipta sköpum fyrir þróun Háskóla Íslands sem háskóla og rannsóknarstofnunar.“<sup>39</sup> Þessari skoðun háskólamanna var komið áleiðis til ráðamanna. Í árslok 1996 voru samþykkt á Alþingi lög um breytingar á sérákvæðum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá færðist réttur til að skipa lektora og dósentar yfir til háskóla-rektors, en menntamálaráðherra fékk heimild til að skipa prófessora. Samtímis var sú breyting gerð á lögum um kjaranefnd og kjaradóm að laun prófessora voru ákvörðuð af kjaranefnd.<sup>40</sup> Skiptar skoðanir höfðu verið um hvort prófessorar ættu að kallast embættismenn. Prófessorar gengu úr Félagi háskólakennara 1996 og endurvöktu Félag prófessora sem hafði verið sett á legg 1987. Það varð síðar að Félagi prófessora við ríkisháskóla. Árið 2006 tók kjararáð við

<sup>34</sup> *HÍ*. Fundargerð háskólaráðs 25. jan. 1990 og 8. feb. 1990.

<sup>35</sup> *Véf*. Alþingi. Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

<sup>36</sup> *Véf*. Alþingi. Frumvarp til laga um háskóla 1997–98.

<sup>37</sup> *Véf*. Alþingi. Lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

<sup>38</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Úr digrum sjóði*, 66.

<sup>39</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 254.

<sup>40</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 255.

hlutverki kjaranefndar, og ári síðar samþykkti það að ákvarðanir um laun og starfskjör prófessora skyldu ekki lengur heyra undir ráðið. Léleg laun starfsmanna Háskólans höfðu staðið honum fyrir þrifum áratugum saman og voru lengi vel einn helsti höfuðverkur forráðamanna hans (kafla III.2.3). Annað áhyggjuefni kom upp eftir að starfsmannalögunum var breytt; hvað yrði um framgangskerfi háskólakennara, sem tekið hafði verið upp árið 1976? Háskólaráð ályktaði að veita bæri „öllum kennurum, sem til þess eru hæfir, framgang í starfi, óháð því hvernig til stöðu þeirra væri stofnað“.<sup>41</sup> Framgangskerfið var talið einn af drifkröftum rannsóknarháskólans og því mikilvægt að halda því gangandi, enda fékk það að lifa áfram. Framgangskerfið gerði ráð fyrir að lektor gæti sótt um að verða færður í stöðu dósent, sem gat sótt um að verða færður í stöðu prófessors, að afloknu mati á vinnu undangenginna ára.

Á meðan Háskólinn var upp á Stjórnarráðið kominn með ráðningu almennra starfsmanna þurfti háskólaritari og síðar starfsmannastjóri að fara með upplýsingar um sérhverja ráðningu í Fjármálaráðuneytið og hefja samningaviðræður um kaup og kjör fyrir viðkomandi starfsmann. Þetta var bæði umhendis og tímafrekt.<sup>42</sup> „Á árinu 1998 færðust viðamikil verkefni til Háskólans frá Fjármálaráðuneytinu og sjálfstæði og ábyrgð Háskólans jókst verulega.“<sup>43</sup> Háskólinn fékk það hlutverk að túlka alla kjarasamninga, hafa umsjón með launagreiðslum og annast alla framkvæmd starfsmannamála. Þar með gat Háskólinn í meira mæli ráðið launum einstakra starfsmanna, og ábyrgð hans á rekstri jókst að sama skapi. Með lögum um Háskóla Íslands árið 1999 færðust verkefni í auknum mæli yfir á skrifstofur deilda og stofnana þannig að verkefni Starfsmannasviðs einkenndust meira en áður af ráðgjöf, samræmingu og eftirliti.<sup>44</sup> Deildir skólans fengu síðan víðtækara umboð til þess að meta heildarvinnu við einstök námskeið.

Uppáskrift á skipunarbréf prófessora stoppaði stutt á borði menntamálaráðherra. Með háskólalögunum frá 1999 var ráðningarvaldið alfarið fært frá Menntamálaráðuneyti yfir til Háskóla Íslands. Þar með varð það verkefni rektors skólans að ráða prófessora jafnt sem dósent og lektora. Þegar frumvarp til laga um Háskóla Íslands var í vinnslu árið 1998 vildi menntamálaráðherra fá að ráða háskóla- rektor, en almennt var gert ráð fyrir að ráðherrar skipuðu forstöðumenn ríkisstofnana. Það hafði verið siður í Háskóla Íslands frá upphafi og aldagömul hefð víða um heim að háskólasamfélagið kysi

<sup>41</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 256.

<sup>42</sup> *Viðtal*. Edda Magnúsdóttir, fv. starfsmannastjóri, 28.09.2009.

<sup>43</sup> *Alhliða háskóli*, 82.

<sup>44</sup> *Alhliða háskóli*, 82.

## III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.1 FRELSI MEÐ ÁBYRGÐ

*Háskólaráð árið 2010.*

*Sitjandi frá vinstri: Kristín Ingólfsdóttir rektor, Sigríður Ólafsdóttir lífefnafræðingur, tilnefnd af háskólaráði, Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja, tilnefndur af háskólaráði, Guðrún Hallgrámsdóttir matvælafræðingur, tilnefnd af mennta- og menningarmálaráðherra. Standandi frá vinstri: Anna Agnarsdóttir prófessor, tilnefnd af háskólabingi, Pétur Gunnarsson rithöfundur, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra, Børkur Hansen prófessor, tilnefndur af háskólabingi, Tinna Laufey Ásgeirsdóttir lektor, tilnefnd af háskólabingi, Fannar Freyr Ívarsson lögfræðinemi, tilnefndur af samtökum stúdenta, Guðrún Sóley Gestsdóttir hagfræðinemi, tilnefnd af samtökum stúdenta, Magnús Dídrik Baldursson ritari ráðsins. Á myndina vantar Hilmar B. Janusson, framkvæmdastjóra rannsókn- og þróunarviðs Össurar hf.*



sér rektor. Fulltrúar Háskóla Íslands vildu alls ekki gefa eftir þann rétt. Námsmenn ályktuðu um málið og sögðu: „Stúdentaráð Háskóla Íslands hafnar algjörlega hugmyndum menntamálaráðherra, en með þeim væri Háskóli Íslands gerður að pólitískri stofnun sem væri háð duttlungum stjórnmalamanna.“<sup>45</sup> Í árdaga háskóla í Evrópu voru nemendur reyndar rektorar háskólanna, en prófessorar höfðu fyrir löngu náð þeim völdum til sín.<sup>46</sup> Björn Bjarnason menntamálaráðherra (1995–2002) skrifaði í dagbók sína stutta færslu hinn 8. nóvember 1996 þegar hann átti í togstreitu við háskólamenn:

Föstudaginn 8. nóvember sat ég fund með samstarfsnefnd háskólastigsins í Háskóla Íslands, ræddum við þar meðal annars hugmyndir um nýja rammalöggjöf fyrir háskólastigið. Kom þar fram, sem vitað ætti að vera, að misjafnlega er staðið að því að velja rektora háskólanna hér. Staðan er auglýst bæði á Akureyri og í Kennaraháskólanum. Dómnefndir meta hæfi umsækjanda, á Akureyri skipar ráðherra síðan rektorinn en í Kennaraháskólanum fer fram atkvæðagreiðsla innan skólans. Fyrirkomulagi við val rektors Háskóla Íslands verður að breyta til þessarar áttar.<sup>47</sup>

Málamiðlun ráðherra, Alþingis og Háskólans var sú að háskólasamfélagið veldi sér háskóla rektor, en síðan staðfesti ráðherra þá niður-

<sup>45</sup> Ársskýrsla Stúdentaráðs 1996–97, 15.

<sup>46</sup> Fréttabréf Háskóla Íslands XXI:4, 23.

<sup>47</sup> Vef. Björn Bjarnason. Úr dagbók Björns Bjarnasonar menntamálaráðherra (1995–2002) 8.11.1996.

stöðu og skipaði í embættið. Val háskólasamfélagsins á rektor var talið til marks um akademískt frelsi sem mjög mikilvægt væri að varðveita. Með stjórnskipulagsbreytingum 2008 var haldið áfram að færa ábyrgð á ráðningum út til fræðasviða skólans. Þegar Háskólanum var skipað í fimm fræðasvið 1. júlí árið 2008 færðist ráðningarvaldið yfir akademískum starfsmönnum að hluta frá háskóla- rektor til forseta hinna fimm nýju fræðasviða skólans.

Einn angi af breytingu á starfsmannastefnu var skipun prófdómara. Með lögum um háskóla frá 1997 var vald til að skipa prófdómara fært frá Menntamálaráðuneytinu yfir til háskólanna. Það var síðan útfært í lögum um hvern skóla árið 1999. Rektor skipaði þá prófdómara að fengnum tillögum háskóladeildar. Sami réttur færðist frá ráðuneytinu til Kennaraháskólans.<sup>48</sup> Samkvæmt því stjórnskipulagi Háskóla Íslands sem tók gildi 2008 færðist vald til að skipa prófdómara frá háskólarektor yfir til forseta fræðasviða.<sup>49</sup>

### 5. Fjárhagslegt sjálfstæði

Á níunda áratug 20. aldar voru fjárveitingabeidnir sem sendar voru frá Háskólanum til Menntamálaráðuneytisins sundurliðaðar niður á einstaka starfsmenn. Mikilvægast var að skoða hvaða stöður höfðu verið heimilaðar og athuga launaflokka starfsmanna; þannig mátti reikna út stóran hluta af fjárveitingu til skólans. Auk þess var jafnan bætt við kostnaði við framkvæmdir og ýmsum rekstrarkostnaði og hann rökstuddur eftir þörfum. Ráðuneyti mennta- og fjármála skáru tillögurnar að jafnaði niður áður en fjárlagafrumvarpið var lagt fram á Alþingi enda höfðu þau lögbundið eftirlit með fjárveitingum til skólans. Árni Gunnarsson, skrifstofustjóri í Menntamálaráðuneytinu, sagði að starfsmenn hans hefðu samviskusamlega leitað uppi ákveðna liði og legið yfir smæstu atriðum gagnert til að skera þá niður. Árlega fór Lagadeild til dæmis fram á heimild til að endurnýja dómaraskikkjur sem kennarar og prófdómarar klæddust í munnlegum prófum, en deildin hafði áður fengið slíkar hampur að gjöf. Fulltrúar Menntamálaráðuneytisins sáu skilvíslega um að leita þennan lið uppi, og var honum árlega eytt úr fjárlagatillögum Háskólans.<sup>50</sup> Hvort þetta réði úrslitum er ekki vitað, en smám saman var hætt að nota skikkjur í munnlegum prófum í Lagadeild, enda þær orðnar gamlar, snjáðar og slitnar.<sup>51</sup> Fjárveitingabeidnir Háskólans á níunda áratugnum voru jafnan nefndar „Upphaflegar beiðnir um rekstrarfjárveingar til Háskóla Íslands“, og byggðust

<sup>48</sup> Vef. Alþingi. Frumvarp til laga um Kennara- og uppeidisháskóla.

<sup>49</sup> Vef. HÍ. Reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. – Sjá einnig Vef. HÍ. Reglur nr. 458/2000.

<sup>50</sup> Viðtal. Árni Gunnarsson skrifstofustjóri 28.09.2009.

<sup>51</sup> Tölvupóstur. Páll Sigurðsson prófessor 28.09.2009.



## III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.1 FRELSI MEÐ ÁBYRGÐ

*Sigmundur Guðbjarnason  
háskóla­rektor og Svavar  
Gestsson menntamálaráð-  
herra undirrita samning um  
ráðstöfun happdrættisfjár  
21. nóvember 1989.*



þær á tillögum deilda og stofnana. Þar voru nýjar stöðubeiðnir í sérstökum liðum og því einfalt að finna þá liði sem voru umfram fjárveitingar síðasta árs, en allar deildir vildu brydda upp á nýjungum og óskuðu því árlega eftir auknum fjárveitingum. Sem dæmi má nefna að árið 1988 óskaði Tannlæknadeild eftir nýrri fjárveitingu til að ráða þrjá lektora og einn dósent, auk tannsmíðs og deildarfulltrúa. Þessar óskir voru allar skornar niður, en fjárveiting fékkst í tvær aðrar stöður sem jafnframt hafði verið óskað eftir fjárveitingum fyrir. Af beiðni upp á 2,7 milljónir króna fengust 387.000 kr. eða um 14%.<sup>52</sup> Stjórnarráðið hafði ekki bestu yfirsýn yfir mikilvægi hinna margvíslegu málaflokka Háskólans og þekkti ekki forgangs­röðun verkefna. Að sögn fjárlaga- og hagsýslustjóra, Magnúsar Péturssonar, var hann fyrir tilviljun útnefndur guðfaðir Guðfræðistofnunar af einum af prófessorum deildarinnar og fékk í mörg ár senda ritröð stofnunarinnar, því hann hafði átt þátt í að koma þeirri stofnun inn á fjárlög. Það hafði reyndar einnig verið fyrir tilviljun að starfsmaður í ráðuneytinu leyfði fjárlagaliðnum að fara áfram þegar aðrir jafnmikilvægir liðir höfðu verið skornir niður.<sup>53</sup>

Þegar eitt sinn var búið að fá fjárveitingu fyrir stöðu var auðveldara að halda henni heldur en fá nýja. Á næsta ári voru allir eldri fjárlagaliðir hækkaðir í samræmi við áætlaða verðbólgu og hækkun launa. Fyrirfram var fjöldi kennarastóla ákveðinn og tiltekinn í fjárlögum. Þó svo að ekki hefði verið ráðið í stöður þegar

<sup>52</sup> *HÍ*. Upphaflegar beiðnir um rekstrarfjárveitingar til Háskóla Íslands árið 1988, 12. – *HÍ*. Tillögur Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytisins um rekstrarfjárveitingar til Háskóla Íslands í fjárlögum 1988, 16.

<sup>53</sup> *Víðtal*. Magnús Pétursson, fv. fjárlaga- og hagsýslustjóri 5.10.2009.

kennarar létu af starfi fékk Háskólinn þó að halda fjárveitingunni. Eftir að fjárlög höfðu verið samþykkt mátti aðeins færa milli liða innan deilda en ekki frá einni deild til annarrar. Að sögn háskólaritara reyndi Háskólinn jafnan að halda sig innan fjárlaga. Hins vegar voru aukafjárveitingar tíðar vegna þess hve erfitt gat verið að áætla fjölda stúdenta sem fjölgaði ár frá ári og ekki alltaf í samræmi við áætlun. Einnig var þróun launa stöðugum breytingum undirorpin á tímum mikillar verðbólgu, og nær árlega voru veittar verðbætur á laun.<sup>54</sup>

Eftir að Stefán Sörensson háskólaritari hafði af biturri reynslu áttað sig á gangi fjárlagagerðar og handahófskenndum niðurskurði fór hann á fund manna í Stjórnarráðinu og kallaði eftir samráði. Fjárlaga- og hagsýslustjóri lýsti vinnu með háskólaritara á níunda áratug 20. aldar þannig: „Stefán skildi leikinn algjörlega. Málið snerist um upphæðir, en síðan vildi hann hafa áhrif á í hvað yrði veitt og hvað ekki veitt og þannig færðist þetta í betri búning.“<sup>55</sup> Á níunda áratug 20. aldar komst smám saman á það vinnulag að fulltrúi frá Menntamálaráðuneytinu, oft Árni Gunnarsson skrifstofustjóri, og fulltrúi frá Fjármálaráðuneytinu, oft Magnús Pétursson fjárlaga- og hagsýslustjóri, unnu með Stefáni Sörenssyni háskólaritara í tvo til þrjá daga að endanlegum frágangi á fjárlagabeidni skólans, eða Stefán fór ásamt háskólarektor niður í Stjórnarrád þar sem farið var yfir fjárlagatillögur skólans og forgangsröð nýmæla útskýrð. Þar gátu báðir aðilar skýrt sjónarmið sín, og unnt var að miðla málum. Forráðamenn í ráðuneytum mennta- og fjármála bentu á hvað væri til skiptanna, og Háskólinn gat rökstutt forgangsröðun sína og tryggt mikilvægustu nýmæli sín. Þar urðu til „Tillögur Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytisins um rekstrarfjárveitingar til Háskóla Íslands í fjárlögum“.<sup>56</sup> Þær áttu síðan til að fara óbreyttar inn í fjárlagafrumvarpið til Alþingis.<sup>57</sup>

Fjárveitinganefnd Alþingis tók svo á móti fulltrúum ýmissa hagsmunaaðila, og þar var síðasti möguleiki á að bæta við fjárveitingar til Háskólans. Forráðamenn skólans, próffessorar, forstöðumenn stofnana og fulltrúar Félags háskólakennara gengu í áraraðir á fund fjárveitinganefndar Alþingis og töluðu sínu máli.<sup>58</sup> Haustið 1990 tilkynnti háskólarektor til dæmis um erindi til fjárveitinganefndar um að óska eftir 73 milljóna króna viðbótarfjárveitingu við fjárlagafrumvarp ársins 1991.<sup>59</sup> Eftir 1990 breyttist nafn nefndarinnar í fjárlaganefnd, og átti hún eftir það að vera aðhaldssamari á fé.

<sup>54</sup> *Viðtal*. Stefán Sörensson, fv. háskólaritari 16.09.2009.

<sup>55</sup> *Viðtal*. Magnús Pétursson, fv. fjárlaga- og hagsýslustjóri 5.10.2009.

<sup>56</sup> *HÍ*. Tillögur Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytisins um rekstrarfjárveitingar til Háskóla Íslands í fjárlögum 1988.

<sup>57</sup> *Viðtal*. Stefán Sörensson, fv. háskólaritari 16.09.2009.

<sup>58</sup> *Tölvupóstur*. Höskuldur Dráinsson próffessor 6.10.2009.

<sup>59</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1989–91, 156.

Stundum fékkst lítills háttar viðbót við einstök verkefni eftir slíkar ferðir. Aðrar leiðir voru einnig reyndar. Á níunda áratugnum átti Félag háskólakennara vaxandi hagsmuna að gæta þegar laun félagsmanna drógust aftur úr launum annarra starfsstétta, og gengu fulltrúar félagsins á fund mennta- og fjármálaráðherra haustið 1992 og töluðu sínu máli. Vísað var í skýrslu OECD frá sama hausti sem staðfesti að Íslendingar verðu talsvert lægri fjárhæðum en önnur Evrópuríki til rannsókna og þróunarstarfs. Eftir samtal við Ólaf G. Einarsson menntamálaráðherra beitti hann sér fyrir 32 milljóna króna auknu framlagi í Vinnumatssjóð „vegna þeirrar stefnu ríkisstjórnarinnar að styðja við rannsóknir og þróunarstarf“.<sup>60</sup> Fulltrúar ríkisins voru alls ekki tilbúnir til að hækka laun félaga í Félagi háskólakennara meira en sem nam þeirri hækkun sem var í boði fyrir félagsmenn ASÍ og BSRB.<sup>61</sup> Viðhorf stjórnvalda voru aðeins að breytast þó svo háskólamenn hefðu viljað sjá stærri skref stigin.

Í desember 1992 fóru launamálafulltrúi og formaður Félags háskólakennara á fund Davíðs Oddssonar forsætisráðherra í Stjórnarráðinu. Þegar Davíð var borgarstjóri færði hann Háskólanum veglega afmælisgjöf á 75 ára afmælinu árið 1986 og gerði skólanum kleift með hagstæðum lánnum að byggja Tæknigarð og Líftækniús á Keldum.<sup>62</sup> Því var vel þess virði að reyna Davíð aftur. Að loknu klukkustundar spjalli um bringsmalaskottu, sem gerir vart við sig í svartasta skammdeginu, og mikilvægi þess að hvetja til dáða með eflingu rannsóknarsjóða Háskólans sendi Davíð fyrirmæli til Alþingis um 10 milljóna króna hækkun á framlagi í Vinnumatssjóð Félags háskólakennara.<sup>63</sup> Ekki er vitað hvort fréttir af þessu góða kaffispjalli höfðu áhrif, en síðar sama dag voru samningar stjórnar Félags háskólakennara samþykktir í leynilegri atkvæðagreiðslu með 77 atkvæðum gegn 20.

Ferðaheimildir voru einnig í föstum greipum Stjórnarráðsins, en hægt og bítandi tókst að losa tökin. Árið 1986 óskaði Helgi Valdimarsson prófessor eftir undanþágu frá því að þurfa að sækja um ferðaheimild til Menntamálaráðuneytisins í hvert sinn sem hann færi á fund til London vegna rannsóknarverkefnis sem hann vann að með vísindamönnum þar í borg. Fjármálaráðuneytið svaraði erindinu með tilvísun í gamlar reglur um greiðslu ferðakostnaðar og benti á að ekki væri bannað að veita heimild fyrir fleiri en einni ferð í einu og gæti Helgi prófað það.<sup>64</sup> Mörgum ferðum og nokkrum árum síðar breyttist skrifinnskan, og fékk háskólaritari heimild til

<sup>60</sup> Magnús Guðmundsson, „Samningar Félags háskólakennara við yfirvöld Háskólans“, 4.

<sup>61</sup> Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, 474–75.

<sup>62</sup> *HÍ*. Sigmundur Guðbjarnason, rektor Háskóla Íslands 1985–1991, kvikmyndaviðtal.

<sup>63</sup> *Tölvupóstur*. Gísli Már Gíslason prófessor 20. 11. 2009. – *Einkaheimild*. Magnús Guðmundsson, *Dagbók* 2. des. 1992.

<sup>64</sup> *HÍ*. BA3: 42. Menntamálaráðuneytisbref nr. 411/1986.

# Fréttabréf Háskóla Íslands

*Á síðasta áratug aldarinnar var mikið bollalagt um hvort ný rekstrarform gætu leyst vanda Háskóla Íslands. Blaðið er frá 1996.*

## Er sjálfseignarstofnun svarið við fjárhagsþrengingum Háskólans?

að skrifa upp á ferðaheimildir kennara, enda alþjóðasamstarf starfsmanna Háskólans að aukast. En allt til ársins 1995 hafði ekki minni maður en ráðuneytisstjóri þann starfa að skrifa upp á ferðaheimildir fyrir almenna starfsmenn Háskólans þar til því var komið yfir á næstu yfirmenn í stjórnýslu skólans.

Upp úr 1990 var farið að renna upp fyrir forráðamönnum í Stjórnarráðinu að vinnulag við fjárlagagerðina væri óskynsamlegt og eftirlit með Háskólanum ekki í takt við tímann. Menntaáttuðu sig á því að heppilegra væri að úthluta ákveðnum upphæðum eða setja ramma um fjárveitinguna. Óheppilegt væri að ráðuneytin hefðu puttana í hverjum málaflökki í stofnunum ríkisins. Skynsamlegast væri að þeir sem þekktu til á hverju fagsviði og hverjum vinnustað sæju um útfærslu á verkþáttum og gætu forgangsraðað. Þannig fengju forstöðumenn einnig meira svigrúm til að ráðstafa þeirri upphæð sem úthlutað var, og útkoman yrði betri stjórn með meiri ábyrgð.

Háskólaritari og háskólaþrengingur höfðu þegar tekið upp samráð við Menntamálaráðuneytið og Fjármálaráðuneytið á árunum fyrir



## III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.1 FRELSI MEÐ ÁBYRGÐ



*Stjórnsýslulið Háskóla Íslands í anddyri háskóla-byggingarinnar árið 1989.*

1990 og þróað hugmyndir um rammafjárveitingar, eina upphæð sem þeir hefðu til ráðstöfunar og bæru ábyrgð á.<sup>65</sup> Þannig segir Sigmundur Guðbjarnason frá því í bók sem hann gaf út í lok rektors-tíðar sinnar í ágúst 1991 að rammafjárlög hafi þá þegar verið tekin upp og boði nýja starfshætti: „Með tilkomu rammafjárlaga og fjárveitinga til Háskólans í einum meginlið, auk nokkurra smærri liða, var ráðstöfun á fjárveitingum til einstakra deilda, stofnana og verkefna í raun falin Háskólanum sjálfum. Til að vinna að gerð rekstraráætlaða og fjárveitingabeidna svo og til að skipta fjárveitingum á verkefni var skipuð sérstök fjármálanefnd [1990].“<sup>66</sup> Sigmundur var að vonum ánægður með þessa nýbreytni: „Sjálfræði Háskólans við ráðstöfun fjárveitinga hefur aukist verulega með rammafjárlögum. Fjárveiting kemur í fáum liðum en Háskólinn deilir sjálfur út fjárveitingum til deilda og einstakra verkefna innan ramma fjárveitinga í stað stjórnvalda áður.“<sup>67</sup> Talið var að slík rammafjárveiting mundi hvetja til hagræðingar, að minnsta kosti yrði mönnum ekki refsað fyrir að draga úr útgjöldum á ákveðnum sviðum með því að minnka

<sup>65</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Úr dögum sjóði*, 208.

<sup>66</sup> Háskóli Íslands. *Framvinda og framfarir*, 30. – *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 314–19.

<sup>67</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1989–91, 36.



fjárveitingar á næsta ári.<sup>68</sup> Hugsunin um rammafjárveitingar var síðan þróuð áfram í Stjórnaráðinu og ríkisstofnunum á næstu árum.<sup>69</sup> Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1990 voru kostnaðarliðir Háskólans um 30 talsins. Fyrir árið 1991 var fjöldi þeirra í fjárlagafrumvarpinu aðeins þriðjungur af því sem verið hafði. Rammafjárveiting varð síðan meginreglan á síðasta áratug 20. aldar.<sup>70</sup> Árið 2001 voru aðeins tveir rekstrarliðir eftir í frumvarpi til fjárlaga fyrir Háskóla Íslands, annars vegar kennsla og hins vegar rannsóknir og önnur verkefni.<sup>71</sup>

Eftir að fjármálanefnd háskólaráðs var sett á laggirnar haustið 1990 og Háskólinn fór að búa við rammafjárlög lagði nefndin áherslu á að hverfa frá því að skipta fjárveitingum í samræmi við kostnað og fyrirliggjandi stöðuheimildir. Stefna var tekin á að veita fjárheimildir í samræmi við mælanlegan árangur í kennslu og rannsóknum. Fyrst var þróað líkan sem tók að hálfu tillit til hefðbundinna stöðuheimilda og að hálfu til fjölda virkra nemenda. Síðar voru teknir inn fleiri árangursmælikvarðar á kennslu og rannsóknir og nær alfarið horfið frá því að líta til kostnaðar við úthlutun fjárveitinga.<sup>72</sup> Hugmyndin um reiknilíkan og þreyttar einingar var skammt undan.

Samdráttar- og stöðnunarskeið hófst í atvinnulífinu árið 1988 og átti eftir að koma niður á Háskólanum næstu ár á eftir. Rýr þorskstofn leiddi til tekjutaps í arðbærustu fiskveiðunum. Markaðir á Vesturlöndum drógust síðan saman eða töpuðust við hrun Sovétríkjanna um 1990. Til að vinna sig út úr vandanum undirrituðu aðilar vinnumarkaðarins og ríkisstjórnin svokallaða þjóðarsáttarsamninga árið 1990. „Ríkisstjórnin tók að sér að tryggja að aðrir hópar semdu ekki um meiri kjarabætur en þeir sem að samkomulaginu stóðu.“<sup>73</sup> Þar sem Háskólinn var stór vinnustaður og fjárveitingar til hans að mestu launakostnaður átti hann eftir að finna fyrir þessu samkomulagi, en þjóðarsáttarsamningarnir voru endurnýjaðir í líkum stíl næstu árin.

Rammafjárlög byggjast á því að ríkisstjórn og Alþingi ákveða heildarútgjöld ríkissjóðs fyrir komandi ár. Ráðuneytin fengu hvert um sig ákveðna upphæð til ráðstöfunar og sáu síðan um að deila henni á milli stofnana og verkefna. Þannig er ákveðinn rammi lagður til grundvallar skiptingu fjármuna á öllum stigum stjórnsýslunnar. Hver ráðherra og sérhver forstöðumaður ber ábyrgð á sínum hluta fjárveitinganna. Mikilvægast er að forráðamenn stofnana sjái til þess að útgjöld séu í samræmi við fjárlög hverju sinni.

<sup>68</sup> *Þróunarnefnd. Ábendingar ráðgjafarnefndar um stefnu Háskóla Íslands*, 51.

<sup>69</sup> *Alþingistíðindi 1990–91* A1, 246.

<sup>70</sup> *Alþingistíðindi 1989–90* A1, 18–19; 1990–91 A1, 17; 1991–92 A1, 17; 1992–93 A2, 18.

<sup>71</sup> *Alþingistíðindi 2000–01* A1, 95.

<sup>72</sup> *Viðtal*. Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi, 7.09.2009.

<sup>73</sup> Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, 475.



## III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.1 FRELSI MEÐ ÁBYRGÐ

Erlendis frá bærust sambærilegar hugmyndir sem veittu ríkisstjórninni stuðning við að hrinda þessari nýskipun í framkvæmd. Hugmyndir um nýskipun í ríkisrekstri hafa meðal annars verið raktar til skrifa Davids Osborn og Teds Gaebler í bókinni *Reinventing Government*, frá 1992, um breytingar á stjórnsýslu í Bandaríkjunum. Þeir töldu hugmyndir sínar ekki nýjar af nálinni, þær hefði meðal annars mátt rekja til James Q. Wilson sem skrifaði bókina *Skrifræðið, eða Bureaucracy*, árið 1989.<sup>74</sup> Fylkisstjórnir í Bandaríkjunum stóðu frammi fyrir vaxandi útgjöldum til mennta-, heilbrigðis- og velferðarmála samfara vaxandi fjárlagahalla. Leita varð leiða til að lækka útgjöld á sama tíma og fólk vildi halda óbreyttri þjónustu eða bæta hana. Lagt var til að þjónustan færi frá miðstýrðu umhverfi ríkisins og út í dreifðar byggðir sveitarfélaganna. „Löggö er áhersla á kraft og hugmyndaflug frumkvöðulsins sem fjárfestir í lausnum, markaðslausnum sem henta opinberum rekstri jafn vel og einkareknum. Þannig stjórnsýsla uppsker aukna framleiðni og færir borgurunum meira fyrir minna.“<sup>75</sup> Bill Clinton, forseti Bandaríkjanna, fékk veður af slíkum hugmyndum um nýskipun í ríkisrekstri, og er talið að hann hafi gert margar af þeim að sínum árið 1993.

Ríkisstjórn Íslands vildi stemma stigu við úþpenslu í rekstri ríkisins og auka samkeppni á öllum sviðum þar sem því varð við komið. Með stefnunni „Nýskipan í ríkisrekstri“ var ákveðið að auka fjárhagslegt sjálfstæði ríkisstofnana og gera þær ábyrgari. Á móti kom krafa um meiri árangur.<sup>76</sup> Eftir að þessari nýju efnahagsstefnu var hrint í framkvæmd gátu ríkisstofnanir ekki átt von á því að fá aukafjárveitingu frá ríkisstjórn og Alþingi. Formaður fjármálanefndar háskólaráðs, Örn Helgason prófessor, lýsti hinni nýju stöðu Háskólans: „Ljóst er að Háskólinn þarf því áfram að takast á við þau straumhörf sem urðu með fjárlögum við áramótin 91/92. Annars vegar voru grunnfjárveitingar þá skertar verulega og hins vegar var tekið fyrir aukafjárveitingar, en þær gerðu oft kleift að taka mið af breyttum aðstæðum sem urðu síðla á fjárlagatímabilinu. ... Í óbreyttum fjárlagaramma rúmast því ekki önnur nýmæli en þau sem fást með eigin hagræðingu á starfi skólans.“<sup>77</sup> Háskólinn varð fyrir barðinu á þessari nýju stefnu og gagnaði lítið að vísa til þess að fjölgun námsmanna hefði verið meiri en gert var ráð fyrir í áætlunum fyrra árs. Ríkisstjórnin benti á óáran í þjóðarbúskapnum, samdrátt í fiskveiðum og minnkandi hagvöxt.

Samtímis var smám saman dregið úr miðstýringu í Stjórnarráðinu. Einkavæðing ríkisstofnana og aukin útboð vegna kaupna á

<sup>74</sup> Lbs. Kristján F. Guðjónsson, *Nýskipan í ríkisrekstri*, 11.

<sup>75</sup> Lbs. Kristján F. Guðjónsson, *Nýskipan í ríkisrekstri*, 11–12. – Epstein, „Reinventing Government is Not Enough“. – Sjá einnig Vef. Collins and Byrne: *Reinventing Government Again*.

<sup>76</sup> Vef. Fjármálaráðuneytið. *Umbætur og nýskipan í ríkisrekstri*.

<sup>77</sup> Örn Helgason, „Frá fjármálanefnd“, 18.





Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fjærir háskólarektor, Kristínu Ingólfsdóttur, viðbótarfjárveitingu í janúar 2007. Teikning Halldórs Baldurssonar.

vörum og þjónustu voru dæmi um aðgerðir á grundvelli þessarar stefnu.<sup>78</sup> Háskóli Íslands var orðinn það stór á tíunda áratug 20. aldar að fjölgað var sérhæfðu starfsfólki í stjórnsýslu skólans, meðal annars var ráðinn innkaupastjóri sem hafði umsjón með tilboðum fyrir hönd skólans og sá um innkaup á margs konar rekstrarvörum. Þótt komið væri á rammafjárlögum reyndi Háskóli Íslands að fá fjárveitingar til sérstakra verkefna eins og í Rannsóknarnámssjóð 1993, til rannsóknarprofessora 1997 sem voru á vegum Menntamálaráðuneytisins og síðar auknar fjárveitingar til að byggja upp rannsóknarnám árið 1997.<sup>79</sup>

Hinn 5. október 1999 undirrituðu háskólarektor, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra loks samning um fjárhagsleg samskipti og kennslu til fyrsta háskólaprófs, embættisprófs og meistaraþrófs við Háskólann. Samningurinn var almennt kallaður kennslusamningurinn, og kvað hann á um fjárveitingar til skólans fyrir hvern þann stúdent sem stundar nám sitt af kappi og lýkur námskeiðum með prófum. Að baki þeim samningi lágu útreikningar á því hvað kostaði að mennta hvern námsmann, og var sá kostnaður mishár eftir námsgreinum. Dýrastir voru tannlæknanemar sem kennt er í fámennum hópum og þurfa mikla verklega þjálfun. Ódýrastir voru taldir nemendur í hug- og félagsvísindum þar sem flytja mætti fyrirlestra fyrir marga nemendur í senn. Við undirritun kennslusamnings var gefin út yfirlýsing um að gengið yrði frá sambærilegum samningi

<sup>78</sup> *Alþingistíðindi* 1994–95 A1, 283.

<sup>79</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, „Rannsóknir á íslensku samfélagi“, 19.

um rannsóknir. Hinn 21. desember 2001 undirrituðu svo háskóla- rektor og menntamálaráðherra samning um fjárveitingar til rannsóknna, og var hann kallaður rannsóknasamningur. Samningurinn var til þriggja ára og tryggði Háskólanum viðbótarframlag til vísinda- starfa, en það var háð skilyrðum um aukin afköst og árangur í rannsóknum.<sup>80</sup>

Með samningi um reiknilíkanið vegna kennslu og samningi um rannsóknir „voru dregnar skýrar línur um það hvernig fjárveitingum ríkisins skyldi skipt milli kennslu, rannsókna og annarra verkefna, auk framlaga vegna viðhalds og stofnkostnaðar. Fram til ársins 2000 var fjárveitingu til skólans samkvæmt fjárlögum hins vegar skipt á fjölmörg rekstrar- og stofnkostnaðarviðfangsefni sem gátu bæði falið í sér kennslu og rannsóknir.“<sup>81</sup>

### 6. Reiknilíkan – þreyttar einingar

Fjárveitingar til Háskólans voru næsta óbreyttar á árunum 1990–97 þrátt fyrir fjölgun námsmanna og aukin umsvif. Starf fjármálanefndar háskólaráðs fólst mikið í því að skipta takmörkuðum fjárveitingum milli deilda og sviða. Ítarlegur samanburður við erlenda skóla leiddi í ljós að Háskóla Íslands vantaði um 300 milljónir króna eða um 25% meira rekstrarfé til þess að sitja við sama borð í kennslu og taldist vera lágmark í sambærilegum skólum í nágrannalöndunum. Niðurstaða fjármálanefndar var að „fjárlagarammi Háskóla Íslands er alltof þröngur til að skólinn geti sinnt þeim skyldum, sem lög og reglugerðir leggja honum á herðar“.<sup>82</sup> Víða erlendis höfðu þjóðir staðið frammi fyrir þeim vanda að reikna kostnað þegar námsmönnum í háskólum fjölgaði á nokkrum áratugum frá því að vera um 3% af árgangi yfir í að vera um 40%. Meginregla hjá öðrum þjóðum var „að meta fjárveitingar til háskólakennslu með hliðsjón af fjölda virkra stúdenta, hvort sem aðgangur að námi er opinn eða takmarkaður“.<sup>83</sup> Ákveðið var að þróa reiknilíkan sem styddist við kostnaðarmat sem Svíar höfðu unnið 1992, en að öðru leyti var byggt á raunkostnaði á Íslandi.<sup>84</sup> Erlendis voru aðstæður oft öðruvísi, þar var jafnan miðað við að um 30 nemendur væru í hverju námskeiði, en í Háskóla Íslands voru námskeið oft mun fámennari. Árið 1994 voru kynnt fyrstu drög að reiknilíkani fyrir háskólakennslu. Skiptar skoðanir voru innan Háskólans „um flokkun og skiptingu fjárveitinga innan líkansins“.<sup>85</sup> Endanleg niðurstaða var að hafa sjö reikniflokka þar sem lægsti flokkurinn fékk stuðulinn 1,0 og sá hæsti 5,3.

<sup>80</sup> *Alhliða háskóli*, 35.

<sup>81</sup> *Alhliða háskóli*, 116.

<sup>82</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 317.

<sup>83</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 316.

<sup>84</sup> *Resurser för högskolans grundutbildning*.

<sup>85</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 318.

Reikniflokkar háskólanáms – verðhlutfall.<sup>86</sup>

Verðflokkar	Verðhlutfall
Félags- og mannvísindi, guðfræði, lögfræði og annað sambærilegt nám	1,0
Styttra nám á sviði tölvufræða og stærðfræði og annað sambærilegt nám	1,6
Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingakennslu	1,7
Hjúkrunarnám og hliðstætt nám sem m.a. felst í þjálfun við meðhöndlun sjúklinga	1,8
Raunvísindi, verk- og tæknifræði með verklegum æfingum og notkun á sérhæfðum búnaði	2,3
Læknisfræðinám sem m.a. felst í verklegum æfingum, notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfun	3,2
Tannlæknanám	5,3

Framlag frá ríkinu átti ekki lengur að miðast við fjölda skráðra nemenda í Háskólanum heldur þann fjölda sem lyki prófum á hverju ári. Nemandi þurfti að ljúka fullu námi á hverju ári svo að fyrir hann fengist full fjárveiting. Fyrir þann sem lauk hálfu námi fékkst aðeins hálf fjárveiting. Lykilhugtakið var þreyttar einingar. Auk reiknilíkans var sett upp svonefnt deililíkan sem er notað til að reikna út þá fjárhæð sem færi til deildar sem annaðist kennsluna, en hún var um 72% af fullri fjárveitingu. Eftirstöðvar fjárveitingar fóru í sameiginlegan rekstur og stofnanir. Deililíkanið færði fámennari námsdeildum einnig fjárveitingar á kostnað þeirra fjölmennari.<sup>87</sup> Þetta reiknilíkan hefur síðan orðið grundvöllur að fjárveitingum til allra háskóla á Íslandi.

Árið 1997 var birt fyrsta útgáfa af sérstöku reiknilíkani fyrir rannsóknir. Í meginatriðum gerði líkanið ráð fyrir því „að kostnaður við rannsóknir og rannsóknarnám verði jafnmikill og kostnaður við grunnnámið“.<sup>88</sup> Þótt Háskólinn hafi lagt í mikla vinnu við að reikna kostnað við háskólanám og bera hann saman við lágmarkskostnað erlendis tók langan tíma að fá stjórnvöld til að veita meira fé til skólans.

Sú skerðing, sem Háskólinn varð fyrir með fjárlögum 1992, hafði ekki enn verið bætt árið 1997, þótt þá áraði betur fyrir

<sup>86</sup> Háskóli Íslands, *Stjórn-  
sýsluúttekt*, 13.

<sup>87</sup> *Alhliða háskóli*, 114.


<sup>88</sup> *Árbók Háskóla Íslands*  
1994–97, 319.





## III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.1 FRELSI MEÐ ÁBYRGÐ

### Myndrit III.1 Fjárveitingar til Háskóla Íslands sem hlutfall af fjárlögum og framlögum til menntamála 1988–2010



Heimild: Fjárlög 1988–2008.

ríkissjóð. Ef bornar voru saman fjárveitingar til reksturs árin 1991 og 1996, sást, að fjárveiting til Háskóla Íslands hafði lækkað um 385 m. kr., á sama tíma og innrituðum nemendum skólans hafði fjölgað um 733. Árið 1991 reiknaðist meðalfjárveiting á nemanda Háskóla Íslands 373 þús. kr., en hún var komin niður í 258 þús. kr. árið 1996. Ef Háskólinn hefði gripið til þess ráðs að fækka nemendum til að halda meðalfjárveitingu á nem[an]da eins og hún var 1991, hefði hann orðið að synja 1.760 nemendum um skólavist á árinu 1996.<sup>89</sup>

Árið 1997 var það enn helsta baráttumál Háskólans að semja við stjórnvöld um það nám sem Háskólinn lætur nemendum í té. Óskað var eftir því að fjárveitingar úr ríkissjóði til Háskólans yrðu til nokkurra ára.<sup>90</sup> Árin 1997 og 1998 varð raunhækkun á framlagi ríkisins til Háskóla Íslands, og er talið að þá hækkun megi rekja til reiknilíkansins. „Skilningur ráðamanna á því hvað er eðlilegur kostnaður þess starfs sem fram fer í Háskóla Íslands hefur aukist og ber nú mun minna en áður á milli skoðana ráðuneytismanna og stjórnenda Háskóla Íslands á því hvað séu eðlilegar fjárveitingar til Háskólans.“<sup>91</sup> Með undirritun kennslusamnings við Menntamálaráðuneytið í október 1999

<sup>89</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 294.

<sup>90</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 294.

<sup>91</sup> Ingjaldur Hannibalsson, „Þjónustusamningur um kennslu milli stjórnvalda og Háskóla Íslands“, 7.



breyttist fjárhagsstaða Háskólans til muna, og tryggt var að fjárveitingar væru í takt við nemendafjölda og virkni nemenda í námi.<sup>92</sup>

Endurskoðaður samningur var undirritaður árið 2003, en ekki tókst að tryggja að Háskólinn fengi greitt fyrir alla nemendur sem þreyta próf.<sup>93</sup> Þótt stjórnvöld greiddu samkvæmt kennslu- og þjónustusamningi var hámark á þeim fjölda nemenda sem greitt var fyrir árlega. Venjulega er notað hið tæknilega orðalag þreyttar einingar, og ríkið setti hámark á þær þreyttu einingar sem greitt var fyrir. Umreiknað í fullt nám má segja að á árunum 2000 til 2008 hafi samtals verið 41.664 nemendur í fullu námi við Háskóla Íslands, en Alþingi greiddi á fjárlögum fyrir 39.052 nemendur. Fyrstu þrjú árin eftir að kennslusamningurinn var undirritaður greiddu stjórnvöld aukalega fyrir þá nemendur sem voru umfram samninga, en síðan var því hætt. Frá þessu nýu ára tímabili var úppgerð greiðsla upp á 914 milljónir króna á verðlagi hvers árs eða greiðsla fyrir 1.676 nemendur sem Háskóli Íslands brautskráði umfram samninga. Á sama tíma hækkðu laun kennara meira en reiknilíkanið og fjárveitingar á fjárlögum gerðu ráð fyrir, og safnaði Háskólinn skuldum við ríkissjóð að upphæð 815 milljónir á sama tíma.<sup>94</sup> Ríkið gerði samning við kjarafélög um hækkun á launum en bætti þann kostnað ekki nema að hluta á fjárlögum. Páll Skúlason háskólarektor 1997–2005 orðaði viðskipti sín við ríkisvaldið þannig þegar hann leit yfir farinn veg: „Kjarni kennslusamningsins frá 1999 var sá að rekstrargrundvöllur Háskólans yrði svipaður og hjá norrænum háskólum með sambærilegt hlutverk. Það hefur ekki enn gengið eftir.“<sup>95</sup>

Annar mælikvarði til að meta framlag ríkisins til háskólanna er að skoða fjárveitingar til háskólastigsins á Íslandi á árunum 2000 til 2007 í samanburði við fjárveitingar í ríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Þá kemur í ljós að háskólastigið á Íslandi fékk að jafnaði tæp 63% af því sem veitt er til háskólastigsins hjá öðrum OECD-ríkjum. Ef aðeins væri litið til annarra ríkja á Norðurlöndum þá fengu háskólar á Íslandi jafnvel ennþá minna í sinn hlut í samanburði við þá. Sé hins vegar litið á skólakerfið í heild veita Íslendingar jafnvel heldur hærri upphæðum til menntamála á mann heldur en hin OECD-ríkin. Ísland eyddi árið 2006 um 8% af vergri landsframleiðslu í menntamál á meðan meðaltal innan OECD var 6%. Ef aðeins eru tekin ríkisútgjöld sama ár þá fóru 18% útgjalda til menntamála, en meðaltalið hjá öðrum OECD-

<sup>92</sup> HÍ. Málsnúmer: HI01010071. Samningur um kennslu til fyrsta háskólaprófs, embættisprófs og meistaraþrófs og fjárhagsleg samskipti. – *Árbók Háskóla Íslands* 2000, 39.

<sup>93</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 2003, 58.

<sup>94</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 2006, 81. – *Tölvupóstur*. Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi 22.12.2009.

<sup>95</sup> *Alhliða háskóli*, 137.

## III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.1 FRELSI MEÐ ÁBYRGÐ

**Tafla III.1 Fjárveitingar á hvern námsmann á háskólastigi á Íslandi og í öllum ríkjum OECD 2000–07**

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Ísland	7.994	7.674	8.251	8.023	8.881	9.474	8.579	9.303
OECD-meðaltal	11.108	12.319	13.343	14.598	14.027	15.559	15.791	12.907
Ísland sem hlutfall af OECD	72%	62%	62%	55%	63%	61%	54%	72%

Heimild: Vef. Education at a Glance 2000–2010. OECD Indicators OECD.  
Reiknað er í bandaríkjadollurum.

ríkjum var um 13%. Þetta þýðir jafnframt að meðalkostnaður á hvern nemanda er hærri á Íslandi en í samanburðarríkjum. Að mennta nemanda frá grunnskóla upp í háskóla kostaði 7.840 bandaríkjadali í OECD, en 8.823 dali á Íslandi.<sup>96</sup> Á Íslandi er þannig varið meira fé til leikskóla og grunnskóla en í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Hins vegar virðast þeir peningar ekki skila sér að öllu leyti til baka, því að íslenskir grunnskólanemendur stóðu sig ekki nógu vel í samanburði við jafnaldra sína erlendis á árunum 2006–09. Samkvæmt svonefndri PISA-könnun var frammi- staða 15 ára unglunga í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði ekki í réttu hlutfalli við fjárframlög til málaflöksins.<sup>97</sup> Ísland mun vera „eina ríkið innan OECD þar sem kostnaður á hvern háskólanema er lægri en kostnaður við hvern grunnskólanema“.<sup>98</sup> Víða erlendis er varið tvöfalt til þrefalt meira fé til háskólastigsins en til grunnskóla.<sup>99</sup>

Það virðist augljóst að þingmenn telja fjárveitingar til háskólastigsins síður mikilvægar, því þegar kemur að skiptingu ríkisútgjalda fá aðrir einfaldlega meira í sinn hlut. En hver er skýringin á því að Alþingi kys að verja minna fé til háskólastigsins en að jafnaði er gert meðal ríkja OECD? Ein skýring gæti verið að í samanburði við aðrar þjóðir ljúka hlutfallslega færri Íslendingar framhaldsskóla- og háskólanámi.<sup>100</sup> Þetta getur hugsanlega verið ástæða fyrir minni hvatningu frá almenningi til Alþingis að veita fé til háskóla. Al-


<sup>96</sup> *Fréttablaðið* 9. sept. 2009, 10.

<sup>97</sup> Vef. OECD. PISA 2006. Science Competencies for tomorrow's world. Volume I: Analysis. OECD 2007. – *Fréttatíminn* 3.–5. des. 2010, 54.

<sup>98</sup> Friðrik Már Baldursson, „Er sett of mikið fé í íslenska háskóla?“, 15.

<sup>99</sup> Gunnar Guðni Tómasson, „Rangar áherslur í menntamálaum“, 34.

### Myndrit III.2 Fjárveitingar og sértekjur Háskóla Íslands 1988–2010 á verðlagi 2010



Heimild: Tölur frá innri endurskoðanda Háskóla Íslands. Upphæðir eru í þúsundum króna.

Þingismenn hafa einnig lesið úr mörgum úttektum að Háskóli Íslands er vel rekin stofnun; því ekki að láta peninga í aðrar framkvæmdir fyrst Háskólinn stendur sig vel hvort sem er?

#### 7. Að bjarga sér sjálfur – sértekjur

Meginhluti tekna Háskólans eru framlög á fjárlögum frá Alþingi. Árið 1991 var 71% af rekstrartekjum Háskólans framlag ríkissjóðs, en árið 2008 var hlutfallið komið niður í 66%. Á móti lækkandi hlut ríkisins komu eigin tekjur skólans. Sértekjum Háskólans má skipta í nokkra þætti. Á rekstrarreikningi skiptast þeir í framlag Happpdrættis Háskólans, skrásetningargjöld, endurmenntun eða símenntun, erlenda styrki, innlenda styrki og aðrar sértekjur. Í rannsóknarháskólum í nágrannalöndunum er algengt að fyrir einnar krónu framlag ríkisins til grunnnáms komi önnur króna til rannsókna og doktorsnáms og þriðja krónan komi frá rannsóknarsjóðum og fyrirtækjum.<sup>101</sup> Þegar allar sértekjur Háskólans voru taldar urðu þær um þriðjungur af rekstrartekjum rannsóknarháskólans, eins og virðist regla í nágrannalöndunum og kennslu- og rannsóknarsamningurinn gerði ráð fyrir. Á myndriti III.2 má sjá hvernig þessar tekjulindir hafa þróast síðustu tvo áratugi, og er gerð grein fyrir hverjum flokki hér á eftir.

<sup>100</sup> Vef. OECD. Education at a Glance 2010, 26, 29. – Friðrik Már Baldursson, „Er sett of mikið fé í íslenska háskóla?“, 15.

<sup>101</sup> Ingjaldur Hannibalsson, „Þjónustusamningur um kennslu milli stjórvalda og Háskóla Íslands“, 7.



## III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.1 FRELSI MEÐ ÁBYRGÐ



Mikið hefur verið kvartað undan lágum fjárveitingum til Háskóla Íslands, ekki síst á síðasta áratug 20. aldar. Teikningin birtist í Stúdentablaðinu árið 2000.

Að frátöldu framlagi ríkisins á fjárlögum eru framlög frá Happraætti Háskóla Íslands skólanum mikilvægust og hafa staðið undir kostnaði við nær allar byggingar skólans frá upphafi og stóran hluta af tækja- og tölvukosti hans. Háskólinn þurfti á mörgum vígstöðvum að standa vaktina og verja hagsmuni sína og áunnin réttindi, og þar voru tekjur Happraættisins ekki undanskildar. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1990 fyrirhugaði fjármálaráðherra Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrum prófessor skólans, án samráðs, að ráðstafa 87,5 milljónum króna af 175,2 milljóna framkvæmda- og sjálfsaflafé Háskólans til byggingar Þjóðarbókhlöðu. Hann áleit það hagsmunamál fyrir Háskóla Íslands að hraða uppbyggingu bókasafnsins, og í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga sagði: „Bygging Þjóðarbókhlöðu er þannig ígildi nýbyggingar fyrir Háskólann og ekki óeðlilegt að til hennar renni tekjur af happraættisfé eins og til annarra háskóla-bygginga.“<sup>102</sup> Þessu var stjórn Háskólans algjörlega ósammála. Hún taldi að í raun stæði baráttan um Happraætti Háskóla Íslands, sem ráðherra vildi með þessu leggja undir ríkissjóð en Háskólinn vildi hafa óskoruð yfirráð yfir. Margar blaðagreinar voru ritaðar, undirskriftalistar sendir til Alþingis og ályktanir samþykktar gegn áformum fjármálaráðherra. Var m.a. bent á að sérstakur skattur hefði verið lagður á landsmenn til að ljúka við byggingu Þjóðarbókhlöðu, sem þó var gjöf frá þjóðinni til sjálfrar sín í tilefni af 1100 ára byggð í landinu.<sup>103</sup> Skatturinn var þó ekki alfarið nýttur til þess verkefnis. Sigurður V. Friðþjófsson, skrifstofustjóri Raunvísinda-deildar, orti af þessu tilefni limru:

Ég borgaði bókhlöðuskatt  
í blanka ráðherrans hatt,  
en hann var með gati  
– og „gjöfin“ í plati  
svo obbinn úr honum datt.<sup>104</sup>

<sup>102</sup> *Alþingistíðindi* 1989–90 A1, 253.

<sup>103</sup> *Morgunblaðið* 10. nóv. 1989, 2.

<sup>104</sup> *Fréttabréf Háskóla Íslands* XI:8, 9.

<sup>105</sup> *Háskóli Íslands. Framvinda og framfarir*, 31. – *Fréttabréf Háskóla Íslands* XI:9, 4–5.

<sup>106</sup> *Morgunblaðið* 22. nóv. 1989, 2.

Niðurstaðan í deilum háskólaráðs og fjármálaráðherra var staðfesting stjórnvalda á umráðarétti Háskóla Íslands yfir happraættinu eins og verið hafði, en Háskólinn varð að hluta að gefa eftir og hafði veitt fé til kaupa á húsgögnum, tölvum og hugbúnaði í Þjóðarbókhlöðu þegar hún var opnuð hinn 1. desember 1994.<sup>105</sup> Auk þess var fé veitt til tækjakaupa hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum og til Raunvísindastofnunar.<sup>106</sup> Á árunum 1990–2009 var framlag





Happdrættis Háskóla Íslands til skólans 8.415.664.477 krónur eða liðlega 8,4 milljarðar. Á sama tíma greiddi Happdrættið einkaleyfisgjald til ríkisins upp á tæplega 2 milljarða (1.994.629.132 kr.).<sup>107</sup>

Önnur atлага var gerð að sjálfsaflafé Háskólans þegar Happdrættið tók upp tölvuvæddar happdrættisvélar, eða svokallaða spilakassa, árið 1993. Happdrætti Háskólans hefur eitt happdrætta á Íslandi greitt 20% einkaleyfisgjald sem runnið hefur til bygginga rannsóknarstofnana atvinnuveganna og tækjakaupasjóðs Rannsóknaráðs. Þannig hefur það einnig byggt upp rannsóknarstofnanir sem um tíma voru í svo-nefndu Atvinnudeildarhúsi Háskólans við hlið aðalbyggingar skólans og síðustu áratugi á Keldnaholti og í húsi Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins við Skúlagötu. Í brýnu sló milli Háskólans og annarra happdrættisfélaga sem ráku slíka spilakassa. Henni lauk með sátt á árinu 1994.<sup>108</sup> Félög sem komin voru inn á happdrættismarkaðinn voru ósátt við að Háskólahappdrættið haslaði sér völl með happdrættisvélum og vildu ekki að skólinn kæmi inn á þann markað. Happdrætti Háskólans hafði um 60% af happdrættismarkaði um 1970, en árið 1993 var hlutfallið komið niður í 15–18%.<sup>109</sup> Innan skólans og úti í samfélaginu voru skiptar skoðanir um hvort afla ætti tekna með þessum hætti. Bent var á að einstaklingar færu illa út úr spilafíkn, og Háskóli Íslands ætti ekki að stuðla að henni. Háskólinn brást við með því að ráða lektor í sálfræði sem hóf rannsóknir á spilafíkn. Rektor fól jafnframt stjórn Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands að láta taka saman álit um málið. Þar kom fram að starfsemi spilakassa teldist ekki siðferðisbrot „en kunni að falla undir velsæmisbrot“.<sup>110</sup> Einn fulltrúi stúdenta í háskólaráði sagði af sér í mótmælaskyni við „lögleysu“ Háskólans eins og hann kallaði spilakassa Happdrættisins og vísaði til þess að Hæstiréttur hefði árið 1949 dæmt spilakassa ólöglega.<sup>111</sup> Yfirvöld Háskólans og Happdrættisins vildu ekki gefa þessar tekjur eftir og bentu á að það gæti valdið skólanum verulegu fjárhagstjóni ef hann missti þær.

### 8. Innlendir styrkir

Innlendum styrkjum sem starfsmenn skólans hafa aflað hefur fjölgað verulega á umliðnum tveimur áratugum. Árið 1991 voru þeir um 113 milljónir króna eða 5% af tekjum Háskólans, en árið 2008 voru þeir komnir í um 949 milljónir eða 9% af rekstrartekjum ársins. Auk þess að fá styrki úr samkeppnissjóðum eins og sjóðum

<sup>107</sup> *HHÍ*. Minnisblað frá Ölmú Jónsdóttur, fjármálastjóra *HHÍ*, til höfundar 6.05. 2010. – *Árbók Háskóla Íslands* 1989–2000.

<sup>108</sup> *Vef*. Alþingi. Frumvarp til laga um breyting á lögum um happdrætti Háskóla Íslands. Lög nr. 77/1994 um Happdrætti Háskóla Íslands.

<sup>109</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1991–94, 56.

<sup>110</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1991–94, 206–07.

<sup>111</sup> Ásgeir Ólafur Pétursson, „Tek ekki þátt í lögleysu“, 13.



## III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.1 FRELSI MEÐ ÁBYRGÐ



*Háskólamenn börðust gegn því að tekið yrði af happdrættisfé til að ljúka byggingu Þjóðarbókhliðu. Ekki verður því samt neitað að sameining Landsbókasafns og Háskólabókasafns í Þjóðarbókhliðu, árið 1994, var mikið framfaraskref í rannsóknaraðstöðu og lesaðstöðu í Háskólanum.*

Rannsóknarráðs koma margvíslegir styrkir til Háskólans frá fyrirtækjum, öllum ráðuneytum, opinberum stofnunum, félagasamtökum og einkaaðilum. Stærstu styrkirnir koma frá Rannsóknarsjóði og Tæknisjóði Rannsóknarráðs.<sup>112</sup> Árið 1995 fengu starfsmenn Háskólans og tengdra stofnana tæpan helming þeirrar styrkfjárhæðar sem Vísindasjóður veitti. Frá því Rannsóknarráð Íslands var sett á laggirnar árið 1995 hefur hlutfall styrkja sem komið hafa í hlut starfsmanna Háskóla Íslands farið hækkandi. Á árunum 2004–09 fékk Háskólinn 61% af úthlutunum Rannsóknarsjóðs.<sup>113</sup> Á síðustu árum voru ýmsir innlendir rannsóknarsjóðir eflir, svo sem sjóðir Rannsóknarráðs og Kristnihátíðarsjóður. Fyrirtæki hófu í meira mæli að veita styrki á tímum góðæris á árunum 2000–07, og naut Háskóli Íslands góðs af því.

Háskólinn hefur lengi fengið framlög frá öðrum ríkjum til að halda uppi tungumálakennslu. Það er alþekkt að erlend ríki styrki háskóla þannig með fjárframlögum, og er íslenska ríkið ekki undanskilið. Í rektorstíð Sigmundar Guðbjarnasonar (1985–91) var lögð aukin áhersla á samstarf milli Háskóla Íslands og atvinnulífs landsmanna. Sigmundur sagði í afmælisriti Stúdentafélags Reykjavíkur árið 1986: „Nú er runnið upp skeið þekkingariðnaðar þegar þekkingin er alþjóðleg markaðsvara, eftirsótt og þá verðmæt og verðlögð sem slík. Eftirsókn eftir nýrri þekkingu og hagnýtingu þekkingar leiðir því til þeirra stofnana sem hafa það hlutverk að varðveita og miðla þekkingu og afla

<sup>112</sup> *Rannís-blaðið* I:1, 4.

<sup>113</sup> *Tölvupóstur*. Magnús Lyngdal Magnússon, deildarstjóri Rannís 8.02.2010.



nýrrar þekkingar, þ.e. til háskóla.<sup>114</sup> Háskólinn átti að láta atvinnulífina í té sérþekkingu á mörgum sviðum og „stuðla að því að nýjum atvinnugreinum verði komið á fót, þó einkum á sviði hátækni“.<sup>115</sup> Í þessum samstarfsanda gerðu Íslenska járnblendifélagið á Grundartanga og Háskóli Íslands samning um að fyrirtækið greiddi frá árinu 1989 til fimm ára fyrir prófessorsstöðu í eðlisfræði. Kennarinn leiðbeindi nemendum í framhaldsnámi með verkefni sem voru á starfssviði verksmiðjunnar.<sup>116</sup> Sveinbjörn Björnsson háskóla- rektor (1991–1997) hafði þessi ummæli um verkefnið: „Reynsla af þeirri stöðu var til fyrirmyndar, og lítil vafi lék á því, að fleiri slíkar tímabundnar stöður gætu orðið mikilvæg lyftistöng fyrir rannsóknir á nýjum fræðasviðum.“<sup>117</sup> Meðal annars fyrir jákvæða niðurstöðu úr þessari samvinnu jókst á tífunda áratug 20. aldar samstarf við fyrirtæki og stofnanir sem veittu fé til Háskólans til að stofna til kennslu eða rannsókna á ákveðnum sviðum. Þetta var í samræmi við stefnu sem þá gekk í samfélaginu að tengja ætti skóla og atvinnulíf traustari böndum.<sup>118</sup> Þó að gjarnan sé talað um atvinnulífið þá reyndust það í meira mæli vera opinberar og hálfopinberar stofnanir sem gerðu fjölda samninga við Háskóla Íslands um samstarf, en einkafyrirtæki voru seinni til. Félag heimilislækna greiddi frá 1990 fyrir prófessorsstöðu í heimilislækningum í tvö ár. Síðar tók skólinn það nám upp á sinn eyk og fékk fyrirtæki og stofnanir til að styðja verkefnið, og hefur námsgreinin átt fastan sess í kennsluskrá deildarinnar síðan þá.<sup>119</sup> Í tilefni af 60 ára afmæli Tryggingastofnunar ríkisins ákvað stofnunin árið 1996 að greiða stöðu rannsóknarprófessors í Læknadeild í fimm ár. Rannsóknarprófessorinn átti meðal annars að auka þekkingu á almannatryggingum með kennslu og rannsóknum. Einnig var gert samkomulag við Félagsvísindastofnun um rannsóknarverkefnið Almannatryggingar og velferð á Íslandi.<sup>120</sup> Í ljósi þess að reglulega hafa orðið náttúruhamfarir með miklum mannsköðum af völdum óveðurs þá óskaði Veðurstofa Íslands í september 1997 eftir samstarfi um menntun og rannsóknir á sviði veðurfræði. Veðurfræði var lengi ein af fáum námsgreinum sem ekki var unnt að leggja stund á hér á landi. Hefur það verið talin ein af ástæðum þess að veðurfræðingum hefur ekki fjölgað hratt. Magnús Jónsson veðurstofustjóri orðaði það svo, „að nýliðun í hópi veðurfræðinga væri jafnvel verri en hjá þorskstofninum“.<sup>121</sup> Ákveðið var að ráða dósent í veðurfræði frá 1. janúar 1998, og mun hafa verið auðveldara að ráða menntaða starfsmenn á Veðurstofuna eftir það.<sup>122</sup>

<sup>114</sup> Sigmundur Guðbjarnason, „Háskóli Íslands og atvinnulífið“, 20–23.

<sup>115</sup> Þórir Kr. Þórðarson, „Frá embættismannaskóla til vísindaseturs“, 14.

<sup>116</sup> Þorsteinn I. Sigfússon, „Rannsóknir á kísiljárn“, 43.

<sup>117</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 298–99.

<sup>118</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1991–94, 33.

<sup>119</sup> *HÍ*. Fundargerð háskólaráðs 22. feb. 1990. – *Árbók Háskóla Íslands* 1989–91, 161.


<sup>120</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 268.

<sup>121</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 269.

<sup>122</sup> *Víðtal*. Magnús Jónsson, fv. veðurstofustjóri 20.11.2009.

## III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.1 FRELSI MED ÁBYRGÐ

*Háskólinn hefur fengið margar góðar gjafir sem hafa komið sér vel í þröngum fjárhag. Í desember 1993 gaf Íslenska álfélagið honum skammtamæli eða litrófsgreini fyrir föst efni, tæki sem kostaði milljónir króna. Hér afhendir Rannveig Rist gjöfina en Einar H. Guðmundsson, formaður Eðlisfræðiskorar, tekur við henni.*



## Ísal færir Háskólanum gjöf

Íslenska álfélagið færði í gær Háskóla Íslands veglega gjöf. Um er að ræða svokallaðan skammtamæli eða litrófsgreini fyrir föst efni. Verðmæti gjafarinnar skiptir milljónum króna.

Það var eðlisfræðiskor skólans sem fékk gjöfina þar sem mælirinn verður notaður við kennslu og rannsóknir. Meðfylgjandi mynd var tekin við afhendingu tækisins, en það var Rannveig

Rist, deildarstjóri framleiðslu og umhverfiseftirlitsdeildar álversins sem afhenti gjöfina, en Einar H. Guðmundsson, formaður eðlisfræðiskorar, veitti henni móttöku. *Tímamynd Árni Bjarna*

Tölvufyrirtækið Hugvít greiddi hálfa stöðu lektors í skjalastjórn við Félagsvísindadeild, Þjóðskjalasafn Íslands greiddi fyrir hálfa stöðu lektors á sviði skjalavörslu í Heimspékideild, Utanríkisráðuneytið greiddi fyrir stöðu prófessors í sagnfræði, Landsbanki Íslands greiddi fyrir lektorsstöðu í menningarmiðlun, Seðlabanki Íslands fyrir kennaraembætti í peningamálahagfræði og Kaupþing fyrir prófessors-embætti í fjármálafræði í Viðskipta- og hagfræðideild. Þjóðkirkjan greiddi fyrir hlutastöðu í litúrgískum fræðum og síðar sálgæslu. Landssamband íslenskra útvegsmanna borgaði í áráraðir fyrir lögfræðing við Lagastofnun sem var áhugasamur um kvótakerfið. Þá eru aðeins taldir nokkrir af þeim fjölmörgu samningum sem gerðir hafa verið milli Háskólans og utanaðkomandi aðila. Á árunum eftir 2000 voru undirritaðir á fimmta tug samninga um samstarf af þessu tagi þar sem fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög og jafnvel einstaklingar greiddu fyrir kennarastöla við Háskóla Íslands.<sup>123</sup> Árið 2009 var greitt fyrir tæplega 20 stöðugildi af utanaðkomandi aðilum og eru störf kennara í

<sup>123</sup> *Tölvupóstur.* Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi 20.11.2009.

erlendum tungumálum um helmingur þeirra. Ný tungumál sem þannig hafa bæst við á síðustu áratugum eru ítalska, japanska, kínverska og rússneska. Árið 2009 voru 16 kennarastólar í íslensku við jafnmarga erlenda háskóla styrktir af íslenskum stjórnvöldum. Flestir kennaramir voru í fullu starfi, en heildargreiðslur Íslands voru um 23 milljónir króna eða sem svaraði um fjórum lektorsstöðum. Á hvert sækja á annað þúsund stúdentar námskeið í íslensku við erlenda háskóla, en kennsla í íslensku fyrir útlendinga er smám saman að færast á vefinn. Daglega litu hundruð manna víða að úr heiminum inn á síðuna Icelandic Online sem hefur hlotið rannsóknarstyrki og nýtur vaxandi vinsælda.<sup>124</sup>

Bent hefur verið á að háskólar þurfi að fara varlega í að þiggja fjárstyrki frá utanaðkomandi aðilum, því að greiðendur geti átt til að hætta styrkveitingum fyrirvaralítið eða „háskólinn kunnir að vanrækja meginhlutverk sitt sem vísinda- og kennslustofnun er veiti aðhald og gagnrýni á flestum sviðum þjóðlífsins“.<sup>125</sup> Málið snýst ekki síður um sjálfstæði eins og Leó Kristjánsson vísindamaður lýsti árið 1987: „Of nán tengsl við einstök svið atvinnulífs eða stjórnsýslu geta einnig haft í för með sér þá hættu, að háskóli glati hluta af því sjálfstæði og trausti sem honum er oft ætlað að hafa sem óbundinn umsagnar- og matsaðili í þjóðfélaginu.“<sup>126</sup> Þessar raddir urðu háværi eftir fjármálakreppu Íslands haustið 2008, og var meðal annars bent á að þeir sem vildu styrkja skólann gætu lagt peninga í sjóði hans og hann síðan ráðstafað þeim eftir eigin forgangsröð.<sup>127</sup> Sú tillaga er ekki gallalaus því að styrkjendur vilja gjarnan ráða í hvað peningarnir fara.

### 9. Erlendir styrkir

Erlendir styrkir eru sá hluti sértekna Háskólans sem hlutfallslega hefur aukist mest síðastliðna tvo áratugi. Árið 1991 voru þeir 34 milljónir króna eða 1,5% af tekjum skólans, en árið 2008 voru þeir orðnir 672 milljónir og um 6% af rekstrartekjum.

Á síðustu þremur áratugum hafa erlend samskipti og samstarf háskólakennara og vísindamanna smám saman aukist. Stærri og dýrari rannsóknarverkefni kalla á aukna samvinnu, jafnvel milli landa. Með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu árið 1994 opnuðust áður óþekktir möguleikar á styrkjum frá erlendum aðilum til Íslands og þar með til starfsmanna Háskóla Íslands. Ísland greiðir ákveðnar upphæðir fyrir aðild sína að sjóðum Evrópusambandsins og á þar með rétt á að sækja í þá.<sup>128</sup> Á haustþingi Rannís 2010 sagði

<sup>124</sup> *Viðtal og tölvupóstur.* Úlfar Bragason, rannsóknarprófessor við Stofnun Árna Magnússonar 12.02.2010.

<sup>125</sup> Sigmundur Guðbjarnason, „Háskóli Íslands og atvinnulífið“, 20.

<sup>126</sup> Leó Kristjánsson, „Hugleiðingar um aðstöðu til rannsókna í raunvísindum á Íslandi“, 26–27.

<sup>127</sup> Sigurjón Þórðarson, „Háskólinn og hrunið“, 28. – *Vef. RÚV.* Fréttastofa RÚV fjallaði um málið í morgunþætti sínum 5.–7. jan. 2010. – *Fréttabréf Háskóla Íslands* XXII:3, 6–11.

<sup>128</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 1994–97, 297–98.





## III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.1 FRELSI MEÐ ÁBYRGÐ

mennta- og menningarmálaráðherra: „Hingað til höfum við fengið meira fé út úr þessum ráðahag en við leggjum í búið.“<sup>129</sup> Nam upphæðin um 10 milljörðum króna á einum og hálfum áratug. Á árunum 1994–2004 höfðu íslenskir aðilar tekið þátt í á nýnda hundrað verkefna. Ríflega þriðjungur þeirra hefur leitt til styrkja, sem er betri árangur en að meðaltali í rannsóknaráætlunum ESB.<sup>130</sup> Erlendu styrkirnir eru að mestu til rannsókna og koma aðallega úr rannsóknarsjóðum Evrópusambandsins eða frá Evrópska rannsóknarráðinu (e. *European Research Council*, ERC). Árið 2007 námu styrkir frá Evrópusambandinu 358 milljónum króna eða 78% af erlendum styrkjum það árið.<sup>131</sup>

Í samningi um kennslu og rannsóknir við Menntamálaráðuneytið árið 2007 voru sett markmið um árangur í rannsóknum og samið um samsvarandi vaxandi fjárveitingar til rannsókna.<sup>132</sup> Samningarnir hafa hvatt til rannsókna eins og sagt er frá í kafla um fjármögnun framhaldsnáms og rannsókna (III.5.9).

Hrafnhildur Ragnarsdóttir prófessor svaraði því hvers virði hið alþjóðlega samstarf um rannsóknir væri:

Við höfum allt í senn fjárhagslegan, faglegan og félagslegan ávinning. Það gerir okkur kleift að taka þátt í rannsóknum sem enginn möguleiki væri á að við réðum við ein hér í okkar litla samfélagi. Faglega og félagslega er þetta samstarf eins og lífæð. Ísland væri ekki það menningarland sem það er hefði það ekki á öllum tímum fengið andlega og menningarlega næringu í gegnum víðtæk tengsl við umheiminn. Þetta á ekki síður við um vísindastörf í nútímanum. Ég get ekki ímyndað mér hvernig akademískt líf fræðimanns á Íslandi væri ef klippt væri á þessa lífæð.<sup>133</sup>

Erlendir styrkir í rekstrarreikningi Háskóla Íslands eru heldur hærri en sem nemur greiðslum til Háskóla Íslands eingöngu. Þannig fer allt bókhald Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins og Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands í gegnum bókhald Háskólans, enda eru þær stofnanir reknar á vegum hans og samningar um rekstur þeirra við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Hins vegar njóta fleiri skólar þjónustu þeirra en Háskóli Íslands. Á árunum 2006–09 fóru liðlega 55% af Erasmus-styrkjum til nemenda og kennara Háskóla Íslands, eftirstöðvarnar fóru til annarra skóla.<sup>134</sup> Alþjóðaskrifstofan

<sup>129</sup> Vef. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Ræða ráðherra á haustþingi Rannís 2010, Frá rannsóknum til nýsköpunar.

<sup>130</sup> Ágúst H. Ingbórsson, „Íslendingum hefur gengið býsna vel“, 10.

<sup>131</sup> Tölvupóstur. Sigurður J. Hafsteinsson fjármálastjóri 21.12.2009.

<sup>132</sup> HÍ. Málsnúmer: HI07030001. Samningur menntamálaráðuneytis og Háskóla Íslands um kennslu og rannsóknir 2006–2011. – HÍ. Málsnúmer: 99100014. Samningur milli Háskóla Íslands og Menntamálaráðuneytisins um rannsóknir á grundvelli laga nr. 136/1997 um háskóla, 4. gr. liður 5.

<sup>133</sup> Hrafnhildur Ragnarsdóttir, „Milljarðaverkefni henta illa hug- og félagsvísindum“, 17.

<sup>134</sup> Tölvupóstur. Rúna Vigdís Guðmarsdóttir, verkefnisstjóri Alþjóðaskrifstofu 15.01.2010.





*Samningsbundið samstarf við stofnanir innan lands og utan hefur orðið veigamikill hluti af starfsemi Háskóla Íslands síðustu áratugi. Hér takast þau í hendur rektor Fróðskaparseturs Færeyja, Jóan Pauli Joensen, og Kristín Ingólfsdóttir rektor eftir að hafa undirritað samning fyrir hönd stofnana sinna. Samningurinn felur meðal annars í sér samvinnu um námsfni, starfsmanna- og stúdentaskipti, útgáfu, rannsóknarverkefni og ráðstefnur.*

hefur umsjón með styrkjum sem ætlaðir eru til að auka samskipti nemenda og kennara milli landa. Hún hefur í áraraðir úthlutað styrkjum vegna Erasmus-, Comeniusar-, Sókratesar- og Nordplus-stúdentaskipta, en það eru heiti á áætlunum sem unnið hefur verið með.<sup>135</sup> Rannsóknþjónustan hefur frá 1995 haft umsjón með landsskrifstofu Leonardo, sem sér um að úthluta styrkjum í starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins. Fjöldi starfsmanna Rannsóknþjónustu Háskólans hefur á umliðnum árum starfað við að kynna rammaáætlanir Evrópusambandsins og aðstoða starfsmenn Háskólans við umsóknir, og oft ber vel í veiði eins og fyrrnefndar tölur sýna.<sup>136</sup>

### 10. Aðrar sértekjur

Árið 1991 voru aðrar sértekjur Háskóla Íslands 171 milljón króna eða 7,5% af tekjum Háskólans, og árið 2008 jukust þær lítillega, voru 856 milljónir eða 8% af rekstrartekjum ársins. Undir þennan tekjuflokk falla allar tekjur stofnana Háskólans og aðrar tekjur. Þannig fer bókhald allra stofnana Háskólans í gegnum miðlægt bókhald að frátöldum stofnunum á Landspítala og fjórum háskólastofnunum sem allar hafa sjálfstæðan fjárhag og sérstakar fjárveitingar á fjárlögum. Þetta eru Árnastofnun, Raunvísindastofnun, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og Háskólabókasafn. Þær eru þó í nánum tengslum við Háskólann, og forstöðumenn

<sup>135</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 2000, 40.

<sup>136</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 2008, 275.

## III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.1 FRELSI MEÐ ÁBYRGÐ

á Keldum og Árnastofnun eru jafnframt prófessorar á viðeigandi fræðasviðum.

Stofnanir Háskólans sem heyrðu undir hann með sitt bókhald árið 2009 voru liðlega 45 talsins. Mikill munur er á stærð og umfangi rekstrar hjá þessum rannsóknar- og þjónustustofnunum. Sumar eru með tugi starfsmanna á föstum launum, aðrar verkefnaráða fólk til lengri eða skemmri tíma. Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði sér til dæmis um umfangsmiklar þjónusturannsóknir fyrir opinbera aðila, og þar hafa að jafnaði starfað um 20 manns. Margar stofnanir byggja starfsemi sína á rannsóknarstyrkjum og stuðningi frá utanaðkomandi aðilum. Aðrar stofnanir sem hafa verið með á annan tug starfsmanna í vinnu og velt meira en 100 milljónum árlega voru Líffræðistofnun, Félagsvísindastofnun, Hagfræðistofnun og Viðskiptafræðistofnun. Starfsemi stofnana getur verið umfangsmikil í nokkur ár en dregist svo saman þegar verkefnum er lokið. Kerfisverkfræðistofa Verkfræðistofnunar vann til dæmis að hönnun á sjálfvirku tilkynningarkerfi fyrir skipaflotann í samvinnu við Slysavarnafélagið og þróaði ratsjargagnavinnslukerfi fyrir Flugmálastjórn, og krafðist það mikils mannafla meðan á því stóð. Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði er einnig með um tíu starfsmenn í vinnu, og hafa þeir óþrjótandi verkefni, en þeir fluttu starfsemi sína af háskólasvæðinu og austur á Selfoss til að geta verið nálægt hinum stóru Suðurlands-skjálftum. Viðskiptafræðistofnun tók að sér að halda utan um MBA-nám og BS-nám með vinnu, og helgast tekjur hennar af því.

Lögmannafélagið, Verslunarráð Íslands og fleiri aðilar gerðu á tíunda áratug 20. aldar athugasemdir við að kennarar og stofnanir Háskólans væru í samkeppni við fyrirtæki á almennum markaði.<sup>137</sup> Farið var yfir alla rekstrarþætti með Samkeppnisstofnun og gerð skýr grein fyrir því að Háskóli Íslands niðurgreiddi ekki samkeppnisrekstur. Margar stofnanir skólans vísa ítrekað frá verkefnum sem eru á almennum viðskiptagrunni og hafa ekki fræðilega skírskotun til verkefna sem unnin eru við Háskóla Íslands. Háskólinn hefur hins vegar oft hag af því að sérfræðingar hjá stofnunum sinni rannsóknum sem opinberar stofnanir og einkafyrirtæki óska sérstaklega eftir að Háskólinn annist. Sérfræðingar á stofnunum skólans sjá jafnframt um kennslu á afmörkuðum fræðasviðum og taka þátt í rannsóknum með kennurum. Talinn er mikill fengur að því að sérfræðingar skólans geti þannig miðlað niðurstöðum úr nýjustu rannsóknum til nemenda skólans. Rannsóknarstofnanir Háskólans greiða 10%

<sup>137</sup> *Morgunpósturinn* 3. nóv. 1994, 8.



Frá velmektardögum hinna auðugu einstaklinga. Mynd úr Stúdentablaðinu árið 2004.

aðstöðugjald á útselda þjónustu í Rannsóknasjóð Háskóla Íslands, sem var stofnaður 1982, og síðan er þeim tekjum úthlutað aftur til frjálsrar rannsóknarstarfsemi.<sup>138</sup>

### 11. Styrktarsjóðir Háskólans

Auk ofangreindra tekna njóta Háskólinn, nemendur hans og vísindamenn góðs af ýmsum sjóðum í eigu skólans. Flestir sjóðanna hafa verið gefnir af einstaklingum eða félagasamtökum. Algengt er að þeir séu minningargjafir um látna ástvini til styrktar efnilegum námsmönnum eða eflingar rannsókna á ákveðnum sviðum. Á hálftrar aldar afmæli Háskólans voru sjóðir í vörslu skólans liðlega 50 talsins,<sup>139</sup> en við árslok 2009 voru þeir tæplega 90. Verðbólga lék sjóðina grátt á síðari hluta 20. aldar, og má telja sennilegt að það hafi valdið því að færri stofnuðu minningarsjóði við Háskóla Íslands en áður hafði verið. Undir lok 20. aldar tókst að snúa taflinu við, og ávöxtun sjóða gaf vel af sér. Á síðustu tveimur áratugum hafa verið lagðir til Háskólans sterkir sjóðir, svo sem Eggertssjóður (1982), Þórsteinssjóður (2006) og Styrktarsjóður Toshizo Watanabe (2008). Auk þess hefur verið bætt í Styrktarsjóð Bents Scheving Thorsteinsonar og aðra sjóði.

Stærsti styrktarsjóður skólans var Háskólasjóður hf. Eimskipafélags Íslands, sem stofnaður var til minningar um þá Vestur-Íslendinga sem hlut áttu að stofnun Eimskipafélagsins. Eign hans var

<sup>138</sup> Háskóli Íslands. *Framvinda og framfarir*, 122–23.

<sup>139</sup> Guðni Jónsson, *Saga Háskóla Íslands*, 251–69.



## III. RANNSÓKNARHÁSKÓLINN – III.1 FRELSI MEÐ ÁBYRGÐ

*Skjalasafn Háskóla Íslands gæti myndskreytt heila bók sæmilega með myndum frá styrkveitingum. Hér er valin úthlutun úr Styrktarsjóði Margaret og Bent Scheving Thorsteinssonar árið 2010 þegar sjóðurinn veitti Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumál-efni styrk til rannsókna á einelti gegn börnum á Íslandi. Bent Scheving Thorsteinsson situr fyrir miðri mynd, en Margaret kona hans stendur vinstra megin við hann með blómvönd í höndum.*



lengi vel vaxandi hlutur í Eimskipafélagi Íslands, en æðstu stjórnendur félagsins fóru með stjórn sjóðsins. Með samkomulagi við eigendur Eimskipafélagsins var fjárfestingarstefnu sjóðsins breytt og umsjón hans falin Landsbréfum, dótturfélagi Landsbanka Íslands. Í stjórn sjóðsins sátu æðstu stjórnendur Landsbankans. Í viljayfirlýsingu Björgólfs Thors Björgólfssonar, formanns stjórnar Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands, og Páls Skúlasonar háskólarektors í febrúar 2005 kom fram að „stjórn sjóðsins stefndi að breytingu á eignarsamsetningu sjóðsins á næstu þremur árum frá undirritun yfirlýsingarinnar, þannig að eignir hans yrðu varðveittar með það að markmiði að áhætta og sveiflur yrðu lágmarkaðar og ávöxtun háværkuð“.<sup>140</sup> Eimskipafélagssjóðurinn stækkaði ört í góðæri fyrstu árin eftir breytinguna en tapaði einum milljarði króna, þriðjungu af eignum sínum, við fall bankanna árið 2008.<sup>141</sup> Ef sjóðurinn hefði verið geymdur í hlutabréfum Eimskipafélagsins væri staða hans jafnvel ennþá verri. Háskólasjóður Eimskipafélagsins hefur veitt doktorsnemum góðan stuðning. Samtals úthlutuðu styrktarsjóðir Háskólans tæpum 700 milljónum króna úr sjóðum sínum á árunum 2006–08.<sup>142</sup> Fjallað er um fleiri sjóði í kafla III.5.9 Fjármögnun framhaldsnáms og rannsókna.

Tveir gamalgrónir og mikilvægir sjóðir Háskólans voru lagðir niður á fyrstu árum 21. aldar, Almanakssjóður og Háskólasjóður.<sup>143</sup> Í þeirra stað fékk skólinn beinar fjárveitingar á fjárlögum.

<sup>140</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 2005, 83.

<sup>141</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 2008, 103, 101.

<sup>142</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 2008, 103, 101.

<sup>143</sup> Árið 2003 er fyrsta heila árið þar sem framlög koma ekki í Háskólasjóð.



Almanakssjóður hafði fengið tekjur sínar af dagatölum sem gefin voru út eða seld á landinu. Leyfi Almanakssjóðs, sem var frá 1921, var talið óheimil skattheimta og var afturkallað með lögum. Háskólasjóður fékk í sinn hlut sóknargjöld einstaklinga sem stóðu utan trúfélaga. Eftir því sem þessi hópur stækkaði þegar leið á vænkaðist hagur sjóðsins og þar með Háskólans. Það hafði verið þyrnir í augum aðila utan skólans að Háskólinn nyti góðs af þessum greiðslum, og því var ákveðið að hann fengi þess í stað beinar fjárveitingar til að vega upp á móti tekjutapi. Því miður skiluðu þær tekjur sér ekki eins vel, og þannig urðu þessir sjóðir til dæmis af 90 milljóna króna greiðslu árið 2004.<sup>144</sup>

Á aldarafmælishátíð Háskólans í Hörpu 8. október 2011 tilkynnti Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra að stjórnvöld áformuðu að leggja 1,5 milljarð króna í Aldarafmælistjóð Háskóla Íslands fram til ársins 2014. Um leið var stefnan sett á að árið 2016 yrðu tekjur Háskólans sem næst meðaltali tekna á hvern stúdent í háskólum í ríkjum OECD, en á síðustu árum hefur vantað um 30–40% til að ná þeim samjöfnuði eins og áður hefur verið rakið. Ríkið fyrirhugar að leggja fram tvo þriðju þess fjár sem til þarf, og Háskólinn sjálfur mun reyna að afla þess sem upp á vantar með sókn í alþjóðlega rannsóknarsjóði. Árið 2020 er síðan gert ráð fyrir að tekjur skólans verið þær sömu og meðaltekjur háskóla annars staðar á Norður-löndum, en í þeim félagsskap hefur skólinn verið hálfdrættingur.<sup>145</sup>

<sup>144</sup> *Árbók Háskóla Íslands* 2008, 95. – *Árbók Háskóla Íslands* 2004, 72.

<sup>145</sup> Vef. HÍ. Aukin framlög til að efla rannsóknir og nýsköpun. Sótt 17.10. 2011.